



**NORÐAUSTURVEGUR (85) UM BREKKNAHEIÐI,
LANGANESVEGUR - VATNADALUR
Í LANGANESBYGGÐ**



**MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM
FYRIRSPURN UM MATSSKYLDU**



MAÍ 2023

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Markmið og tilgangur	1
1.2 Matsskylda og leyfisveitingar	1
2. Staðhættir	3
3. Framkvæmdalýsing	6
3.1 Lagnir og girðingar	7
3.2 Efnispörf	7
3.3 Vinnubúðir og mannafl	8
4. Skipulag og vernd	8
4.1 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027	8
4.2 Verndarsvæði	10
5. Mat á umhverfisáhrifum	10
5.1 Landnotkun	10
5.2 Ásýnd	10
5.3 Gróður og jarðvegur	11
5.4 Fuglar	14
5.5 Samfélag	15
5.6 Fornleifar	15
6. Niðurstaða	19
7. Heimildir	20
Viðauki 1 – Gróður	1
Viðauki 2 – Fuglalíf	1
Viðauki 3 – Fornleifar	2
Viðauki 4 - Forhönnunarteikningar	3

1. Inngangur

Vegagerðin áformar lagningu nýs 7,6 km vegar um Brekknaheiði í sveitarfélaginu Langanesbyggð (**mynd 1.1**). Til stendur að byggja nýjan Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði, frá vegamótum Langanesvegur (869) og Norðausturvegar, sunnan Þórshafnar, að núverandi slitlagsenda í Vatnadal og Brekknaheiði.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdir hefjist vorið 2023 og verklok verði í september 2024.

1.1 Markmið og tilgangur

Meginmarkið framkvæmdarinnar er að bæta umferðaröryggi og samgöngur á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar. Það er meðal annars gert með sterkari og breiðari vegi með bundnu slitlagi, bættum sjónlengdum og öruggari hliðarsvæðum. Núverandi vegur stenst ekki kröfur til burðarþols. Með endurbættum vegi verða kröfur um umferðaröryggi og greiðfærni vegar betur uppfylltar.

1.2 Matsskylda og leyfisveitingar

Fyrirhuguð framkvæmd fellur undir tölulið 10.08 í viðauka 1 í lögum nr. 111/2021, en í honum er kveðið á um að „lagning nýrra vega eða enduruppbygging eða breikkun vega utan þéttbýlis sem ekki eru tilgreindir í tölul. 10.06 eða 10.07 sem eru a.m.k. 5 km“ kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Því þarf að meta með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati. Framkvæmdir eru einnig fyrirhugaðar á verndarsvæðum, þær verða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum og raska votlendi sem nýtur verndar 61. gr. laga um náttúruvernd, sbr. iii. lið 2. tl. 2. viðauka.

Fyrirhuguð framkvæmd er háð eftirfarandi leyfum:

- Framkvæmdaleyfi Langanesbyggðar samkvæmt 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi.
- Starfsleyfi fyrir tímabundna aðstöðu, t.d. verktakaaðstöðu og starfsmannabúðir frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra skv. 5. gr reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Sækja þarf um starfsleyfi heilbrigðiseftirlits ef mötuneyti verður sett upp í tengslum við framkvæmdina samkvæmt ákvæðum matvælalaga nr. 93/1995.

Ef raska þarf fornminjum þarf að afla leyfis Minjastofnunar Íslands skv. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Vegagerðin mun afla allra nauðsynlegra leyfa. Framkvæmdir munu hefjast þegar fjárveiting fæst og öll tilskilin leyfi liggja fyrir. Vegurinn er með fjárveitingu á samgönguáætlun.



Mynd 1.1 Yfirlitsmynd yfir fyrirhugaða endurbyggingu (gul lína) Norðausturvegar (85) um Brekknaheiði. Á myndinni má einnig sjá námur og efnistökuastaði meðfram veginum (drapplituð svæði).

2. Staðhættir

Brekkaheiði liggur milli Lónafjarðar og Finnaafjarðar. Á Brekkaheiði er landslag fremur einsleitt, þar eru blautar og grösugar mýrar en á milli þeirra eru lágir ásar og grýttar hæðir.


Norðausturvegur (85) er stofnvegur og er veghelgunarsvæði hans 60 m breitt og nær 30 m frá miðlínu til hvorrar handar. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði liggur hann frá vegamótum Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869), skammt sunnan við þéttbýlið á Þórshöfn, til austurs upp á Brekkaheiði, að slitlagsenda við Vatnadal. Framkvæmdakaflinn er um 7,6 km langur, mjór malarvegur og víða með bröttum vegfláum. Í Vatnadal (sjá mynd 1.1) eru skil í veginum þar sem slitlag tekur við og hefur verið lagt í átt að Finnafirði.

Myndirnar hér á eftir sýna dæmigert umhverfi vegarins á völdum stöðum (**myndir 2.1–2.5**). Eins og sjá má er vegurinn holóttur, mjór og á köflum leirkenndur. Meðfram veginum er fjölbreyttur gróður sem samanstendur af túnum, mólendi og votlendi.


Á myndum 2.4 og 2.5 má sjá dæmigert umhverfi þar sem vegurinn mun liggja í nýju vegstæði.



Mynd 2.1 Núverandi Norðausturvegur (85) um Brekkaheiði. Mynd tekin rétt við vegamót vegarins við Langanesveg (Fjarðarveg) í átt að Lónafirði. Sjá má glitta í Þórshöfn til hægri á mynd.



Mynd 2.2 Núverandi Norðausturvegur (85) um Brekknáheiði. Horft í átt að Gunnólfsvíkurfjalli (hægra megin) og Hlíðólfsfjalli (vinstra megin). Vatnadalur fyrir miðri mynd.



Mynd 2.3 Núverandi Norðausturvegur (85) um Brekknáheiði. Keyrt upp heiðina frá Þórshöfn.



Mynd 2.4 Tún, bæði í notkun og í órækt, þar sem fyrirhuguð ný vegamót Langanesvegur og Norðausturvegar (85) munu liggja.



Mynd 2.5 Dæmigert umhverfi sem nýtt vegstæði mun liggja um. Á þessu svæði mun nýr vegur í nýju vegstæði tengjast inn á vegstæði núverandi vegar. Á þessu svæði eru fjalldrapamóavist og starungsmýrarvist einkennandi vistgerðir skv. vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands.

3. Framkvæmdalýsing

Núverandi Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði er lítið uppbyggður, mjór malarvegur og mjög brattur á köflum. Ekki eru brýr á veginum en í honum eru nokkur ræsi. Stærsta ræsið er í Gunnlaugsá, um 1,6 m í þvermál.

Framkvæmdin er 7,6 km löng. Núverandi vegur verður endurbyggður á samtals 1,3 km löngum kafla en á um 6,3 km löngum kafla mun hann liggja í nýju vegstæði, sjá **töflu 3.1**.

Tafla 3.1 Yfirlit yfir skiptingu á heildaruppbyggingu nýs 7,6 km vegstæðis.

Tegund vegar	Vegalengd
Endurbygging núverandi vegar	1,3 km
Nýbygging Norðausturvegar	6,3 km

Framkvæmdin felur í sér að vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869) við Þórshöfn færast um 140 m til suðurs frá núverandi legu.

Nýr vegur verður 7 m breiður með 6,8 m breiðu bundnu slitlagi. Breidd vegsvæðis¹ verður 15 m til beggja handa frá miðlínu vegar, eða samtals 30 m breitt. Hönnunarhraði verður 90 km/klst. og vegflái í vegköntum yfirleitt 1:3. Flái skeringa verður víðast 1:3 en 4:1 í klapparskeringum. Gert er ráð fyrir að hraði umferðar á Norðausturvegi (85) um Brekknaheiði verði tekinn niður í 50 km/klst. (úr 90 km/klst.) áður en komið er að vegamótum við Langanesveg (869). Þar sem vegir fara um votlendi er gert ráð fyrir einhverju sigi fyllinga. Í **töflu 3.2** eru teknar saman upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.

Tafla 3.2 Upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd.

Hönnunarpáttur	Útfærsla
Breidd vegar	7 metra breiður vegur
Bundið slitlag	6,8 m
Veghelgunarsvæði	60 m (30 m frá miðlínu beggja vegna)
Vegflái	1:3
Flái klapparskeringar	4:1

Fyrirhuguð veglagning liggur frá stöð 0 við ný vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869-02) (Fjarðarvegur) sunnan Þórshafnar, til austurs upp á Brekknaheiði, að stöð 7600 við slitlagsenda í Vatnadal (sjá **mynd 1.1**). Nýr vegur verður hærri og breiðari en núverandi vegur. Vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869) verða upplýst og mun veglýsingin tengjast núverandi lýsingu Langanesvegur (869) sem hefst skammt norðan núverandi vegamóta.

Vegna nálægðar við stofnlögn vatnsveitu Þórshafnar var ekki talið mögulegt að endurbyggja núverandi veg á öllum kaflanum. Því er ný veglína við hlið núverandi vegar í hæfilegri/öruggri fjarlægð frá vatnslögn. Vegamótum Norðausturvegar (85) og Langanesvegur (869) er hliðrað um 140 m til suðurs og fyrstu 1,6 km framkvæmdarinnar mun veglínin liggja um nýtt vegstæði til að minnka bratta vegarins. Á um 2,5 km kafla þar sem vegurinn liggur hvað hæst á Brekknaheiði er veglínunni einnig hliðrað um 300 m til norðurs, til að draga úr áhrifum

¹ Vegsvæði er svæði, sem er í eigu eða umráðum veghaldara.

framkvæmdarinnar á votlendi og færa vegstæðið í jafnari halla. Við stöð 7600 tengist ný veglína núverandi vegi við klæðingarenda.

Hönnunarforsendur miða við að árdagsumferð (ÁDU) aukist úr 92 ökutækjum árið 2021 yfir í 150-200 ökutæki árið 2041 og að hámarkshraði verði 90 km/klst.

3.1 Lagnir og girðingar

Raflína, rafstrengir, ljósleiðari og vatnslögn liggja í námunda við vegstæðið og þvera veginn á nokkrum stöðum. Búfjárgirðingar og ristarhlið verða aðlagðar að nýjum vegi og í skoðun er hvort girt verði meðfram veginum á öllum vegkaflanum. Þá eru nokkrar útafkeyrslur á vegslóða sem verða aðlagðar að nýjum vegi. Upplýsinga um allar lagnir á svæðinu verður aflað áður en framkvæmdir hefjast. Þar sem hróflað verður við girðingum verður girt að nýju.

Í vegstæðinu og í nágrenni þess er vitað um lagnir frá Mílu, Rarik og Langanesbyggð. Eftirfarandi er upptalning á þeim lögnum sem vitað er um:

- Míla
 - Ljósleiðari
- Rarik
 - 33 kV háspennulína
 - Tveir 22 kV háspennustrengir
- Langanesbyggð
 - Stofnlögn vatnsveitu Þórshafnar liggur samsíða núverandi vegi á öllum vegkaflanum

Ljósleiðari mílu þverar veginn á tveimur stöðum og liggur samsíða veginum á um 500 m kafla í um 25 m fjarlægð frá miðlínu. Háspennulína Rariks þverar vegstæðið á einum stað en annars liggur háspennulína samsíða núverandi vegi á öllum vegkaflanum. Vatnslögnin liggur samsíða núverandi vegi á öllum vegkaflanum. Á myndum í viðauka 4 má sjá staðsetningu lagna í grennd við vegstæðið (forhönnunarteikningar, grunnmyndir og lagnasnið).

Haft verður samráð við eigendur lagna vegna vegagerðarinnar.

3.2 Efnispörf

Heildarefnispörf framkvæmdarinnar er áætluð um 195.000 m³ af jarðefni. Gert er ráð fyrir að efni í fyllingar og fláafleyga, um 163.000 m³, komi að mestu úr námum meðfram veginum en einnig verður nýtt efni úr vegskeringum, um 25.000 m³. Námurnar, ásamt áætluðu efnismagni, sem um ræðir eru taldar upp í **töflu 3.3**.

Tafla 3.3 Yfirlit yfir námur og áætlað efnismagn.

Náma	Áætlað efnismagn
Álfasteinsmelur (N19)	40.000 m ³
Norðan við Tryggvakofa (N17)	45.000 m ³
Rauðabrekka (N5)	86.700 m ³
Brekknanáma (N18)	5.000 m ³
Gunnólfsvík (N1)	14.600 m ³

Staðsetningu framangreindra náma má sjá á **mynd 1.1**. Svæðin eru gróflega afmörkuð og er mögulegt að þau breytist eitthvað á framkvæmdatíma. Allar námur eru á aðalskipulagi.

Þar sem enn er unnið að verkhönnun vegarins og efnisrannsóknnum, má gera ráð fyrir að áætlað efnismagn úr námum muni taka einhverjum breytingum. Endanlegt efnismagn liggur ekki fyrir fyrr en í verklok og verður haft samráð við landeigendur um efnistöku.

Farið verður eftir leiðbeiningum um frágang efnistökusvæða sem settar eru fram á www.namur.is. Í megindráttum verður reynt að ganga þannig frá að efnistökusvæði falli sem best að umhverfinu og að ummerki efnistökkunnar verði eins lítil og kostur er. Í þeim námum þar sem fyrir er gróður- og moldarblandaður jarðvegur, verður hann tekinn ofan af námusvæðinu og notaður til að jafna yfir svæðið að efnistöku lokinni.

3.3 Vinnubúðir og mannafl

Vegna umfangs verksins má reikna með að nokkur fjöldi starfa skapist á framkvæmdatíma, eða um 15-20 störf.

Ekki liggur fyrir hvort, og þá hvar, vinnubúðir verða staðsettar en verktaki mun setja upp vinnubúðir í samráði við landeigendur og með heimild Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og Langanesbyggðar. Í útboðsgögnum verður krafist að verktaki fari eftir öllum gildandi lögum og reglum sem um vinnubúðir gilda. Vinnubúðir og vinnuaðstaða munu standa á verk tíma og verða fjarlægðar að framkvæmdum loknum. Gengið verður frá svæðunum þannig að ummerki verði sem minnst og dofni fljótt.


4. Skipulag og vernd

4.1 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027


Í Aðalskipulagi Langanesbyggðar 2007-2027 er gert ráð fyrir byggingu nýs vegar um Brekknaheiði með fyrirvara um legu hans í samráði við Vegagerðina. Haustið 2022 voru gerðar breytingar á aðalskipulaginu þar sem ný veglína var sett inn á skipulag. Auk þess var bætt við námusvæðum sem áætlað er að nýta vegna framkvæmdarinnar. Á **myndum 4.1** og **4.2** má sjá gildandi aðalskipulag.

Samkvæmt skipulagsupprætti Langanesbyggðar er landnotkun á svæðinu þar sem vegurinn liggur yfir Brekknaheiði skilgreint sem landbúnaðarsvæði og á þéttbýlisupprætti Þórshafnar liggur ný veglína um svæði sem eru skilgreind sem íbúðasvæði, óbyggð svæði og opin svæði til sérstakra nota. Engin verndarsvæði eru á leið vegarins.

Landnotkun breytist ekki með lagningu vegarins og því er ekki þörf á að breyta aðalskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda.



Mynd 4.1 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027. Á myndinni má sjá nýja veglínu (rauð heil lína) og námur (drapplitaðir punktar merktir N). Afmörkun þéttbýlis við Þórshöfn er einnig sýnd (rautt svæði).



Mynd 4.2 Aðalskipulag Langanesbyggðar 2007-2027, þéttbýlisuppráttur.

4.2 Verndarsvæði

Framkvæmdasvæði liggur um verndarsvæði votlendis og svæðis innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum, sbr. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Votlendi nýtur verndar 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og fornleifar 3. grein laga nr. 60/2012 um menningarminjar.

Nánar er fjallað um áhrif framkvæmdarinnar á votlendi og fornleifar í kafla 5.

5. Mat á umhverfisáhrifum

Við athugun á mögulegum umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðrar lagningar á nýjum vegi um Brekknaheiði voru eftirfarandi umhverfispættir skoðaðir:

- Landnotkun
- Ásýnd
- Gróður og jarðvegur
- Fuglar
- Samfélag
- Fornleifar

Ekki var talin þörf á að skoða aðra umhverfispætti.

5.1 Landnotkun

Eins og fram kom í kafla 4 liggur nýr Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði, um svæði sem er skilgreint sem „landbúnaðarsvæði“. Innan þéttbýlismarka Þórshafnar liggur hann um íbúðasvæði, óbyggð svæði og opin svæði til sérstakra nota.

Framkvæmdir kalla á breytingar á lögnum sem liggja við veginn. Samráð verður haft við Mílu um framkvæmdir þar sem hættu er á að fjarskiptastrengur geti raskast, við Rarik um framkvæmdir þar sem hættu er á að jarðstrengur geti raskast og Langanesbyggð um framkvæmdir þar sem vatnslögn getur raskast.

Eins og áður hefur komið fram þarf ekki að breyta skipulagi vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. Áhrif á landnotkun eru því talin verða óveruleg.

5.2 Ásýnd

Endurbættur vegur verður breiðari en núverandi vegur með meira aflíðandi fláum. Þá verður hann byggður meira upp úr landi en núverandi vegur. Útsýni þeirra sem leið eiga um veginn mun þó ekki breytast mikið fyrir utan það að vegurinn fer úr því að vera malarvegur í að vera lagður bundnu slitlagi, sjónlengdir aukast og hann verður jafnari í landinu. Á mynd 5.1 má sjá mynd af hliðstæðum vegi sem sýnir hvernig nýr vegurinn gæti litið út að framkvæmdum loknum.



Mynd 5.1 Ljósmynd af Laxárdalsvegi sem er nýlega endurbyggður vegur á Vesturlandi. Svona gæti Norðausturvegur (85) um Brekknaheiði litið út eftir framkvæmdir.

Þó svo að reynt verði að ganga frá námum (sjá **mynd 1.1**) þannig að þær falli vel að landi og ummerki þeirra verði eins lítil og kostur er, má búast við að ásýnd landslagsins sem blasir við vegfarendum muni breytast lítilsháttar. Það eru þó fyrst og fremst kunnugir sem gætu tekið eftir breyttri ásýnd landslagsins. Með tímanum minnka þessi áhrif eftir því sem gróður nær sér á strik á röskuðum svæðum.

5.3 Gróður og jarðvegur

Reynt verður að raska gróðri og jarðvegi sem minnst við byggingu nýs vegar um Brekknaheiði. Nokkur hluti nýs vegar mun liggja í eða við hlið núverandi vegstæðis svo ekki þarf að brjóta nýtt land fyrir alla veglínuna.

Náttúrustofa Austurlands rannsakaði gróður og vistgerðir á Brekknaheiði sumarið 2019 vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði, sjá viðauka 1 (Elín Guðmundsdóttir o.fl., 2020). Við athuginina var leið nýrrar veglínu gengin og svæðið kortlagt m.t.t. til vistgerða, gróðri lýst og tegundir æðplantna skrásettar. Rannsóknarsvæðið var skilgreint sem 100 m breitt belti til beggja átta frá miðlínu vegarins og var um 1,65 km² að stærð. Veglínan hefur færst örlítið til eftir að athuganir fóru fram, m.a. til þess að lágmarka rask á votlendi, en er enn öll innan rannsóknarsvæðisins. Að auki voru vistgerðir á námusvæðum kortlagðar 1. nóvember 2022.

Umfjöllunin hér á eftir byggir að hluta á rannsókn Náttúrustofu Austurlands en gögnin frá þeim má sjá í viðauka 1.

Vistgerðir

Gróður á rannsóknarsvæðinu er fjölbreyttur. Veglínan liggur í gegnum tún í notkun, gömul tún í órækt, gróskumikið mólendi, stór gróðurlítil flög og votlendi. Tuttugu vistgerðir í fimm vistlendum voru kortlagðar á rannsóknarsvæðinu, og þar af voru þrjár vistgerðir með um eða yfir 10% þekju hver. Vistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi þöktu samanlagt um 41% af rannsóknarsvæðinu.

Í **töflu 5.1** má sjá yfirlit yfir vistgerðir sem raskast vegna veglagningarinnar. Eins og sjá má er þekja vistgerða með hátt til mjög hátt verndargildi um 30% af rasksvæðinu.

Tafla 5.1 Helstu vistgerðir með miðlungs til mjög hátt verndargildi og hlutfallsleg þekja þeirra, sem raskast við lagningu nýs Norðausturvegar (85) um Brekknaheiði ásamt verndargildi. Einnig er sett fram þekja þéttbýlis og annars manngerðs lands og aðrar vistgerðir (viðauki 1).

Vistgerð	Verndargildi	Þekja	Hlutfall
Brokflóavist	Mjög hátt	19.610 m ²	11,7%
Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt	11.349 m ²	6,7%
Tjarnastararflóavist	Mjög hátt	10.748 m ²	6,4%
Starungsmýravist	Mjög hátt	5.944 m ²	3,5%
Runnamýravist á hálendi	Hátt	3.799 m ²	2,3%
Fjalldrapamóavist	Miðlungs	31.990 m ²	19,0%
Lyngmóavist á láglendi	Miðlungs	13.577 m ²	8,1%
Þéttbýli og annað manngert land	-	23.942 m ²	14,2%
Aðrar vistgerðir	Lágt	44.805 m ²	26,6%

Á námusvæðum þekur manngert land stærstan hluta námusvæða eða um 53.000 m². Mólendi þakti samtals um 38% námusvæða, einkum fléttumóavist og fjalldrapamóavist sem báðar teljast með miðlungs verndargildi. Runnamýravist á láglendi er eina vistgerðin með mjög hátt verndargildi, en hún þekur um 7% af námusvæðunum. Í **töflu 5.2** má sjá yfirlit yfir vistgerðir á námusvæðum ásamt verndargildi þeirra.

Tafla 5.2 Yfirlit yfir vistgerðir á námusvæðum ásamt verndargildi þeirra og hlutfallslegri þekju.


Vistgerð	Verndargildi	Þekja á námusvæðum
Runnamýravist á láglandi	Mjög hátt	7%
Fléttumóavist	Miðlungs	23%
Fjalldrapamóavist	Miðlungs	8%
Hraungambravist	Lágt	18%
Þéttbýli og annað manngert land	-	39%
Aðrar vistgerðir	Lágt	12%

Votlendi

Votlendi voru algeng vistlendi á svæðinu eða samtals 629.334 m² (41%) af vistgerðum innan rannsóknarsvæðis. Umfang votlendissvæða er meira ef tekin er heildarstærð votlendisvistgerða sem ná inn á rannsóknarsvæðið. Þá er votlendi á jaðarsvæðum námanna norðan við Tryggvakofa og Brekknanámu.

Meirihluti votlendissvæða voru stærri en 20.000 m² og njóta því verndar skv. lögum nr. 60/2013 m.s.br. um náttúruvernd. Brokflóavist var algengasta votlendisvistgerðin. Hluti votlendissvæða sem verða fyrir áhrifum vegna veglínunnar eru þegar röskuð, þar sem hún liggur að hluta um núverandi veg sem hefur sundrað stærri votlendisflákum. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir valdi beinu raski á um 52.330 m² af votlendi miðað við um 15-40 m breitt rasksvæði.

Á mynd 5.2 má sjá skráð votlendissvæði við nýja veglínu.



Mynd 5.2 Votlendissvæði skráð í vettvangsferð í ágúst 2019 (viðauki 1).

Æðplöntur

Alls fundust 145 tegundir æðplantna í vettvangsrannsóknum. Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista fundust í athugunum. Á plöntuvefsjá Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ), í þeim reitum sem rannsóknarsvæðið fellur undir (nr. 6636 og 6736), er skráð ein tegund á valista. Það er fjallkrækill sem er í nokkurri hættu. Einnig er skráð skógfjóra sem er friðlýst plöntutegund í sama reit. Þær fundust ekki við leit á vettvangi. Plöntur af vettvangi má sjá á mynd 5.3.



Mynd 5.3. Maríuvöndur (t.v.) sem fannst talsvert af og stinnastör, krækilyng o.fl. (t.h.) sem fannst á þurrari svæðum (viðauki 1).

Samantekt

Í verklýsingum fyrir framkvæmdina verður farið fram á vandaðan frágang þeirra svæða sem verður raskað vegna framkvæmdanna. Sem dæmi verða skeringar og námur ekki hafðar opnar lengur en nauðsyn krefur og frágangi hagað þannig að ekki myndist vindálag á lausan jarðveg. Leitast verður við að endurheimta staðargróður á röskuðum svæðum. Brúnir efnistökusvæða og skeringa verða aðlagðar að landinu í kring og þess gætt að í þeim myndist ekki vatnsuppistöður. Vegagerðin mun endurheimta votlendi í stað þess sem raskast í samráði við Votlendissetur LBHÍ, sveitarstjórn og landeigendur. Röskuð svæði verða jöfnuð og grædd upp í samráði við Umhverfisstofnun.

Núverandi vegi verður fylgt á um 1,3 km löngum kafla en þess utan þarf að raska landi vegna framkvæmda. Rask á landi verður um 168.318 m² (16,8 ha). Áhrif framkvæmdarinnar á gróður og jarðveg eru metin nokkuð neikvæð, en með mótvægisáðgerðum og skilyrðum um endurheimt staðargróðurs í verklýsingum fyrir framkvæmdina verður áhrifum haldið í lágmarki.

5.4 Fuglar

Náttúrustofa Austurlands tók út fuglalíf á Brekknaheiði vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði sumarið 2020, sjá viðauka 2 (Hálfván H. Helgason og Halldór Walter Stefánsson, 2020). Við talningar var framkvæmdasvæðið gengið og skráðu athugendur tegund, fjölda, atferli og fjarlægðir fugla frá miðlínu vegar. Við útreikninga á fjölda fugla innan áhrifasvæðis vegarins var miðað við 200 m til beggja handa frá miðlínu vegstæðis. Veglínan hefur færst örlítið til eftir að athuganir fóru fram, en er enn öll innan rannsóknarsvæðisins. Umfjöllunin hér á eftir byggir að hluta á rannsókn Náttúrustofu Austurlands en skýrsluna má sjá í viðauka 2.

Tegundafjölbreytni fugla er nokkur á rannsóknarsvæðinu. Alls er reiknaður heildarfjöldi para/óðala á áhrifasvæði veglínunnar 251 stk. Algengustu tegundirnar voru þúfuttlingur og heiðlóa, en alls fundust 23 pör/óðul hvorrar tegundar innan talningarsvæðis. Einnig fundur 11 pör/óðul hrossagauks og skógarþrasta, 10 pör/óðul spóa og 9 pör/óðul lóupræla. Lágmarksþéttleiki, þ.e. fjöldi talinna para/óðala á km² var því 32 pör/óðul á km², óháð tegund. Þéttleiki rjúpnna er talinn nokkur utan varptíma og geta ránfuglar fylgt í kjölfarið.

Fyrirhugaður vegur liggur ekki um mikilvæg fuglasvæði. Fjögur slík svæði liggja hins vegar í innan við 30 km fjarlægð. Ólíklegt er að veglagningin á Brekknaheiði hafi áhrif á fugla á þeim svæðum.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla á meðan á framkvæmdum stendur. Gert er ráð fyrir einhverju búsvæðatapi en að þau áhrif verði óveruleg, meðal annars þar sem nýr vegur liggur að hluta með núverandi vegstæði.

5.5 Samfélag

Með fyrirhugaðri lagningu vegar yfir Brekknaheiði er verið að styrkja samgöngukerfi sveitarfélagsins og auka öryggi vegfarenda. Lagning vegarins kemur til með að verða mikil samgöngubót en núverandi vegur er mjór malarvegur sem ekki er talinn uppfylla öryggiskröfur Vegagerðarinnar. Telja má víst að bættar samgöngur hafi jákvæð áhrif á byggð á svæðinu sem og ferðamenn sem fara þessa leið. Til að mynda er vegurinn hluti af verkefninu Norðurstrandarleið, sem liggur frá Hvammstanga til Bakkafjarðar og var sett á laggirnar til þess að hvetja ferðamenn til þess að kanna norðurströnd Íslands og næsta nágrenni við heimskautsbauginn.² Þá mun bættur vegur nýtast flutningabílstjórum við flutninga á varningi um Norðausturland, en núverandi vegur stenst ekki kröfur til burðarþols og hefur stundum þurft að grípa til þungatakmarkana.

Eins og fram kemur í kafla 1.1. mun umferðaröryggi og greiðfærni vegarins að framkvæmdum loknum aukast frá því sem nú er þar sem vegurinn verður breiðari, sjónlengdir betri og hliðarsvæði öruggari.

Með klæðingu vegarins munu aðstæður í og við veginn batna með tilliti til hljóð- og rykmengunar, þó telja megi að þau áhrif séu takmörkuð við núverandi aðstæður vegna lítillar umferðar um svæðið. Þó eru nokkur íbúðarhús á Þórshöfn, sem færast fjær veginum við lagningu nýs vegar og því má gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á íbúa þeirra húsa.

Meðan á framkvæmdum stendur mun umferð um svæðið raskast tímabundið þar sem endurbættur vegur verður lagfærður í núverandi vegstæði. Þá gætu efnisflutningar úr námum tímabundið valdið aukinni umferð og truflunum.

Hætta á mengunarslysum næst framkvæmdasvæðinu eykst á framkvæmdatíma en verður minni að loknum framkvæmdum vegna öruggari vegar.

5.6 Fornleifar

Fornleifastofnun Íslands gerði úttekt á fornleifum á Brekknaheiði haustið 2019 vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði Norðausturvegar (85), sjá viðauka 3 (Elín Ósk Hreiðarsdóttir o.fl., 2019). Úttektarsvæðið var skilgreint sem 100 m breitt svæði til beggja átta út frá miðlínu nýs vegar, samtals 200 m breitt beltí. Á vettvangi var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið í leit að minjum og þær skráðar og kortlagðar. Stuðst var við heimildaskráningar fyrir

² Norðurstrandarleið (e. *Arctic Coast Way*). Sjá: <https://www.arcticcoastway.is/is/um-okkur/um-leidina>

Skeggjastaðahrepp frá 2002 og Sauðaneshrepp sem var unnin fyrir vettvangsferðina. Veglínan hefur færst örlítið til eftir að athuganir fóru fram, en er enn öll innan rannsóknarsvæðisins. Að auki voru námusvæði tekin út haustið 2022.

Umfjöllunin hér á eftir byggir að hluta á rannsókn Fornleifastofnunar Íslands en skýrsluna má sjá í viðauka 3.

Samtals voru skráðar 39 fornminjar innan áhrifasvæðisins, meiri hluti þeirra reyndist vera heystæði og mógrafir. Úttektarsvæðið náði að Þórshöfn, svo minjar tengdar fyrstu árum byggðar voru skráðar, til dæmis vatnsstöð og kálgarður. Einnig voru skráðar nokkrar minjar sem hafa ekki náð 100 ára aldri og teljast því ekki sem fornminja en mikilvægt þótti þó að skrá þær. Á **mynd 5.4** má sjá afstöðu fornleifa m.t.t. nýs vegar.



Mynd 5.4 Afstöðumynd af fornleifum í grennd við nýtt vegstæði. Merktar eru inn þær fornleifar sem eru næst veglínu (+/- 30 m).

Í **töflu 5.3** er listi yfir skráðar fornleifar í 30 fjarlægð frá miðlínu nýs vegar, en gera má ráð fyrir að þær verði fyrir raski við lagningu vegarins, að hluta til eða að öllu leyti. Í töflunni er einnig lýst hvar þær liggja með tilliti til legu nýs vegar.

Tafla 5.3 Fornleifar sem skráðar eru næst veglínu (+/- 30 m) ásamt lýsingu. Gera má fyrir að þær verði fyrir raski við framkvæmdir.

Stöð	Samtala	Fjöldi eininga	Sérheiti	Tegund, hlutverk	Lýsing	Raskað
0-140	NP-112:065	8	Vegamót	Hús, býli	Í og við hlið vegstæðis. Minjar ekki náð þeim aldri að teljast til fornminja. Hús hefur verið fjarlæggt síðan athugun fór fram.	Já
320	NP-112:077	1		Þúst, óþekkt	Undir fláafæti um 10 m frá miðlínu	Já
345	NP-112:073	2		Mannvirki, -	Veglína liggur yfir minjar.	Já
390	NP-112:078	1		Tóft, heystæði	20 m hægra megin við veglínu.	Nei
580	NP-112:079	2		Gerði, kálgarður	Undir vegi um 1 m frá miðlínu.	Já
2190	NP-112:068	1		Þúst, óþekkt	18 m vinstra megin við veglínu.	Nei
3520	NP-112:066	1		Náma, mógrafir	Veglína liggur yfir minjar	Já
4350	NP-113:059	1		Tóft, heystæði	15 m hægra megin við veglínu	Nei
5100	NP-113:060	1		Náma, mógrafir	14 m vinstra megin við veglínu	Nei
5145	NP-113:056	4		Náma, mógrafir	Veglína liggur yfir minjar	Já

Fjórar fornleifar voru skráðar á námusvæðum, þrjár tóftir og ein varða. Tvær beitarhústöftir og ein varða við námuna Norðan Tryggvakofa, og ein tóft við Gunnólfsvík. Á mynd 5.5 má sjá skráðar fornleifar á námusvæðum sem fyrirhugað er að nota við framkvæmdir. Náma 1 er námusvæðið við Gunnólfsvík og náma 3 er svæðið Norðan Tryggvakofa. Í námu 3 hefur ekki farið fram efnistaka fram að þessu. Í töflu 5.4 er listi yfir þessar fornleifar. Tóftirnar þrjár liggja í jaðri námusvæðanna, en varðan er innan námusvæðis.



Mynd 5.5 Námusvæðin (gult) sem tekin voru út af Fornleifastofnun Íslands meðfram Norðaustur-vegi (85) um Brekknaheiði. Alls voru skráðar fjórar fornleifar á námusvæðum 1 (Gunnólfsvík) og 3 (Norðan Tryggvakofa) og eru þær merktar með rauðum punkti (viðauki 3).

Tafla 5.4 Fornleifar sem skráðar eru á þeim námusvæðum sem fyrirhugað er að nýta við framkvæmdir.

Náma	Samtala	Tegund, hlutverk	Lýsing
Gunnólfsvík	NM-001:093	Tóft, óþekkt	Í landi Gunnólfsvíkur í suðurjaðri námunnar. Tóftin er í jaðri malarholts sem er sundurskorið vegna efnistöku. Engar grjóthleðslur sjáanlegar. Hugsanlegt að tóftin sé röskuð að hluta vegna malarnáms.
Norðan Tryggvakofa	NÞ-112:080	Tóft, beitarhús	Beitarhúsatóft, vel grasi- og mosagróin og sjá má greinilegar grjóthleðslur.
	NÞ-112:081	Tóft, beitarhús	Beitarhúsatóft, veggir hennar hlaðnir úr torfi og grjóti og eru grjóthleðslur greinilegar.
	NÞ-112:082	Varða, samgöngubót	Grjóthlaðin varða, hleðslur signar og grónar mosa og grasi.

Allar þær minjar sem skráðar voru eru skilgreindar í stórhættu vegna vegframkvæmda en 10 af þeim eru í innan við 30 m frá miðlínu nýs vegar (sjá **töflu 5.3**) og munu að öllum líkindum raskast við framkvæmdir. Eins og sjá má er stór hluti þeirra raskaður nú þegar, og því má ætla að verndargildi þeirra sé lágt.

Allar minjar á námusvæðum eru skráðar í stórhættu vegna námuvinnslu. Í kjölfar úttektar Fornleifastofnunar Íslands, hefur Vegagerðin breytt námusvæðum þannig að unnt sé að virða 15 m helgunarsvæði minjanna fjögurra á námusvæðunum. Minjarnar verða að auki merktar á áberandi hátt áður en framkvæmdir hefjast.

Áhrif framkvæmdarinnar á fornleifar eru metin nokkuð neikvæð. Við hönnun vegarins hefur verið tekið tillit til fornminja eins og mögulegt er en þar sem ekki verður komist hjá því að raska minjum við framkvæmdina verður Minjastofnun Íslands fengin til að skera úr um hvort þær megi víkja og með hvaða skilyrðum. Minjar í grennd við framkvæmdasvæðið verða merktar áður en framkvæmdir hefjast.

6. Niðurstaða

Með hliðsjón af viðmiðum við mat á framkvæmdum sem eru tilkynningarskyldar, það er; eðli, staðsetning, gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa, sem sett eru fram í 2. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, eru helstu niðurstöður fyrirhugaðrar lagningar nýs Norðausturvegar (85) yfir Brekknaheiði frá vegamótum Norðausturvegar (85) og Langanesvegar (869) sunnan Þórshafnar að núverandi slitlagsenda í Vatnadal sem hér segir:

- Staðsetning og eðli framkvæmdar
 - Framkvæmdin er á landbúnaðarsvæði og að litlum hluta innan þéttbýlis við Þórshöfn. Verndarsvæði votlendis og fornleifa eru á framkvæmdasvæðinu.
 - Framkvæmdin felur í sér ný- og endurbyggingu Norðausturvegar (85) um Brekknaheiði. Vegurinn verður 7 m breiður og nýtt vegstæði verður 30 m breitt. Núverandi vegur verður endurbyggður á um 1,3 km kafla.
 - Vegamót Norðausturvegar (85) og Langanesvegar (869) við Þórshöfn verða færð um 140 m til suðurs frá bænum.
 - Heildar efnisþörf í framkvæmdina er áætluð um 198.000 m³ af jarðefni.

- Gerð og eiginleikar hugsanlegra áhrifa
 - Áhrif á landnotkun verða óveruleg.
 - Áhrif á ásýnd verða óveruleg til lengri tíma litið.
 - Áhrif á gróður og jarðveg verða nokkuð neikvæð og er gert ráð fyrir að framkvæmdir valdi beinu raski á um 52.330 m² af votlendi sem nýtur verndar. Með mótvægisáðgerðum og skilyrðum um endurheimt staðargróðurs í verklýsingum fyrir framkvæmdina er hægt að halda áhrifum í lágmarki.
 - Á framkvæmdatíma geta fuglar orðið fyrir tímabundinni truflun og einhverju búsvæðatapi. Til lengri tíma litið verða áhrif á fugla óveruleg.
 - Umferð um Brekknaheiði getur orðið fyrir truflunum á framkvæmdatíma. Að framkvæmdum loknum verða áhrif á samfélag jákvæð þar sem umferðaröryggi og greiðfærni vegarins batna til muna.
 - Áhrif á fornleifar verða nokkuð neikvæð. Gera má ráð fyrir að verndargildi minjanna sé lágt, en stórum hluta þeirra hefur þegar verið raskað.

Í ljósi framangreinds má sjá að framkvæmdum verður hagað þannig að áhrif þeirra á umhverfið verði í lágmarki. Nokkuð landsvæði fer undir nýjan veg en einnig verður núverandi vegur nýttur að hluta. Fyrirhugað framkvæmdasvæði liggur ekki um verndarsvæði. Framkvæmdir eru í samræmi við markmið samgönguáætlunar um að auka umferðaröryggi með því meðal annars að auka umferðaröryggi og leggja bundið slitlag á veginn. Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur takmörkuð umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.

7. Heimildir

Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir. 2020. *Gróður á Brekknaheiði. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði*. Unnið fyrir Vegagerðina. Sjá viðauka 1.

Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Gylfi Helgason og Kristborg Þórsdóttir. 2019. *Fornleifaskráning vegna breytinga á Norðausturvegi yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð*. Unnið fyrir Vegagerðina. Sjá viðauka 3.

Hálfván H. Helgason og Halldór Walter Stefánsson. 2020. *Fuglalíf á Brekknaheiði. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði*. Unnið fyrir Vegagerðina. Sjá viðauka 2.

Viðauki 1 – Gróður

Gróður á Brekknaheiði

Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði



Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir

Unnið fyrir Vegagerðina

 NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS		<input type="checkbox"/> Egilsstaðir <input checked="" type="checkbox"/> Neskaupstaður
Skýrsla nr: NA-200198	Dags: Apríl 2020	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Gróður á Brekknaheiði Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði		Síðufjöldi: 23 með viðaukum Upplag: aðgengileg á www.na.is
Ljósmynd á forsíðu: Gróður á fyrirhuguðu vegstæði á Brekknaheiði (ljósmynd GÓ)		Fjöldi korta: Kort eru myndir í skýrslu. Fjöldi viðauka: 3
Höfundar: Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir		
Unnið fyrir: Vegagerðina		
<p>Náttúrustofa Austurlands tók út gróðurfar á Brekknaheiði á Langanesi, þar sem fyrirhugað er að leggja nýjan veg. Til greina koma tvær veglínur, C og D. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði voru gengin og kortlögð m.t.t. vistgerða, gróðri lýst og tegundir æðplantna skrásett. Sérstaklega var litið eftir sjaldgæfum æðplöntutegundum.</p> <p>Gróðurfar á rannsóknasvæðinu var fjölbreytt og alls voru 22 vistgerðir kortlagðar á fyrirhuguðu vegstæði frá Þórshöfn og upp á Brekknaheiði. Þar voru vistgerðir með mjög hátt verndargildi, s.s. brokflóavist, runnamýravist á láglendi og starungsmýravist, auk vistgerða með miðlungs verndargildi eins og fjalldrapamóavist. Alls þöktu vistgerðir með mjög hátt eða hátt verndargildi um 40% af rannsóknarsvæði hvorrar veglínu fyrir sig. Votlendi voru algengustu vistlendingin á báðum veglínunum og var víða að finna stór samfelld votlendi sem náðu talsvert út fyrir rannsóknarsvæðin. Alls fundust 145 tegundir æðplantna við vettvangsathugun á Brekknaheiði. Engar friðlýstar plöntutegundir eða plöntutegundir á valista fundust á rannsóknarsvæðinu.</p> <p>Áhrif framkvæmda á gróður og vistlendi eru einkum óafturkræf röskun á gróðurhulu þar sem vegir verða breikkaðir og/eða færðir til. Töluvert votlendi er á rannsóknarsvæði beggja veglína. Fyrirhugaðar framkvæmdir myndu skerða votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar en innan skilgreinds jaðarsvæðis framkvæmda falla margar mýrar stærri en 20.000 m², að hluta eða miklu leyti. Töluvert fuglalíf er að jafnaði í þeim votlendisvistgerðum sem finnast á rannsóknarsvæðinu. Mikilvægt er að taka mið af umhverfinu þegar uppgræðsluáferðir eru valdar og halda raski á gróðri í lágmarki á framkvæmdartíma.</p> <p>Gróðurfar veglínanna tveggja er mjög áþekkt. Veglína D liggur meira um raskað land og í nágrenni núverandi vegar, auk þess sem hún er styttri. Þess vegna kemur hún til með að valda minna raski en veglína C</p>		
Lykilorð: Vegagerðin, veglínur, gróður, gróðurvistgerðir, vistlendi, vistgerð		ISSN nr: 2547-7447 (rafræn útgáfa)
Yfirfarið: KÁ		ISBN nr: 978-9935-9518-1-6 (rafræn útgáfa)

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
Inngangur	5
Gagnaöflun og úrvinnsla	6
Niðurstöður	7
Vistgerðir	8
Veglína C.....	8
Veglína D.....	9
Votlendi	12
Tegundir æðplantna	13
Samanburður veglína	14
Umræður	16
Lokaorð.....	17
Heimildir	18
Viðauki I – Vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands	19
Viðauki II – Tegundir æðplantna	21
Viðauki III – Samanburðartafla vistgerða og vistlenda á veglínu D og C.....	23

Myndaskrá

1. mynd. Fyrirhugað framkvæmdasvæði á Brekknaheiði. (mynd frá verkkaupa). Þórshöfn er lengst til vinstri. 5
2. mynd. Næst Þórshöfn liggur vegurinn um tún og á einu þeirra höfðust rollur við í gömlu húsi þegar rannsakendur bar að garði (uppi t.v.). Á leiðinni upp á Brekknaheiði var mólendi áberandi með stórum votlendisblettum í lægðum (uppi t.h.). Uppi á heiðinni var mólendið almennt ekki eins gróskumikið og neðar í landinu og á hæðum var gjarnan mikið um mosa, grjót og rofdíla en votlendi í lægðum (niðri t.v.). Víða á heiðinni voru tjarnir og lækir sem hlykkjuðust um landið (niðri t.h.)..... 7
3. mynd. Vistgerðir á áhrifasvæði veglína C og D á Brekknaheiði í ágúst 2019., Vesturhluti veglína (uppi) og austurhluti veglína (niðri). 10
4. mynd. Staðsetning forgangsvistgerða og vistgerða með mjög hátt og hátt verndargildi á áhrifasvæði veglína C og D á Brekknaheiði í ágúst 2019, skv. skilgreiningu NÍ (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). 11
5. mynd. Votlendissvæði sem skráð voru á veglínunum C og D í ágúst 2019 skipt eftir stærð; (gult) votlendi minni en 20.000 m² og (rautt) votlendi 20.000 m² eða meira. 12
6. mynd. Rannsóknasvæðið náði frá Þórshöfn, í gegnum landbúnaðarland þar sem t.d. var talsvert af maríuvendi við beitarhólf fyrir hross (uppi t.v.) og upp á Brekknaheiði. Þar var m.a. að finna klófífu og horblöðku á blautari svæðum (uppi t.h.) og stinnastör, krækilyng o.fl. á þurrari svæðum (niðri t.v.). Í flögum, hér og þar á Brekknaheiði, mátti m.a. finna naflagras, mýrasef og flagahnoðra (niðri t.h.)..... 13
7. mynd. Samanburður á stórum votlendisflákum á veglínunum C og D á Brekknaheiði. Veglína D sker votlendið þegar í gegn og því virðist veglína C vera betri kostur m.t.t. votlendissvæða en þegar betur er að gáð myndi veglína C skerða votlendi enn fremur, auk þess sem hún liggur um forgangsvistgerð..... 14

Töfluskrá


- Tafla 1. Helstu vistgerðir og hlutfallsleg þekja þeirra á rannsóknarsvæði við veglínu C í ágúst 2019 ásamt verndargildi hvernar vistgerðar..... 8
- Tafla 2. Hlutfallsleg þekja vistgerða á rannsóknarsvæði við veglínu C í ágúst 2019, m.t.t. verndargildis 8
- Tafla 3. Helstu vistgerðir og hlutfallsleg þekja þeirra á rannsóknarsvæði við veglínu D í ágúst 2019 ásamt verndargildi hvernar vistgerðar..... 9
- Tafla 4. Hlutfallsleg þekja vistgerða á rannsóknarsvæði við veglínu D í ágúst 2019, m.t.t. verndargildis 9
- Tafla 5. Samanburður veglína C og D á vistgerðum. Nánari samanburður á vistgerðum og vistlendum má finna í Viðauka III. 15

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrustofa Austurlands út gróðurfar og vistgerðir á Brekkaheiði sumarið 2019. Fyrirhugað er að leggja nýjan stofnveg á Norðausturvegi nr. 85 yfir heiðina. Vegbætur eru ráðgerðar frá fjöru við Þórshöfn og að núverandi slitlagsenda í Vatnadal (Vegagerðin, 2019).

Tveir valkostir eru settir fram af Vegagerðinni (1. mynd): **Veglína D**; syðri leið, 8,2 km að lengd, liggur að miklu leyti í og við núverandi veg og fer hæst upp í 155 m h.y.s. **Veglína C**; **nyrðri leið**, 9,9 km að lengd, liggur norðar og fjær núverandi vegi. Hún liggur um meira aflíðandi land og fer hæst í 136 m h.y.s.

Báðar veglínur sameinast á stuttum köflum í vestri og austri. Austan megin sameinast þær við núverandi slitlagsenda í Vatnadal. Vestan megin sameinast þær inn á Þórshöfn, örlitlu sunnar en þar sem núverandi vegur liggur. Framkvæmdinni fylgir rask á gróðri vegna vegagerðar.



1. mynd. Fyrirhugað framkvæmdasvæði á Brekkaheiði (mynd frá verkkaupa). Þórshöfn er til vinstri.

Hér er gerð grein fyrir úttekt á gróðri og vistgerðum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Helstu vistgerðum er lýst (Borgþór Magnússon, 2019; Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, & María Harðardóttir (ritstj.), 2016) og gerð er grein fyrir hvort sjaldgæfar eða sérstæðar vistgerðir eða friðlýstar plöntutegundir finnast á svæðinu (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., Stjórnartíðindi B nr. 184/1978. Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, 1978; Náttúrufraeðistofnun Íslands, 2018). Markmið rannsóknarinnar er að afla grunnupplýsinga sem geta nýst við mat á áhrifum veglínanna tveggja á umhverfið.

Brekkaheiði er á Langanesi, milli Langanesstrandar og Þistilfjarðar. Norðausturvegur nr. 85 liggur nú þegar yfir heiðina. Rannsóknarsvæðið nær frá vegamótum við Þórshöfn og upp á heiðina að Geysirófu, lítilli á sem á upptök sín í Ásselsvatni í Vatnadal á Brekkaheiði. Fyrirhugaðar veglínur enda þar sem bundið slitlag tekur við af malavegi. Landslag og gróður ein-kennist að miklu leyti að votlendi víða með litlum tjörnum og lækjum, mólendi gróið fjall-drappa og hæðarbungum vöxnum hraungambra.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Vettvangsathugun fór fram 29. og 30. ágúst 2019. Veður var sæmilegt, skúrir með köflum báða dagana, að mestu lygnt en fór að hvesa síðdegis seinni daginn. Að vettvangsvinnu unnu Elín Guðmundsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir. Fyrirhuguð framkvæmdasvæði beggja valkosta voru gengin og svæðin kortlögð m.t.t. vistgerða, gróðri lýst og tegundir æðplantna skrásettar. Sérstaklega var litið eftir sjaldgæfum æðplöntutegundum.

Rannsóknarsvæðið var skilgreint sem 100 m breitt belti til beggja átta frá miðlínu fyrirhugaðra vega. Alls um 1,99 km² fyrir veglínu C og um 1,65 km² fyrir veglínu D. Vistgerðir innan rannsóknarsvæða voru kortlagðar á vettvangi í mælikvarðanum 1:5.000 á loftmynd frá ESRI (2019). Við kortlagningu var notaður vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands (Borgþór Magnússon, 2019; Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016, Viðauki I).

Votlendi stærri en 20.000 m² (0,02 km²) njóta sérstakrar verndar skv. Náttúruverndarlögum (nr. 60/2013). Því var lögð sérstök áhersla á að kortleggja heildarflatarmál votlendissvæða sem að hluta til lentu innan rannsóknarsvæða. Þessi kortlagning var bæði gerð á vettvangi og með hliðsjón af kortavefsjá fyrir sérstaka vernd og vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016; Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019a, 2019c).

Við gerð korta voru notaðar loftmyndir frá ESRI (2019) og Loftmyndum ehf. (2007). Niðurstöður kortlagningar eru birtar á fjórum kortum; tvö tvískipt kort í mælikvarðanum 1:21.000 sem sýna annars vegar vistgerðir og hins vegar verndargildi vistgerða, eitt kort í mælikvarðanum 1:30.000 sem sýnir votlendi á rannsóknarsvæðinu og að lokum eitt kort í mælikvarðanum 1:10.000 sem sýnir samanburð stórra votlenda sem ná yfir báðar veglínur. Flatarmál vistgerða var reiknað út í R (Højsgaard & Halekoh, 2018; R Core Team, 2019) og tekin saman stærð og hlutfallsleg þekja hverrar vistgerðar fyrir sig.

Auk vinnu á vettvangi var leitað heimilda um gróður á svæðinu. Farið var yfir æðplöntutegundir sem skráðar höfðu verið á og í nágrenni við framkvæmdasvæðið og sérstaklega hugað að sjaldgæfum og friðlýstum tegundum. Stuðst var við gagnagrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands við þá vinnu (Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, 1978; Náttúrufræðistofnun Íslands, á.á., 2018, 2019c).

Niðurstöður

Gróður rannsóknasvæðisins er fjölbreyttur. Þar sem veglínur mætast við Þórshöfn liggja þær báðar í gegnum tún í notkun, næst byggð, en ofar liggja gömul tún í órækt (2. mynd, uppi t.v.). Þar má finna ýmis konar gróður sem gjarnan fylgir mannabyggð eins og snarrótarpunt, njóla, túnfífil, vallhumal, skriðsóley, akurarfa og silfurhnapp. Þaðan liggja veglínurnar aðeins í norður, veglína D tekur lítinn sveig en liggur svo áfram í austur nokkuð bratt upp brekkuna, en veglína C tekur stærri sveig í norður og liggur ekki eins bratt.



2. mynd. Næst Þórshöfn liggur vegurinn um tún og á einu þeirra höfðust rollur við í gömlu húsi þegar rannsakendur bar að garði (uppi t.v.). Á leiðinni upp á Brekknaheiði var mólendi áberandi með stórum votlendisblettum í lægðum (uppi t.h.). Uppi á heiðinni var mólendið almennt ekki eins gróskumikið og neðar í landinu og á hæðum var gjarnan mikið um mosa, grjót og rofdíla en votlendi í lægðum (niðri t.v.). Víða á heiðinni voru tjarnir og lækir sem hlykkjuðust um landið (niðri t.h.).

Þar sem veglínurnar liggja upp á heiðina er gróskumikið mólendi áberandi með smárunnum, birki og ýmsum blómjurtum en inn á milli eru votlendisblettir, sumir allstórir, með störum, fífum og nokkrum rakapolnum smárunnum og blómjurtum (2. mynd, uppi t.h.). Á eystri hluta rannsóknasvæðisins nálgast veglínurnar tvær hvor aðra á ný og sameinast svo þar sem þær mæta slitlagi á núverandi vegi. Uppi á heiðinni er mólendisgróðurinn almennt ekki eins gróskumikill og neðar í landinu. Á hæðum er mosi og grjót áberandi og sums staðar eru rofa-börð og rofdílar (2. mynd, niðri t.v.). Töluvert er um misstór flög, sem eru að mestu gróður-laus en þó er þar að finna mýrasef, flagahnoðra og aðrar litlar blómjurtir eins og naflagras, nórur og krækla, ef vel er að gáð. Votlendið er svipað votlandinu neðar í landinu, með mýra-stör, hengistör, klóffu og engjarós, en horblöðku og tjarnastör á blautustu blettunum. Á víð og dreif eru tjarnir og hægrennandi lækir með mýrelftingu, þráðnykru og lækjagrýtu (2. mynd, niðri t.h.).

Vistgerðir

Veglína C

Nítján vistgerðir í sex vistlendum voru kortlagðar á rannsóknarsvæði veglínu C (3. mynd). Þar af voru fjórar vistgerðir með yfir 10% þekju hver (Tafla 1) sem endurspegla ágætlega heilar-svip svæðisins; þurrir og þýfðir móar og holt með blautum flóum og runnarmýrum inn á milli. Fjalldrapamóavist, að mestu vel gróin og nokkuð þýfð, var með mesta þekju, hraungambra-vist, með lágvöxnum gróðri og sums staðar talsvert grýtt, var með næst mesta þekju og runnamýravist á láglendi og brokflóavist voru einnig áberandi (Tafla 1).

Tafla 1. Helstu vistgerðir og hlutfallsleg þekja þeirra á rannsóknarsvæði við veglínu C í ágúst 2019 ásamt verndargildi hverrar vistgerðar.

Vistgerð	Verndargildi	%
Fjalldrapamóavist	Miðlungs	22,8%
Hraungambra-vist	Lágt	16,8%
Runnamýravist á láglendi	Mjög hátt	14,6%
Brokflóavist	Mjög hátt	14,4%
Aðrar vistgerðir		31,3%
		100%

Tafla 2. Hlutfallsleg þekja vistgerða á rannsóknarsvæði við veglínu C í ágúst 2019, m.t.t. verndargildis

Verndargildi	%
Mjög hátt	39,4%
Þar af forgangsvistgerðir	19,6%
Hátt	0,2%
Þar af forgangsvistgerðir	0,1%
Miðlungs	29,6%
Lágt	23,9%
Ekki skilgreint *	6,8%
* vegir og önnur manngerð svæði	100%

Vistgerðir með *mjög hátt* eða *hátt* verndargildi þöktu alls um 40% af rannsóknarsvæðinu (Tafla 2 og 4. mynd). Runnamýravist á láglendi og brokflóavist höfðu mesta þekju af vist-gerðum með *mjög hátt* verndargildi. (sjá töflu Tafla 1). Runnamýravist á láglendi er skilgreind sem forgangsvistgerð af Náttúrufræðistofnun Íslands m.a. vegna verndargildis og ályktunar Bernarsamningsins (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Vistgerðir sem skilgreindar eru með *hátt* verndargildi þöktu einungis 0,2% af rannsóknarsvæðinu, þar af voru lyngmóavist á hálendi og kjarrskógavist með um 0,1% heildarþekju hvor vistgerð (Tafla 2), aðrar þöktu mun minna. Svæði með óskilgreint verndargildiþöktu tæplega 7% rannsóknarsvæðis veglínu C. Þetta voru einkum manngerð svæði, að stærstum hluta vegur og tún.

Veglína D

Tuttugu vistgerðir í fimm vistlendum voru kortlagðar á rannsóknarsvæði veglínu D, þar af voru þrjár vistgerðir með um eða yfir 10% þekju hver (Tafla 3). Líkt og á veglínu C var fjalldrapamóavist algengust en næstalgengust var brokflóavist. Aðrar algengar vistgerðir voru hraungambravist og tjarnastararflóavist (Tafla 3). Ekkert skóglendi fannst á veglínu D líkt og á veglínu C.


Tafla 3. Helstu vistgerðir og hlutfallsleg þekja þeirra á rannsóknarsvæði við veglínu D í ágúst 2019 ásamt verndargildi hvernar vistgerðar.

Vistgerð	Verndargildi	%
Fjalldrapamóavist	Miðlungs	18,3%
Brokflóavist	Mjög hátt	14,6%
Hraungambravist	Lágt	9,9%
Tjarnastararflóavist	Mjög hátt	8,7%
Aðrar vistgerðir		48,5%
		100%


Tafla 4. Hlutfallsleg þekja vistgerða á rannsóknarsvæði við veglínu D í ágúst 2019, m.t.t. verndargildis

Verndargildi	%
Mjög hátt	35,6%
Par af forgangsvistgerðir	12,0%
Hátt	5,6%
Miðlungs	27,3%
Lágt	21,0%
Ekki skilgreint *	10,5%
* vegir og önnur manngerð svæði	100%

Vistgerðir með *mjög hátt* eða *hátt* verndargildi á rannsóknarsvæði veglínu D þöktu samantlagt svipað hlutfall og á veglínu C, eða alls um 41% af rannsóknarsvæðinu (Tafla 4 og 4. mynd). Brokflóavist var sú vistgerð með *mjög hátt* verndargildi sem þakti mest eða um 14,6% rannsóknarsvæðisins, sem er svipuð hlutfallsþekja og á veglínu C. Tjarnastararflóavist var með næst mesta þekju vistgerða með *mjög hátt* verndargildi (Tafla 3). Vistgerðir með *hátt* verndargildi þöktu um 5,6%, aðallega runnamýravist á hálendi með um 5% þekju. Aðrar vistgerðir með *hátt* verndargildi voru með minna en 0,5% þekju. Svæði með óskilgreint verndargildi þöktu um 10,5% veglínu D, sem af stærstum hluta eru vegir, önnur manngerð svæði, tún og lúpínubreiður.




3. mynd. Vistgerðir á áhrifasvæði veglína C og D á Brekknaheiði í ágúst 2019., Vesturhluti veglína (uppi) og austurhluti veglína (niðri).



4. mynd. Staðsetning forgangsvistgerða og vistgerða með mjög hátt og hátt verndargildi á áhrifsvæði veglína C og D á Breknaheiði í ágúst 2019, skv. skilgreiningu NÍ (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016).

Votlendi

Votlendi voru lang algengustu vistlendingin á báðum veglínunum. Votlendi voru alls 684.572 m² (39%) á veglínu C og 629.334 m² (41%) á veglínu D ef einungis eru teknar inn stærðir innan skilgreindra rannsóknarsvæða veglínanna tveggja (5. mynd). Töluvert var um stór votlendi, sem kortlögð voru út fyrir rannsóknarsvæði, eða rúmlega 1.243 þúsund m² til viðbótar á veglínu C og tæplega 1.503 þúsund m² til viðbótar á veglínu D. Meirihluti votlendissvæða voru stærri en 20.000 m² og njóta því verndar skv. lögum um náttúruvernd (nr. 60/2013 m.s.br.) Á báðum veglínunum var brokflóavist algengasta votlendisvistgerðin. Næst algengustu votlendisvistgerðirnar voru tjarnastararflóavist á veglínu D en runnamýravist á láglandi á veglínu C.



5. mynd. Votlendissvæði sem skráð voru á veglínunum C og D í ágúst 2019 skipt eftir stærð; (gult) votlendi minni en 20.000 m² og (rautt) votlendi 20.000 m² eða meira.

Tegundir æðplantna

Alls fundust 145 tegundir æðplantna við vettvangsathugun á Brekknaheiði (sjá viðauka II). Engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista fundust í athugininni (Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, 1978; Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018).



6. mynd. Rannsóknasvæðið náði frá Þórshöfn, í gegnum landbúnaðarland þar sem t.d. var talsvert af mariuvendi við beitarhólf fyrir hross (uppi t.v.) og upp á Brekknaheiði. Þar var m.a. að finna klófifu og horblöðku á blautari svæðum (uppi t.h.) og stinnastör, krækilyng o.fl. á þurrari svæðum (niðri t.v.). Í flögum, hér og þar á Brekknaheiði, mátti m.a. finna naflagras, mýrasef og flagahnoðra (niðri t.h.).


Á plöntuveysjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, í þeim 10x10 km reitum sem rannsóknasvæðið fellur undir (nr. 6636 og 6736), er skráð ein tegund á valista (Náttúrufræðistofnun Íslands, á.á., 2018). Það er fjallkrækill sem er í nokkurri hættu og er skráður í austari reitnum, fjær Þórshöfn. Í sama reit eru einnig skráðar sjaldgæfu tegundirnar fjallabrúða og skógfjola (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2018), en skógfjola er friðlýst plöntutegund (Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, 1978). Leitað var eftir þessum tegundum á rannsóknasvæðinu en fundust ekki.

Í reitunum tveimur eru í heild skráðar 202 æðplöntutegundir (Náttúrufræðistofnun Íslands, á.á., 2019b). Alls fundust 133 þeirra við vettvangsathugun, auk 12 annarra tegunda. Rann-

sóknasvæðið á Brekkaheiði er aðeins lítill hluti viðkomandi 10x10 km reita en þar vex um 66% þeirra æðplantna sem skráðar eru í reitunum og því verður tegundafjölbreytni þar að teljast nokkur, enda nær svæðið um fjölbreytileg vistlendi, frá fjöru við Þórshöfn og upp á heiðina (6. mynd).

Vegna þess hve gróður á vegstæðunum tveimur var áþekkur, var gerður einn tegundalisti fyrir allt svæðið. Ef sjaldgæfar tegundir hefðu fundist, hefðu staðsetningar þeirra verið skráðar sérstaklega.

Samanburður veglína



7. mynd. Samanburður á stórum votlendisflákum á veglínunum C og D á Brekkaheiði. Veglína D sker votlendið þegar í gegn og því virðist veglína C vera betri kostur m.t.t. votlendissvæða en þegar betur er að gáð myndi veglína C skerða votlendi enn fremur, auk þess sem hún liggur um forgangsvistgerð.

Veglína C er 1,7 km lengri en veglína D og því er rannsóknarsvæði veglínunna C 350 þúsund m² stærra. Á veglínunni C fannst ekki djújavist, runnamýravist á hálandi eða alaskalúpína, sem fannst á veglínunni D. En á veglínunni D fannst hvorki starmóavist né kjarrskógavist sem fannst á veglínunni C. Algengustu vistgerðirnar voru að mestu leyti þær sömu. Þó var töluverður munur á hlutfalli þekju hraunbambavistar, runnamýravistar á láglandi og tjarnastararflóavistar (Tafla 5).

Hlutfall þekju votlendis innan rannsóknasvæða er mjög svipað á báðum veglínunum (um 40%). Talsvert munar hins vegar á stærð votlendis sem nær út fyrir rannsóknasvæði veglínanna, þar sem veglína D myndi skerða um 203.600 m² meira votlendi en veglína C. Þessi samanburður gefur þó ekki raunsanna mynd þar sem hluti votlendissvæða sem verða fyrir áhrifum vegna veglínunna D eru þegar röskuð, þar sem hún liggur að stórum hluta um núverandi veg sem hefur sundrað stærri votlendisflákum (7. mynd).

Forgangsvistgerðir falla undir tæplega 20% rannsóknarsvæðis veglínunna C en 12% á veglínunni D. Vistgerðir með mjög hátt verndargildi náðu yfir rúmlega 39% rannsóknarsvæðis á veglínunni C en tæplega 36% á veglínunni D. Þá munar töluverðu á þekjuhlutfalli vistgerða sem höfðu hátt

verdargildi. Vistgerðir með hátt verdargildi voru einungis á 0,2% rannsóknarsvæðis veglínu C en 5,6% á veglínu D. Svæði með óskilgreindum verdargildum voru á 6,8% rannsóknarsvæðis veglínu C og 10,5% á veglínu D. Sá munur skýrist fyrst og fremst á núverandi vegi og litlum, röskuðum svæðum nálægt honum.

Tafla 5. Samanburður veglína C og D á vistgerðum. Nánari samanburð á vistgerðum og vistlendum má finna í Viðauka III.

Vistgerð	Veglína C		Veglína D		Verndargildi
	Heildarstærð vistgerða (þúsund m ²)	Hlutfall þekju	Heildarstærð vistgerða (þúsund m ²)	Hlutfall þekju	
Rannsóknarsvæði (þúsund m ²)	1.990		1.650		
Lengd (km)	9,9		8,2		
Fjalldrapamóavist	398,3	22,8%	281,7	18,3%	Miðlungs
Hraungambravist	293,5	16,8%	152,6	9,9%	Lágt
Runnamýravist á láglandi	254,8	14,6%	92,7	6,0%	Mjög hátt*
Brokflóavist	250,9	14,4%	224,6	14,6%	Mjög hátt
Tjarnastararflóavist	86,1	4,9%	134,3	8,7%	Mjög hátt
Aðrar vistgerðir		31,3%		48,5%	
Votlendi alls innan rannsóknarsvæðis	684,6	39,3%	629,3	40,9%	
Þar af forgangsvistgerðir	346,2	19,9%	183,9	12,0%	
Votlendi stærra en 20 ha sem ná út fyrir rannsóknarsvæði	1.928,4		2.132,0		
Verndargildi vistgerða					
Mjög hátt	894,5	39,4%	548,2	35,6%	
Þar af forgangsvistgerðir	460,6	19,6%	184,0	12,0%	
Hátt	6,1	0,2%	86,9	5,6%	
Þar af forgangsvistgerðir	1,4	0,1%	0	0,0%	
Miðlungs	547,4	29,6%	420,1	27,3%	
Lágt	431,7	23,9%	322,4	21,0%	
Ekki skilgreint **	119,6	6,8%	160,9	10,5%	
*Forgangsvistgerð					
**Vegir, manngerð svæði o.fl.					

Umræður

Áhrif framkvæmda á gróður og vistlendi eru einkum óafturkræft rask á gróðurhulu þar sem vegir verða breikkaðir og/eða færðir til. Talsvert stór votlendi er að finna á rannsóknasvæði beggja veglína. Hluti votlendissvæða sem verða fyrir áhrifum vegna veglínu D eru þegar röskuð, þar sem hún liggur að stórum hluta um núverandi veg sem hefur sundrað stærri votlendisflákum. Það skekkir tölulegan samburð á áhrifum veglína á votlendi.

Tegundafjölbreytni er nokkur á rannsóknasvæðinu enda nær það frá láglendi og upp á Brekkaheiði og þar er ýmsar vistgerðir að finna. Í þessari rannsókn fundust engar friðlýstar tegundir eða tegundir á valista.

Vistgerðir með *hátt* og *mjög hátt* verndargildi eru skilgreindar víða á fyrirhuguðum veglínunum og þekja um 40% heildarframkvæmdarsvæðisins á hvorri veglínu fyrir sig. Fyrirhugaðar framkvæmdir myndu skerða votlendissvæði sem njóta sérstakrar verndar (Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br.) en innan skilgreinds jaðarsvæðis framkvæmda falla margar mýrar, stærri en 20.000 m², að hluta eða miklu leyti. Algengustu votlendissvæðin voru runnamýravist á láglendi og brokflóavist á veglínu C en brokflóavist og tjarnastarflóavist á veglínu D. Brokflóavist hefur mjög hátt verndargildi en nýtur að öðru leyti ekki sérstakrar verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016). Vistgerðin hefur allríkt fuglalíf, hún finnst um allt land en er algengust á Mýrum og norðvestan- og norðaustanlands. Tjarnastarflóavist og runnamýravist á láglendi eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar (Jón Gunnar Ottósson o.fl., 2016) auk þess sem runnamýravist á láglendi er metin sem forgangs- vistgerð á náttúruminjaskrá (Náttúrufræðistofnun Íslands, 2019a). Í tjarnastarflóum er gjarnan ríkulegt fuglalíf og mikilvægt beitiland heiðagæsa á hálendi. Vistgerðin finnst mest á blágrýtissvæðum á Vestur- og Austurlandi. Í runnamýravist á láglendi er einnig ríkulegt fuglalíf og er hún algengust á Suðurlandi, í Húnavatnssýslum og á Norðausturlandi.

Kortlagning vistgerða tekur til allt að 100 m raskaðs svæðis beggja vegna fyrirhugaðra veglína, alls 200 m breitt belti. Votlendissvæðin eru mjög algeng og víðáttumikil á báðum veglínunum. Þó má með góðri hönnun og skipulagi, auk vandaðra vinnubragða á framkvæmdartíma lágmarka áhrif. Þá er mikilvægt að endurheimta votlendi á móti því votlendissvæði sem ekki verður komist hjá að raska við framkvæmdirnar, en mikilvægi votlendisvistkerfa verður seint ofmetið vegna kolefnisbindigetú og margs konar vistkerfisþjónustu sem þau veita (Davidson, Van Dam, Finlayson, & McInnes, 2019; Samráðshópur um endurheimt votlendis, 2016).

Búast má við því að rask verði á gróðri í nágrenni fyrirhugaðs vegar og að græða þurfi upp vegfláa eftir veglagningu. Mikilvægt er að taka mið af umhverfinu þegar uppgræðsluáðferðir eru valdar. Hægt er að milda áhrif rasks sem fylgir vegaf framkvæmdum á gróður með því að nota staðarefnivið við frágang svæðisins (Ása L. Aradóttir & Guðrún Óskarsdóttir, 2013). Hér á landi hefur fengist talsverð reynsla af endurheimt staðargróðurs á röskuðum svæðum sl. ár (Ása L. Aradóttir & Járngerður Grétarsdóttir, 2011; Guðrún Óskarsdóttir & Ása L. Aradóttir, 2015; Hafdís Sturlaugsdóttir, 2008; Járngerður Grétarsdóttir & Ragnar Frank Kristjánsson, 2017) og ef áðferðir sem henta viðkomandi gróðurlendi eru notaðar, getur uppgrætt svæði tiltölulega fljótt fengið á sig mynd gamalgróins uppgræðslusvæðis þar sem staðargróður hefur náð að festa rætur á ný (Ása L. Aradóttir & Guðrún Óskarsdóttir, 2013).

Lokaorð

Gróður veglínanna tveggja er áþekkur. Þær liggja um mis vel gróin mólendi með stórum votlendissvæðum inn á milli. Veglína C liggur að hluta aðeins lægra en veglína D. Veglína D liggur um meira raskað land þar sem hún fylgir að mestu núverandi vegi og þar meðfram eru nú þegar skurðir. Gróður á áhrifasvæði veglínu C er minna raskaður þar sem línan liggur lengra frá núverandi vegi. Auk þess er hún er lengri og veldur þar af leiðandi raski á stærra svæði. Frá Þórshöfn upp á heiðina liggur veglína D um örlítið þurrara mólendi en veglína C, þó þar sé einnig að finna votlendisbletti. Uppi á heiðinni er gróður á leiðunum mjög sambærilegur. Vistgerðir og hlutfallsleg þekja þeirra eru nokkuð sambærilegar milli veglína, en þó þekja forgangsvistgerðir 20% á veglínu C samanborið við 12% á veglínu D. Rask á votlendissvæðum yrði nokkuð sambærilegt.

Mikilvægt er að halda raski í lágmarki við framkvæmdir og leggja áherslu á að endurheimta votlendi og beita uppgræðslu með staðargróðri við lok framkvæmda. Til að auka þekkingu á árangri mismunandi uppgræðsluaðferða er einnig mikilvægt að árangur endurheimtar og uppgræðslu verði metinn 2-4 árum eftir framkvæmdir og matið síðan endurtekið 6-8 árum síðar.

Heimildir

- Auglýsing um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda, Lög nr. 184/178 (1978).
- Ása L. Aradóttir, & Guðrún Óskarsdóttir. (2013). The use of native turf transplants for roadside: Revegetation in a subarctic area. *Icelandic Agricultural Sciences*, 26(1), 59–67.
- Ása L. Aradóttir, & Járngerður Grétarsdóttir. (2011). Endurheimt staðargróðurs á röskuðum hálendissvæðum. *Rit Lbhí nr. 29. Rit Lbhí*, (29).
- Borgþór Magnússon. (2019). *Vistgerðalykill Náttúrufræðistofnunar Íslands*. Garðabær. Sótt í janúar 2020 á: http://utgafa.ni.is/Baeklingar/baekl_Vistgerdalykill_land_A4.pdf
- Davidson, N. C., Van Dam, A. A., Finlayson, C. M., & McInnes, R. J. (2019). Worth of wetlands: Revised global monetary values of coastal and inland wetland ecosystem services. *Marine and Freshwater Research*, 70(8), 1189–1194. <https://doi.org/10.1071/MF18391>
- ESRI. (2019). Esri, DigitalGlobe, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community.
- Guðrún Óskarsdóttir, & Ása L. Aradóttir. (2015). *VegVist — vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum. Rit Lbhí nr. 59.*
- Hafdís Sturlaugsdóttir. (2008). *Leiðbeiningar um meðferð svarðlags við vegagerð. Bolungarvík.*
- Højsgaard, S., & Halekoh, U. (2018). Groupwise Statistics, LSmeans, Linear Contrasts, Utilities. Sótt í janúar 2020 á: <http://people.math.aau.dk/~sorenh/software/doBy/>
- Járngerður Grétarsdóttir, & Ragnar Frank Kristjánsson. (2017). *Uppgræðsla með staðargróðri á Skaftafellsheiði í Örfum. Rit Lbhí nr. 82.* Reykjavík.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, & María Harðardóttir (ritstj.). (2016). *Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54.* Garðabær.
- Loftmyndir ehf. (2007). Loftmynd í lit. 3500 m y.s. Tekin 2007.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br. Sótt í september 3 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (á.á). Plöntuvefsjá. Sótt í september 2020 á: <http://vefsja.ni.is/website/plontuvefsja/>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2018). Válisti æðplantna. Sótt í september 2020 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019a). Forgangsvistgerðir. Sótt í september 2020 á: <https://www.ni.is/greinar/forgangsvistgerdir>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019b). Landupplýsingagögn. Vistgerðir á Íslandi 1:25.000 NI_VG25r 2. útgáfa. Sótt í júlí 2019 á: http://atlas.lmi.is/NI_Data
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019c). Óbirtur gagnagrunnur (Starri Heiðmarsson).
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (2019d). Sérstök vernd. Kortasjá. Sótt í september 2019 á: <https://serstokvernd.ni.is/>
- R Core Team. (2019). R: A language and environment for statistical computing. R Foundation for Statistical Computing. Vienna, Austria. Sótt í september 2020 á: <https://www.r-project.org/>
- Samráðshópur um endurheimt votlendis. (2016). *Endurheimt votlendis. Aðgerðaáætlun.* Reykjavík.
- Vegagerðin. (2019). *NORÐAUSTURVEGUR (85) Um Brekknaheiði, Langanesvegur – Vatnadalur (27) Samantekt á valkostum C og D úr frumhönnun.*



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Vegagerðin

Sóley Jónasdóttir


sent í tölvupósti til soley.jonasdottir@vegagerdin.is.

Neskaupstað 20. febrúar 2023

Minnisblað um gróður á fyrirhuguðum námusvæðum vegna framkvæmda við veggerð á Brekknaheiði

Inngangur

Í október 2022 óskaði Sóley Jónasdóttir f.h. Vegagerðarinnar eftir því að Náttúrustofa Austurlands ynni úttekt á gróðri fimm svæðum þar sem fyrirhugað er að opna samtals níu námur vegna framkvæmda við nýjan veg um Brekknaheiði milli Lónafjarðar og Finnafjarðar (sjá 1. mynd). Námusvæðin eru fimm: 1) Rétt ofan við þéttbýlið á Þórshöfn, 2) austan við gamla ruslahauga Þórshafnar, 3) við Hraunkotsurðir, 4) í Vatnsdal þar sem vegurinn þverar Geysirófu og 5) á námusvæði við Gunnólfsvík. Óskað var eftir að vinna verkið þegar í stað, þó liðið væri fram á vetur.



1. mynd. Fyrirhugaðar námur og 100 m jaðarsvæði umhverfis þær vegna framkvæmda við nýjan veg um Brekknaheiði. (Bakgrunnskort Samsýn 2020; 2022).

Aðferðir

Vistgerðir voru kortlagðar á vettvangi þann 1. nóvember 2022 á fyrirhuguðum námusvæðum og á 100 m jaðarsvæði umhverfis námusvæðin á myndkort (ESRI 2022) í mælikvarða $\approx 1:5.000$ skv. vistgerðarlykli Náttúrufræðistofnunar Íslands (Borgþór Magnússon 2019, Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstj.) 2016). Jaðarsvæði voru þó ekki látin ná til svæða hinu megin þjóðvegjar við fyrirhuguð námusvæði.

Sérstaklega var litið eftir vistgerðum með hátt verndargildi (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016) eða hafa verið skilgreindar sem forgangsvistgerðir (Náttúrufræðistofnun Íslands á.á.-a) eða lykilvistgerðir (Umhverfisráðuneytið 2011) og sérstökum vistgerðum sem njóta verndar (lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m. sbr.), eins og t.d. votlendi stærri en 20.000 m^2 . Þannig var lögð sérstök áhersla á að kortleggja á vettvangi votlendissvæði sem lentu að hluta innan marka skilgreindra rannsóknasvæða út fyrir rannsóknasvæðin til að fá mynd af stærð þeirra. Við það mat og við frekari úrvinnslu var kortlagning Náttúrufræðistofnunar Íslands af votlendi sem nýtur sérstakrar verndar höfð til hliðsjónar (2018a).

Náttúrustofa Austurlands hafði áður kortlagt vistgerðir og skráð tegundir æðplantna ítarlega á svæðinu þar sem vegbætur á veginum yfir Brekknaheiði eru fyrirhugaðar, frá Þórshöfn í Vatnsdal (Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir 2020) en námur á svæðum 1 til 4 falla þar innan (1. mynd). Sú kortlagning var einnig höfð til hliðsjónar

Æðplöntur voru skrásettar nokkuð ítarlega á svæðinu árið 2020 (Elín Guðmundsdóttir o.fl. 2020). Horft var eftir því hvort fleiri tegundir en þá voru skráðar fyndust auk þess sem leitað var í gagngrunn Náttúrufræðistofnunar Íslands (á.á.-b).


Niðurstöður voru settar fram á kortum og töflum þar sem gerð var grein fyrir helstu vistgerðum og verndargildi þeirra. Kort voru unnin í ArcMap (ESRI 1999-2021) og útreikningar og töflur í R (R Core Team 2020)

Niðurstöður

Námurnar níu voru misstórar, þær minnstu $1.000\text{-}2.700 \text{ m}^2$ á svæði 4 við Geysirófu og sú stærsta um 41.000 m^2 á svæði 5 við Gunnólfsvík þar sem þegar var efninám í gangi (2. mynd).



2. mynd. Námusvæði við Gunnólfsvík.



3. mynd. Vistgerðir á námusvæðunum fimm og 100 m jaðarsvæðum. Á yfirlitskorti uppi eru sýnd lítt röskuð votlendi sem njóta verndar skv. landupplýsingum Náttúrufræðistofnunar Íslands (2018). Bakgrunnskort: Samsýn 2020; 2022 og ESRI 2022.

Fyrirhugað **námusvæði 1** var allt kortlagt sem hraungambravist, sem þakti einnig mest af jarðarsvæðinu. Sums staðar var landið nokkuð rofið og mögulega skiptust þar á hraungambravist og moldarvist eða flágmóavist, þó það hafi ekki komið fram í þeim mælikvarða sem kortlagt var í. Á jaðarsvæðinu var einnig að finna mólendisvistgerðirnar fjalldrapamóavist og lyngmóavist á láglendi sem og nokkuð stór votlend svæði við útjaðra sem njóta verndar stærðar sinnar vegna (lög nr. 60/2013 m.s. br.) (3., 4. og 7. mynd).

Vistlendi á fyrirhuguðu **námusvæði 2** voru einkum mólendisvistgerðir, þ.e. fjalldrapamóavist, starmóavist og fléttumóavist. Einnig voru þar lítt grónari eyðimelavist og hraungambravist. Á jaðarsvæðum voru votlendisvistgerðir í lægðum meðfram móaholtunum s.s. tjarnastararflóavist,



4. mynd. Horft af námusvæði 1 rétt ofan við Þórshöfn

runnamýravist á láglandi og brokflóavist. Votlendi tengdust út fyrir jaðarsvæðin og hlykkjuðust um sund og mynduðu stór votlend svæði sem eru yfir þeim mörkum sem njóta verndar skv. lögum (nr. 60/2013 m.s. br.) (3., 5. og 7. mynd)

Vistlendi á fyrirhuguðu **námusvæði 3** var nær eingöngu einkum fléttumóavist en á jaðarsvæðum var að finna lítt gróna mosamelavist og moldavist, námusvæði sem hefur verið í notkun, lyngmóavist á láglandi, grasmóavist og fléttumóavist. Þá var starungsmýrasund í lægð. Engin votlendi voru innan jaðarsvæða sem eru yfir þeim mörkum sem njóta verndar skv. lögum (nr. 60/2013 m.s. br.) (3., 6. og 7. mynd)

Á fyrirhugað **námusvæði 4** var eingöngu hraungambravist, lítið gróið svæði. Á jaðarsvæðum var einkum að finna votlendi, tjarnastaraflóavist, brokflóavist og hengistararflóavist sem njóta verndar (lög nr. 60/2013) (3. og 7. mynd).

Fyrirhugað **námusvæði 5** var á námusvæði sem þegar er í notkun (2. mynd) en á jaðarsvæðum var ýmist manngert svæði, mosamelavist, grasmóavist og moldavist, en einnig starungsmýravist, annars vegar í lægð við Geysirófu og hins vegar starungsmýri sem nær út fyrir jaðarsvæðið nyrst og nýtur verndar stærðar sinnar vegna (lög nr. 60/2013) (3. og 7. mynd).



5. mynd. Horft af námusvæði 2 yfir mýrarsund í lægðum.



6. mynd. Fléttumóavist á námusvæði 3.

Væri litið til námusvæða eingöngu í heild, þá þakti manngert land hlutfallslega stærstan hluta námusvæða, eða um 39%, einkum svæði 5 þar sem nú þegar er stundað efnisnám og svo í útjaðri námu á svæði 3 við Hraunkotsurðir. Mólendi þakti samtals um 38% allra námusvæða, einkum fléttumóavist (23%) á svæði 3 og fjalldrapamóavist (8%) á svæði 2. Þá voru vistlendi með litla gróðurþekju, þ.e. eyðimelavist mosamelavist með um 24% þekju. Engin vistgerð sem kortlögð var innan námusvæða var skilgreind sem vistgerð með mjög hátt eða hátt verndargildi (7. mynd og Tafla 1).

Tafla 1. Samanlögð þekja vistgerða á öllum innan allra námusvæða eingöngu. Sýndar eru allar vistgerðir með meira en 0.5% þekju.

Vistgerð	Verndargildi	m ²	%
L14.1 Þéttbýli og annað manngert land	Þéttbýli	53,138	39%
L10.5 Fléttumóavist	Miðlungs	30,652	23%
L5.3 Hraungambravist	Lágt	23,863	18%
L10.6 Fjalldrapamóavist	Miðlungs	11,324	8%
L10.3 Starmóavist	Miðlungs	4,472	3%
L10.5 Fléttumóavist	Miðlungs	4,283	3%
L1.1 Eyðimelavist	Lágt	3,596	3%
L1.3 Mosamelavist	Lágt	3,565	3%
	alls	135,577	100%



7. mynd. Verndargildi vistgerða á námusvæðunum fimm og 100 m jaðarsvæðum þeirra. Lítt röskuð votlendi sem njóta verndar stærðar sinnar vegna eru táknuð með svörtum skálínum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Bakgrunnkort: Samsýn 2020; 2022 og ESRI 2022.

Alls fundust 145 tegundir æðplantna við vettvangsathugun á Brekknaheiði sumarið 2020 (Elín Guðmundsdóttir o.fl. 2020) og var engin þeirra friðlýst eða á valista (Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385/2021, Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b). Engar tegundir bættust við listann frá 2020 við vettvangsathugun 2022. Skógfjóra (*Viola riviniana*) var skráð í Gunnólfsvík árið

1968 af Hjörleifi Guttormssyni (Náttúrufræðistofnun Íslands á.á.-b). Hnit á fundarstað voru ekki nákvæm og hún fannst ekki við vettvangsathugun 2022. Skógfjóra er tilgreind á valista en ekki metin í hættu (LC) (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018b).

Umræður

Áhrif efnisnáms á fyrirhuguðum svæðum er fyrst og fremst töpuð gróðurhula, en námusvæðin eru þó flest lítt gróin og röskuð að einhverju marki, ef frá er talið námusvæði 3 þar sem er að mestu vel gróinn fléttumói. Náma liggur þó í jaðri þess svæðis sem nýtt hefur verið sem efnisnáma og svæðið því þegar raskað að einhverju marki. Engar vistgerðir með hátt verndargildi, forgangsvistgerðir né vistgerðir sem njóta verndar lögum samkvæmt voru innan fyrirhugaðra námusvæða og engar friðlýstar tegundir æðplantan né tegundir á valista fundust.

Vistgerðir og æðplöntur voru kortlagðar ítarlega á svæðinu þar sem vegbætur á veginum yfir Brekknaheiði eru fyrirhugaðar, frá Þórshöfn í Vatnsdal árið 2020. Fyrirhuguð námusvæði meðfram veginum um Brekknaheiði frá Þórshöfn að Gunnólfsvík eru talin óveruleg viðbót við framkvæmdir við vegabætur á Brekknaheiði. Vel gekk að kortleggja vistgerðir þótt liðið væri fram á vetur. Andstæður í litum og formum í gróðri voru í raun sumhvað betri til greininga en að sumarlagi. Það sama verður ekki sagt um skráningu tegunda æðplantna sem margar voru sölnaðar og erfitt að greina, en það var ekki talið koma að sök þar sem svæðið hafði verið kortlagt ítarlega m.t.t. tegunda sumarið 2020, að undanskildu námusvæði 5 sem var fyrst og fremst manngert svæði þar sem nú þegar fer fram efnisnám.

Fyrirhugaðar námur eru staðsettar á holtum og hæðum í landi. Á vettvangi var gróður kortlagður nokkuð út fyrir eiginleg námusvæði, eða á um 100 m jaðarsvæði. Þau svæði voru gjarnan lægra í landi og innan þeirra féllu mýrarsund sem njóta verndar lögum samkvæmt stærðar sinnar vegna. Með góðu skipulagi og vönduðum vinnubrögðum má komast hjá því að raska votlendi við fyrirhugað efnisnám. Verði ekki hjá því komist að raska votlendi er mikilvægt að endurheimta votlendi á móti, en mikilvægi votlendisvistkerfa verður seint ofmetið vegna kolefnisbindigetu og margs konar vistkerfisþjónustu sem þau veita (Davidson, Van Dam, Finlayson, & McInnes, 2019; Samráðshópur um endurheimt votlendis, 2016).

Við frágang svæða að efnisnámi loknu er mikilvægt að taka mið af umhverfinu þegar uppgræðslu- aðferðir eru valdar. Hægt er að milda áhrif rasks sem fylgir vegaf framkvæmdum á gróður með því að nota staðarefnivið við frágang svæðisins (Ása L. Aradóttir og Guðrún Óskarsdóttir, 2013).

Heimildir

- Auglýsing um friðun æðplantna, mosa og fléttna nr. 1385 (2021).
- Ása L. Aradóttir, & Guðrún Óskarsdóttir. (2013). The use of native turf transplants for roadside: Revegetation in a subarctic area. *Icelandic Agricultural Sciences*, 26(1), 59–67.
- Borgþór Magnússon (2019). *Vistgerðarlykill Náttúrufræðistofnunar Íslands. I. Vistgerðir á landi* http://utgafa.ni.is/Baeklingar/baekl_Vistgerdalykill_land_A4.pdf
- Davidson, N. C., Van Dam, A. A., Finlayson, C. M., & McInnes, R. J. (2019). Worth of wetlands: Revised global monetary values of coastal and inland wetland ecosystem services. *Marine and Freshwater Research*, 70(8), 1189–1194. <https://doi.org/10.1071/MF18391>
- Elín Guðmundsdóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir (2020). Gróður á Breknaheiði. Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði. Náttúrustofa Austurlands, NA-200198.
- ESRI (1999-2021). ArcGIS Desktop 10.8.2. Basic licence. Build 28388.
- ESRI (2022). Esri, Maxar, GeoEye, Earthstar Geographics, CNES/Airbus DS, USDA, USGS, AeroGRID, IGN, and the GIS User Community.
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir (ritstjórar) (2016). *Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Íslands nr. 54*. Garðabær.
- Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br. Sótt í september 2022 á: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2013060.html>
- Náttúrufræðistofnun Íslands (2018a). *Landupplýsingagögn. Sérstök vernd náttúruvæðingara, 1:50.000. NI_N50v_serstokVernd_1.utg*, 1. útgáfa. Sótt í maí 2020 á: http://atlas.lmi.is/NI_Data_Landupplýsingar.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (2018b). *Válisti æðplantna*. Sótt í júlí 2022 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/plontur/valisti-aedplantna>
- Náttúrufræðistofnun Íslands. (án árs -a). *Forgangsvistgerðir*. Sótt í júlí 2022 á: <https://www.ni.is/greinar/forgangsvistgerdir>
- Náttúrufræðistofnun Íslands (án árs -b). *Fundarstaðir sjaldgæfra plöntutegunda*. Óbirtur gagnagrunnur.
- R Core Team (2020). *R: A language and environment for statistical computing*. R Foundation for Statistical Computing. Vienna, Austria. Sótt í september 2020 á: <https://www.r-project.org/>
- Samráðshópur um endurheimt votlendis. (2016). *Endurheimt votlendis. Aðgerðaáætlun*. Reykjavík.
- Samsýn (2020). Léttkort. Sótt í gegnum ArcGISOnline.
- Samsýn (2022). Grátónakort. Sótt í gegnum ArcGISOnline.
- Umhverfisráðuneytið (2011). Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Nefnd um endurskoðun náttúruverndarlaga. Sótt 14. febrúar 2023 á: https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneyti-media/media/PDF_skrar/Hvitbok_natturuvernd.pdf

Viðauki 2 – Fuglalíf

Fuglalíf á Brekknaheiði

Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði



Hálfván H. Helgason og Halldór Walter Stefánsson

Unnið fyrir Vegagerðina



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Skýrsla nr: NA-200201	Dags: Desember 2020	Dreifing: Opin
Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill): Fuglalíf á Brekknaheiði Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði	Síðufjöldi: 16	
	Upplag: aðgengileg á www.na.is	
Ljósmynd á forsíðu: Brekkaheiði 16. júní 2020 (ljósmynd HWS)	Fjöldi korta: Kort eru myndir í skýrslu.	
	Fjöldi viðauka: 0	
Höfundar: Hálfán H. Helgason og Halldór Walter Stefánsson		
Unnið fyrir: Vegagerðina		
<p>Náttúrustofa Austurlands tók út fuglalíf á Brekknaheiði á Langanesi, þar sem fyrirhugað er að leggja nýjan veg. Til greina koma tvær veglínur, nyrðri leið (Veglína C) og syðri leið (Veglína D). Fyrirhuguð framkvæmdasvæði voru gengin og þéttleiki varpugla mældur.</p> <p>Alls fundust 25 tegundir við athuganir á áhrifasvæðum veglína eða í næsta nágrenni við áhrifasvæði, einstaklingar 15 þessara tegunda töldust líklegir varpuglar. Alls fundust 144 pör/óðul 12 tegunda innan 200 metra frá miðlínu sniðs á Veglínu C en 102 pör/óðul 12 tegunda á Veglínu D, alls 246 pör 14 tegunda, átta þeirra teljast til ábyrgðategunda.</p> <p>Samsetning fuglafánu á áhrifasvæðum veglínanna tveggja er mjög áþekkt, en þó er þéttleiki varpugla marktækt lægri á Veglínu D sem jafnframt er styttri og liggur meira um raskað land. Þéttleiki varpugla óháð tegund á Veglínu C, leiðréttur fyrir sýnileika var 106 (95% öryggismörk; 97-117) pör/óðul á km² en 76 (95% öryggismörk; 69-84) pör/óðul á km² á Veglínu D. Þar munar mestu um þéttleika tveggja af þremur algengustu tegundunum, þúfutittlings og lóuþræls. Á báðum veglínunum voru þúfutittlingar algengastir, 57 (95% öryggismörk; 48-67) pör/óðul á km² á Veglínu C en 23 (95% öryggismörk; 20-28) pör/óðul á km² á Veglínu D. Heiðlóur voru næst algengastar, 15 (95% öryggismörk; 12-19) pör/óðul á km² á Veglínu C en 18 (95% öryggismörk; 14-22) pör/óðul á km² á Veglínu D. Lóuþrælar voru þriðja algengasta tegundin, 14 (95% öryggismörk; 8-24) pör/óðul á km² á Veglínu C en 7 (95% öryggismörk; 4-12) pör/óðul á km² á Veglínu D. Alls telja einstaklingar þessara þriggja tegunda 80% af uppreiknuðum varpþéttleika á áhrifasvæði Veglínu C en 62% af varpþéttleika á Veglínu D.</p> <p>Ekki er viðbúið að vegalagning um Brekknaheiði hafi mikil áhrif á fuglalíf á svæðinu en þó má telja ljóst að áhrif Veglínu D, yrðu minni. Af 25 fuglategundum sem komu fram í athugunum teljast 15 til forgangstegunda, þ.a. eru 8 á valista auk tveggja tegunda sem eru á valista en teljast ekki forgangstegundir. Af þeim 15 varptegundum sem komu fram í athugunum innan og í næsta nágrenni áhrifasvæða veglína, teljast 10 til forgangstegunda, þ.a. eru 4 á valista auk einnar tegundar, rjúpu, sem er á valista en ekki forgangstegund. Því er mikilvægt að halda raski í lágmarki, sér í lagi á varptíma.</p>		
Lykilorð: Vegagerðin, Brekknaheiði, veglínur, fuglar, þéttleiki, vistlendi, vistgerð.	ISSN nr: 2547-7447 (rafræn útgáfa)	
Yfirfarið: KÁ	ISBN nr: 978-9935-9500-4-8 (rafræn útgáfa)	

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	4
Töfluskrá.....	4
Inngangur	5
Gagnaöflun og úrvinnsla	6
Niðurstöður	7
Nyrðri leið (Veglína C)	11
Syðri leið (Veglína D)	12
Umræður	13
Lokaorð.....	14
Heimildir	14

Myndaskrá

1. mynd. Fyrirhugað framkvæmdasvæði á Brekknaheiði (mynd frá verkkaupa). Þórshöfn er til vinstri..... 5

Töfluskrá

1.tafla. Íslensk heiti allra fuglategunda í stafrófsröð, latnesk heiti, heildarfjöldi einstaklinga sem komu fram við sniðtalningar, án tillits til atferlis eða fjarlægðar frá miðlínu sniðs, fjöldi para/óðala innan 200 m frá miðlínum sniða og fjöldi einstaklinga og para sem fram komu í athugunum utan athugunatíma eða á nærliggjandi svæðum. Tegundir eru einnig flokkaðar eftir forgangstöðu og váliststöðu á Íslandi. 7


2.tafla. Samanburður niðurstaða sniðtalninga og uppreiknaður þéttleiki eftir varptegundum og leiðum. **A** er flatarmál (km^2) áhrifasvæða, **D** er mældur þéttleiki, þ.e. lágmarks þéttleiki eða fjöldi talinna para á hvern km^2 talningasvæðis ekki leiðréttur fyrir sýnileika. **Đ** er uppreiknaður þéttleiki, leiðréttur fyrir sýnileika og fjarlægð í einstaklinga, með 95% öryggismörkum (**95L og 95U**) og breytileikastuðul þéttleikamats (**%CV**) og frítölum (**df**). **Líkan** segir til um gerð sýnileikafalls sem best passaði dreifingu gagnanna eða hvort lágmarksmat var notað til að reikna upp heildarfjölda varppara á áhrifasvæði (**Ń**). **Heildarmat** byggir á útreikningum líkana en er ekki samanlögð gildi þéttleikamats. 8

Inngangur

Að beiðni Vegagerðarinnar tók Náttúrustofa Austurlands út fuglalíf á Brekknaheiði sumarið 2020. Fyrirhugað er að leggja nýjan stofnveg á Norðausturvegi nr. 85 yfir heiðina. Vegbætur eru ráðgerðar frá fjöru við Þórshöfn og að núverandi slitlagsenda í Vatnadal (Vegagerðin, 2019).

Tveir valkostir eru settir fram (1. mynd): **Veglína D; syðri leið**, 8,2 km að lengd, liggur að miklu leyti í og við núverandi veg og fer hæst upp í 155 m h.y.s. **Veglína C; nyrðri leið**, 9,9 km að lengd, liggur norðar og fjær núverandi vegi. Hún liggur um meira aflíðandi land og fer hæst í 136 m h.y.s.

Báðar veglínur sameinast á stuttum köflum í vestri og austri. Austan megin sameinast þær við núverandi slitlagsenda í Vatnadal. Vestan megin sameinast þær inn á Þórshöfn, örlitlu sunnar en þar sem núverandi vegur liggur.



1. mynd. Fyrirhugað framkvæmdasvæði á Brekknaheiði (mynd frá verkkaupa). Þórshöfn er til vinstri.

Mögulegum áhrifum mannvirkja og mannvirkjagerðar á fugla hefur víða verið lýst (Fernández og Lank 2008, Drewitt & Langston 2008, Longcore o.fl. 2013, Pearce-Higgins, o.fl. 2009). Þeim er gjarnan skipt í þrennt: Bein skerðing búsvæða sem fara undir mannvirki, óbein skerðing búsvæða vegna fælingar og bein áhrif á dánartíðni, t.d. vegna árekstra fugla við mannvirki eða farartæki.

Erlendar rannsóknir, sem og ein innlend rannsókn, hafa sýnt að þéttleiki margra fugla- tegunda og tegundaauðgi dvínar nær vegum og í samræmi við umferðapunga en svörun mismunandi tegundahópa er þó misjöfn (Forman o.fl. 2002, Summers o.fl. 2011, Kociolek o.fl. 2011, Böðvar Þórisson o.fl. 2020, Fahrige & Rytwinski 2009).

Það er því ekki við því að búast að fuglar hverfi alfarið af þeim svæðum sem næst liggja vegum en gæði búsvæða kunna að skerðast, truflun samfara umferð sem kann að leiða til lakari líkamsástands og/eða varpárangurs og árekstrarhætta er líkleg til þess að auka dánartíðni. Markmið rannsóknarinnar er að afla grunnupplýsinga sem geta nýst við mat á áhrifum veglínanna tveggja á umhverfið.

Gagnaöflun og úrvinnsla

Breknaheiði er á Langanesi, milli Langanesstrandar og Pistilfjarðar. Norðausturvegur nr. 85 liggur nú þegar yfir heiðina. Rannsóknarsvæðið nær frá vegamótum við Þórshöfn og upp á heiðina að Geysirófu, lítilli á sem á upptök sín í Ásselsvatni í Vatnadal á Breknaheiði. Fyrirhugaðar veglínur enda þar sem bundið slitlag tekur við af malavegi. Landslag og gróður ein-kennist að miklu leyti að votlendi víða með litlum tjörnum og lækjum, mólendi gróið fjall-drapa og hæðarbungum vöxnum hraungambra (Elín Guðmundsdóttir o.fl. 2020).

Talningar fóru fram 16. júní 2020 frá 15:00-23:00. Veður var með besta móti, hægur norðan vindur 5-8 m/sek, nokkuð hlýtt, 12-15°C og léttskýjað, 2-3/8, háskýjað. Að vettvangsvinnu unnu Hálfván H. Helgason og Halldór Walter Stefánsson. Viðbúið var að fuglafána einkenndist af mófuglum og því talið áhrifaríkast að beita svokölluðum sniðtalningum (e: line transect sampling) (Bibby o.fl. 2000). Fyrirhuguð framkvæmdasvæði beggja valkosta voru gengin og skráðu athugendur tegund, fjölda, atferli og fjarlægðir fugla frá miðlínu sniðs.

Þar sem umrædd svæði er ekki stór var ákveðið að ganga veglínurnar í heild sinni en vegna tæknilegra örðugleika var ekki talið á tveimur köflum á Veglínu C, alls 1,8 km og 0,3 km kafla á Veglínu D. Þéttleikatölur eru því margfaldaðar með heildarvegalengd veglína og breidd áhrifasvæðis til að reikna heildarfjölda varppara innan áhrifasvæða veglína. Þegar nægjanlega góð gögn lágu fyrir var þéttleiki leiðréttur fyrir sýnileika notaður en annars lágmarks-þéttleiki, þ.e. talin varppör á flatareiningu, ekki leiðrétt fyrir sýnileika.

Fjarlægðir voru mældar í þá staði sem að fugla varð fyrst vart, hornrétt út frá sniði með fjarlægðamælum (Leica – rangemaster 1000 og Vortex Fury HD 5000), eins nákvæmt og við var komið.

Markmið talninganna var að mæla þéttleika varppara eða óðalsbundinna karlfugla. Atferli var því skráð í nokkra flokka, s.s. hvort fuglinn var á flugi, kyrr, söng, kallaði, gaf frá sér varnaðarhljóð, bar æti eða dritsekk eða var þögull og út frá því reynt að ákvarða hvort að um varpfugl væri að ræða. Við úrvinnslu gagna var athugunum skipt í fimm 40 m breið fjarlægðabelti (0-40, 41-80, 81-120, 121-160 og 161-200 m) nema fyrir skógarþróst en vegna skekktrar dreifingar athuganna var tveimur innstu beltunum slegið saman. Útreikningar voru takmarkaðir við varpfugla, ódul/pör innan 200 m frá miðlínu sniðs.

Úrvinnsla gagna var gerð í forritinu DISTANCE (Thomas o.fl., 2010) hvar tíðnidreifingar athugana á mismunandi fjarlægðabilum, sem falla með aukinni fjarlægð frá sniðlínu, eru mátaðar við lýsiföll. Þannig mátti leiðrétta fjölda athugana með tilliti til hvernig sýnileiki fellur með aukinni fjarlægð frá sniðlínu. Bornar voru saman nokkrar gerðir af föllum fyrir hverja tegund á hvoru sniði auk allra tegunda saman á hvoru sniði og það fall sem best lýsti dreifingunni hverju sinni valið. Þannig fékkst mat á þéttleika fugla á rannsóknasvæðinu og stærð óvissu, þ.e. öryggismörk matsins.

Við útreikninga á fjölda fugla innan áhrifsvæða veglína var miðað við að áhrifsvæði næðu 200 metra til beggja handa frá miðlínu vegstæðis. Umdeilt er hversu langt út fyrir vegstæði áhrifa gætir og er það talið mjög mismunandi milli tegunda sjá t.d. Kristinn Albertsson o.fl. (2004) en niðurstöður einu innlendu rannsóknarinnar sem farið hefur fram á áhrifum vega á þéttleika fugla bendir til þess að fyrir margar mófuglategundir gæti ekki áhrifa eða dregið hafi mjög úr áhrifum 200 m frá miðlínu vegar í opnu landi (Böðvar Þórisson o.fl., 2020).

Niðurstöður

Alls voru taldir 486 einstaklingar 20 tegunda í talningum á sniðum, þar af 246 óðul/pör 14 tegunda í varpi (1.tafla og 2.tafla). Fimm tegundir, þ.a. ein varptegund komu fram í athugunum á nærsvæði veglína utan talningatíma, þ.e. lómur, æðarfugl, tjaldur, svartbakur og silfurmafur. Allar nema lómur komu fram vestast á sniðinu hvar fyrirhugaðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85). Tveir lómar sáust á flugi sunnan við Veglínu D eftir að talningu lauk að kvöldi 16. júní.

1.tafla. Íslensk heiti allra fuglategunda í stafrófsröð, latnesk heiti, heildarfjöldi einstaklinga sem komu fram við sniðtalningar, án tillits til atferlis eða fjarlægðar frá miðlínu sniðs, fjöldi para/óðala innan 200 m frá miðlínum sniða og fjöldi einstaklinga og para sem fram komu í athugunum utan athugunatíma eða á nærliggjandi svæðum. Tegundir eru einnig flokkaðar eftir forgangsstöðu og válistastöðu á Íslandi.

Tegund	Latneskt heiti	Nyrðri leið (Veglína C)		Syðri leið (Veglína D)		Nær svæði		Forgangs- tegund ¹	Válista staða ²
		N einst	N óðul	N einst	N óðul	N einst	N óðul		
Álft	<i>Cygnus cygnus</i>	3				1	1	B	LC
Grágæs	<i>Anser anser</i>	9	1	6	1				LC
Heiðlóa	<i>Pluvialis apricaria</i>	33	20	35	23	1	1	B, Á	LC
Himbrimi	<i>Gavia immer</i>			1				B, Á, V	VU
Hrafn	<i>Corvus corax</i>	1				1		V	VU
Hrossagaukur	<i>Gallinago gallinago</i>	22	12	23	11				LC
Jaðrakan	<i>Limosa limosa</i>	6	5	8	7			Á	LC
Kjóí	<i>Stercorarius parasiticus</i>	5	2	4	1			V	EN
Lómur	<i>Gavia stellata</i>					2		B	LC
Lóupræll	<i>Calidris alpina</i>	41	19	25	9	3	2	B, Á	LC
Óðinshani	<i>Phalaropus lobatus</i>	3		5	2	5	1	B	DD
Rjúpa	<i>Lagopus muta</i>	7	6	10					NT
Silfurmafur	<i>Larus argentatus</i>					4			VU
Sílamáfur	<i>Larus fuscus</i>			7					DD
Skógarþröstur	<i>Turdus iliacus</i>	18	8	15	11	2	2		LC
Snjótittlingur	<i>Plectrophenax nivalis</i>	4	1	2	1			V	VU
Spói	<i>Numenius phaeopus</i>	29	10	19	10	1	1	Á	LC
Steindepill	<i>Oenanthe oenanthe</i>	2				1			LC
Stelkur	<i>Tringa totanus</i>	8	3	13	3	2	1	Á	NT
Svartbakur	<i>Larus marinus</i>					1		V	EN
Tjaldur	<i>Haematopus ostralegus</i>					2	1	V	VU
Urtönd	<i>Anas crecca</i>	6							LC
Þúfutittlingur	<i>Anthus pratensis</i>	86	57	30	23	2	2		LC
Æðarfugl	<i>Somateria mollissima</i>					10		Á, V	VU
Alls	24 tegundir þ.a. 16 varpteg.	283	144	203	102	38	12		

¹Á = Ábyrgðartegund (um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi þar við), B = Bernarsamningur V = Válistategund. ²LC = Tegund ekki talin í hættu, NT = í yfirvofandi hættu, VU = í nokkurri hættu, EN = í hættu, DD = upplýsingar vantar.

2.tafla. Samanburður niðurstaða sniðtalninga og uppreiknaður þéttleiki eftir varptegundum og leiðum. **A** er flatarmál (km²) áhrifsvæða, **D** er mældur þéttleiki, þ.e. lágmarks þéttleiki eða fjöldi talinna para á hvern km² talningasvæðis ekki leiðréttur fyrir sýnileika. **Ď** er uppreiknaður þéttleiki, leiðréttur fyrir sýnileika og fjarlægð í einstaklinga, með 95% öryggismörkum (**95L og 95U**) og breytileikastuðul þéttleikamats (**%CV**) og frítölum (**df**). **Líkan** segir til um gerð sýnileikafalls sem best passaði dreifingu gagnanna eða hvort lágmarksmat var notað til að reikna upp heildarfjölda varppara á áhrifsvæði (**Ń**). **Heildarmat** byggir á útreikningum líkana en er ekki samanlögð gildi þéttleikamats.

Snið	A (km ²)	Tegund	D	Ď	%CV	df	95L	95U	Líkan	Ń	95L	95U	
Nyrðri leið (Lína C)	3,96	Grágæs	0,3						Lágmarksmat	1,2			
		Heiðlóa	6,2	15,1	11,6	42,0	12,0	19,1	Half-normal/Cosine	59,8	47,4	75,6	
		Hrossagaukur	3,7	5,7	14,7	21,0	4,2	7,7	Hazard/Cosine	22,5	16,6	30,5	
		Jaðrakan	1,5	3,7	22,0	11,0	2,3	6,1	Half-normal/Polynomial	14,8	9,2	24,0	
		Kjóí	0,6						Lágmarksmat	2,4			
		Lóuþræll	5,9	13,5	28,6	26,0	7,6	24,1	Half-normal/Polynomial	53,6	30,1	95,4	
		Óðinshani	NA										
		Rjúpa	1,9	3,7	11,8	5,0	2,8	5,0	Uniform/Cosine	14,7	10,9	19,9	
		Skógarþröstur	2,5	3,9	18,3	18,0	2,7	5,7	Uniform/Cosine	15,4	10,5	22,6	
		Snjótittlingur	0,3							Lágmarksmat	1,2		
		Spói	3,1	4,0	12,2	18,0	3,1	5,1	Hazard/Cosine	15,8	12,2	20,4	
		Steindepill	0,3							Lágmarksmat	1,2		
		Stelkur	0,9	4,1	31,7	5,0	1,8	9,0	Half-normal/Polynomial	16,1	7,3	35,7	
		Þúfutittlingur	17,6	56,8	8,4	79,0	48,1	67,1	Half-normal/Cosine	224,9	190,5	265,6	
Heildarmat	53,7	106,4	4,9	246,0	96,6	117,1	Half-normal/Cosine	421,3	382,7	463,8			
Syðri leið (Lína D)	3,28	Grágæs	0,3						Lágmarksmat	1,0			
		Heiðlóa	7,3	17,7	11,6	42,0	14,0	22,4	Half-normal/Cosine	58,2	46,1	73,5	
		Hrossagaukur	3,5	5,3	14,7	21,0	3,9	7,2	Hazard/Cosine	17,4	12,9	23,6	
		Jaðrakan	2,2	5,4	22,0	11,0	3,3	8,7	Half-normal/Polynomial	17,6	10,9	28,4	
		Kjóí	0,3						Lágmarksmat	1,2			
		Lóuþræll	2,8	6,5	28,6	26,0	3,7	11,6	Half-normal/Polynomial	21,5	12,1	38,2	
		Óðinshani	0,6							Lágmarksmat	2,3		
		Rjúpa	NA										
		Skógarþröstur	3,5	5,5	18,3	18,0	3,7	8,0	Uniform/Cosine	17,9	12,2	26,3	
		Snjótittlingur	0,3							Lágmarksmat	1,2		
		Spói	3,2	4,1	12,2	18,0	3,2	5,3	Hazard/Cosine	13,4	10,3	17,2	
		Steindepill	NA										
		Stelkur	0,9	4,2	31,7	5,0	1,9	9,2	Half-normal/Polynomial	13,6	6,2	30,2	
		Þúfutittlingur	7,3	23,4	8,4	79,0	19,8	27,6	Half-normal/Cosine	76,8	65,0	90,6	
Heildarmat	32,3	76,4	4,9	246,0	69,4	84,1	Half-normal/Cosine	250,6	227,7	275,9			

Forgangstegundir og válistategundir

Af 25 fuglategundum sem komu fram í athugunum teljast 15 til forgangstegunda, þ.a. eru 8 á válista auk tveggja tegunda sem eru á válista en teljast ekki forgangstegundir. Af þeim 15 varptegundum sem komu fram í athugunum innan og í næsta nágrenni áhrifsvæða veglína, teljast 10 til forgangstegunda, þ.a. eru 4 á válista auk rjúpu, sem er á válista en ekki forgangstegund:

Álftir (LC) fundust ekki verpanði innan 200 m áhrifsvæða veglína en álfapar með hreiður sást á lítilli tjörn, um 360 m frá miðlínu sniðs, austast á Brekknaheiði, hvar báðir veglínukostir liggja saman. Eins sást álftir, sem ekki virtust vera í varpi, á pollum austarlega á Brekknaheiði nærri, en þó ekki innan áhrifsvæðis Veglína C. Álftir eru ekki á válista en forgangstegund skv. Bernarsamningi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Heiðlóur (LC) voru taldar líklegir varpfuglar nokkuð víða á áhrifsvæðum beggja veglína og annar algengasti varpfuglinn á báðum sniðum á eftir þúfutittling, eða um 58 (95% öryggis-

mörk; 46-74) pör uppreiknað fyrir áhrifasvæði Veglínu D og 60 (95% öryggismörk; 47-76) pör á áhrifasvæði Veglínu C (2.tafla). Heiðlóa er ekki á valista en telst til forgangstegunda skv. Bernarsamningi og ábyrgðartegund þar sem >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Himbrimi (VU) Stakur fugl sást á yfirflugi við talningar á Veglínu C, fuglinn flaug úr norðaustri og stefndi í suðvestur. Himbrimi er forgangstegund á forsendum Bernarsamnings, auk þess sem hann er ábyrgðartegund en Ísland er eini reglulegi varpstaður himbrima í Evrópu. Þá er himbrimi skilgreindur sem tegund í nokkurri hættu þar sem þeim hefur fækkað á vetrarstöðvum í Evrópu en þó ber að geta að vísitölur vetrarfuglatalninga Náttúrufræðistofnunar benda til hægfara fjölgunar hér við land undanfarna áratugi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020). Ekki er talið líklegt að himbrimi verpi innan áhrifasvæða veglína.

Hrafnar (VU), stakir fuglar sást í tvö skipti. Annarsvegar við talningu á Veglínu C, nokkuð vestarlega, nærri byggð og hins vegar utan athugunartíma, eftir að talningu lauk, nærri fjöru hvar báðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85). Hrafn er á valista sem tegund *í nokkurri hættu* (VU) þar sem hröfnum hefur fækkað víða sem varpfuglum á undanförunum áratugum (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020). Ólíklegt er að hrafnar verpi innan áhrifasvæða fyrirhugaðra veglína.

Jaðraknar (LC) voru taldir líklegir varpfuglar á áhrifasvæðum beggja veglína, eða um 18 (95% öryggismörk; 11-28) pör uppreiknað fyrir áhrifasvæði Veglínu D og 15 (95% öryggismörk; 9-24) pör á áhrifasvæði Veglínu C (2.tafla). Jaðrakan er ekki á valista en telst til ábyrgðartegunda þar sem >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Kjóar (EN) komu fram í sniðtalningum á áhrifasvæði beggja veglína, tvö varppör á Veglínu C og eitt varppar á Veglínu D. Það reyndist ekki nægjanlegur fjöldi til að reikna sýnileikaföll en lágmarkspéttleiki er metinn 0,6 pör/km² á áhrifasvæði Veglínu C og 0,3 pör/km² á Veglínu D. Kjóar eru á valista Náttúrufræðistofnunnar Íslands sem tegund *í hættu* (EN) en kjóum hefur fækkað mjög hratt á lykil varpstöðvum undanfarin ár (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Lómur (LC), tveir lómar sást á flugi sunnan við Veglínu D eftir að talningu lauk að kvöldi 16. júní. Lómur er ekki á valista en telst til forgangstegunda skv. Bernarsamningi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020). Ekki er talið að lómar verpi innan áhrifasvæða veglína.

Lóuprælar (LC) voru taldir líklegir varpfuglar á áhrifasvæðum beggja veglína og þriðji algengasti varpfuglinn á báðum sniðum á eftir þúfutittlingi og heiðlóu. Uppreiknaður fjöldi lóupræla var 22 (95% öryggismörk; 12-38) pör á áhrifasvæði Veglínu D og 54 (95% öryggismörk; 30-95) pör á áhrifasvæði Veglínu C (2.tafla). Lóuprælar eru forgangstegund skv. Bernarsamningi og ábyrgðartegund þar sem að >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Óðinshannar (LC) sást á báðum sniðum en varplegir fuglar sást aðeins á áhrifasvæði Veglínu D, á smátjörnum meðfram núverandi vegi og fyrirhugaðri Veglínu D. Óðinshani er ekki á valista en telst til forgangstegunda skv. Bernarsamningi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Snjótittlingar (VU), sást á báðum leiðum en stakir varplegir karlfuglar sást á áhrifasvæðum beggja veglína. Það reyndist ekki nægjanlegur fjöldi til að reikna sýnileikaföll svo

lágmarkspéttleiki er metinn 0,3 pör/km² á áhrifasvæðum beggja veglína. Snjótittlingur er flokkaður sem tegund í *nokkurri hættu* (VU) á valista. Töluleg gögn um stofnstærð og lýðfræði snjótittlinga eru takmörkuð en allar talningar og athuganir benda til að þó að stofninn sveiflist umtalsvert hafi snjótittlingum farið fækkandi síðan um aldamót (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Spóar (LC) voru taldir líklegir varpfuglar nokkuð víða á áhrifasvæðum beggja veglína, eða um 13 (95% öryggismörk; 10-17) pör uppreiknað fyrir áhrifasvæði Veglínu D og 16 (95% öryggismörk; 12-20) pör á áhrifasvæði Veglínu C (2.tafla). Spói er ekki á valista en telst til ábyrgðartegunda þar sem >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Stelkar (NT) voru taldir líklegir varpfuglar á áhrifasvæðum beggja veglína, eða um 14 (95% öryggismörk; 6-30) pör uppreiknað fyrir áhrifasvæði Veglínu D og 16 (95% öryggismörk; 7-36) pör á áhrifasvæði Veglínu C (2.tafla). Stelkur telst til ábyrgðartegunda þar sem >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps. Á valista er stelkur flokkaður sem tegund í *yfirvofandi hættu* (NT) en samkvæmt vísitölum á vetrarstöðvum íslenskra stelka fækkaði þeim um 25% á árunum 1988–2011 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Svartbakur (EN) stakur fugl sást í fæðuleit fjöru, eftir að talningum lauk, þar sem báðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85). Svartbakur er á valista sem tegund í *hættu* (EN) en svartbaki hefur fækkað mikið víðast hvar á landinu síðustu áratugi. Samkvæmt vetrarvísitölu fækkaði svartbökum um 65% frá árinu 1978 til 2014 (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020). Ólíklegt er að svartbakar verpi innan áhrifasvæða fyrirhugaðra veglína.

Tjaldar (VU) komu ekki fyrir í sniðtalningum en varplegt þar sást utan athugunartíma, eftir að talningu lauk, í fjörunni þar sem báðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85). Tjaldar eru á valista sem tegund í *nokkurri hættu* (VU) þar sem vísitölur frá vetrarstöðvum í NV-Evrópu sýna stöðuga fækkun tjalda síðustu 30 árin en enginn innlend gögn eru til sem geta varpað ljósi á stofnþróun tjalds hér á landi (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020).

Æðarfugl (VU) kom ekki fyrir í sniðtalningum en 10 fullorðnar æðarkollur, ungalasur, sáust utan athugunartíma, eftir að talningu lauk, í fjöru hvar báðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85). Æðarfugl á valista sem tegund í *nokkurri hættu* (VU) þar sem að á vetrarvísitala á árunum 1987–2014 bendir til um 33% fækkunar æðarfugla hér við land eða 1,48% á ári. Æðarfugl telst einnig til ábyrgðartegunda þar sem >20% af Evrópustofni nýtir Ísland til varps (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018 og 2020). Æðarfuglar fundust ekki verpanði á áhrifasvæðum veglína og ólíklegt er að æðarfuglar verpi þar í miklum þéttleika. Þó er ekki loku fyrir það skotið að einstaka æðarkollur kunni að verpa vestast á áhrifasvæðum fyrirhugaðra veglína.

Auk framangreindra 15 tegunda sáust að auki tvær tegundir, **silfurmáfur** (VU) og **rjúpa** (NT), sem eru á valista en teljast ekki til forgangstegunda (Náttúrufræðistofnun 2018 og 2020). Fjórir silfurmáfar sáust í fæðuleit og í hvíld í fjörunni þar sem báðir veglínukostir sameinast Norðausturvegi (vegnr. 85), utan talningatíma. Ekki er talið líklegt að silfurmáfar verpi á áhrifasvæðum veglína. Rjúpur sáust við talningar á báðum sniðum en einungis við Veglínu C sáust varplegir fuglar (óðals karrar) innan við 200 m frá miðlínu sniðs. Þéttleiki rjúpa þar var metinn 3,7 (95% öryggismörk; 2,8-5) pör/km² eða um 15 (95% öryggismörk; 11-20) pör uppreiknað fyrir allt áhrifasvæði Veglínu C.

Nyrðri leið (Veglína C)

Alls fundust 283 einstaklingar 17 tegunda við sniðtalningar á Veglínu C, þar af voru talin 144 pör/óðul 12 tegunda innan 200 metra frá miðlínu sniðs. Algengasta tegundin var þúfutittlingur en alls fundust 57 pör/óðul innan talningasvæðis, eins fundust 20 heiðlóu pör/óðul og 19 lóupræls pör/óðul. Lágmarkspéttleiki, þ.e. fjöldi talinna para/óðala á km² var því 54 pör/óðul á km², óháð tegund (

2.tafla). Uppreiknaður þéttleiki fugla, óháð tegund var 106 (95% öryggismörk; 97-117) pör/óðul á km² sem þýðir að heildarfjöldi fugla á áhrifasvæði Veglínu C var 421 (95% öryggismörk; 383-464) par/óðal miðað við 200 m áhrifasvæði og 9,9 km lengd veglínu. Rúmer helmingur þessara para voru þúfutittlingar 225 (95% öryggismörk; 191-266), 14 % voru heiðlóur, 60 (95% öryggismörk; 47-76) pör/óðul og 13 % lóuprælar, 54 (95% öryggismörk; 30-95) pör/óðul.

Syðri leið (Veglína D)

Alls fundust 203 einstaklingar 15 tegunda við sniðtalningar á Veglínu D, þar af voru 102 pör/óðul 12 tegunda innan 200 metra frá miðlínu sniðs. Algengustu tegundirnar voru þúfutittlingur og heiðlóa, en alls fundust 23 pör/óðul hvorrar tegundar innan talningasvæðis. Einnig fundust 11 pör/óðul hrossagauks og skógarprasta, 10 pör/óðul spóa og 9 pör/óðul lóupræla. Lágmarkspéttleiki, þ.e. fjöldi talinna para/óðala á km² var því 32 pör/óðul á km², óháð tegund (

2.tafla). Uppreiknaður þéttleiki fugla, óháð tegund var 76 (95% öryggismörk; 69-84) pör/óðul á km² sem þýðir að heildarfjöldi fugla á áhrifasvæði Veglínu D er 251 (95% öryggismörk; 228-276) par/óðal miðað við 200 m áhrifasvæði og 8,2 km lengd veglínu. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir mismunandi sýnileika tegunda reiknast þéttleiki, og þ.a.l. fjöldi, þúfuttlinga mestur 77 (95% öryggismörk; 65-91) pör/óðul eða um þriðjungur allra varpfugla innan svæðis. Heiðlóur næst flestar 58 (95% öryggismörk; 46-74) pör/óðul, eða um fjórðungur varpfugla innan svæðis og lóuprælar þar á eftir 22 (95% öryggismörk; 12-38) pör/óðul.

Umræður

Tegundafjölbreytni er nokkur á rannsóknasvæðinu enda nær það frá fjöru, inn á Brekknaheiði og liggur um nokkuð fjölbreytt vistlendi (Elín Guðmundsdóttir o.fl. 2020). Þéttleiki fugla á veglínum um Brekknaheiði er allnokkur, eins og fyrirfram var viðbúið, en samkvæmt úttekt Náttúrustofu Austurlands á gróðri svæðinu árið 2019 eru helstu vistgerðir á sem veglínur liggja um fjalldrapamóavist, hraungambravist, brokflóavist, runnamýravist á láglandi og tjarnastararflóavist (Elín Guðmundsdóttir o.fl. 2020). Slíkar vistir einkennir nokkuð ríkulegt fuglalíf, sér í lagi síðastnefndu votlendisvistirnar þrjár (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016).

Hvorugur umræddra veglínukosta liggur um skilgreind mikilvæg fuglasvæði en fjögur slík svæði, Langanesbjörg, Skorvíkurbjarg, Melrakkaslétta og Viðvíkurbjörg liggja í innan 30 km radíus frá áætluðum veglínum (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2016). Ólíklegt er að veglagning á Brekknaheiði hafi áhrif á fugla á þeim svæðum.

Samsetning fuglafánu á áhrifasvæðum Veglína C og D er nánast eins, enda stutt á milli svæðanna. Óðinshana fundust í varpi á áhrifasvæði Veglínu D en ekki á Veglínu C en rjúpur fundust hins vegar verpandi á áhrifasvæði Veglínu C en ekki á Veglínu D. Báðar tegundirnar fundust þó á báðum sniðum og líklegt að þær megi finna verpandi á áhrifasvæðum beggja leiða, enda kjörlandi þeirra þar til staðar, þó að þær hafi ekki fundist í þessari talningu. Náttúrufræðistofnun Íslands hefur árlega mælt þéttleika rjúpna á Brekknaheiði að sumarlagi síðan 2015 (að undanskildu 2016). Þéttleiki óðalsbundinna karra, að vori, hefur sveiflast frá einum og upp í átta karra á km² á því árabili. Í ár bentu talningar til þess að rjúpnastofninn sé í lægð á Norðausturluta landsins (munnleg heimild, Ólafur Karl Nielsen 2020) og í því ljósi ber að líta á niðurstöður talninga Náttúrustofu Austurlands, þ.e. sem þéttleika rjúpna í ári þegar stofninn er undir meðallagi.

Búsvæði fugla munu skerðast við veglagningu en hver áhrif þeirrar skerðingar verða er að öllum líkindum mismunandi eftir tegundum og umfangi framkvæmda. Hluti búsvæða mun hverfa undir ný vegstæði, einhverjir fuglar munu drepast í árekstrum við bifreiðar og fælingaráhrif munu rýra gæði búsvæða og þéttleika fugla út frá veglínu. Þó að samsetning fuglafánu sé lík á áhrifasvæðum veglína er marktækur munur á þéttleika fugla þar á milli. Þar munar mestu um að þéttleiki tveggja algengustu tegundanna, þúfuttlings og lóupræls, er mun meiri á áhrifasvæði Veglínu C en Veglínu D. Mögulegt er að áhrif núverandi vegar kunni að vera, a.m.k. að hluta, ástæða þess að þéttleika fugla á Veglínu D er lægri en á Veglínu C. Sýnt hefur verið fram á að þéttleiki nokkurra íslenskra mófuglategunda sé marktækt lægri nær vegum og sér í lagi vegum hvar umferðarpungi að sumri er meiri en nemur 200 bílum á sólarhring að meðaltali (Böðvar Þórisson o.fl. 2020). Í rannsókn sem Háskólasetur Suðurlands vann á árunum 2018 og 2019 var þéttleiki átta tegunda mófugla á láglandi á Suður- og Vesturlandi, mældur með tilliti til fjarlægðar frá vegum, umferðarpunga og búsvæðagerðar.

Skemmst er frá því að segja að í rannsókninni jókst meðalþéttleiki mófugla marktækt með aukinni fjarlægð frá vegi sem nam 11 fuglum/km² við hverja 50 m sem frá dró vegi. Áhrifin voru marktæk hjá lóupræl, heiðlóu, þúfutittlingi og spóa, óháð umferðarpunga, en auk þess sýndu niðurstöður fram á að þéttleiki allra tegunda var marktækt lægri nærri vegum hvar sumardagsumferð var meiri en 250 bílar á sólarhring, nema hjá hrossagauk og skógarpresti (Böðvar Þórisson o.fl. 2020). Sé horft til þess að meðal sumardagsumferð um Brekknaheiði er samkvæmt talningum Vegagerðarinnar (2020) um 125 bílar á sólarhring má telja ljóst að umferðarpungi er lítill og fælingaráhrif líklega eftir því. Þó vekur lægri þéttleiki þúfutittlings og lóupræls á áhrifasvæði Veglínu D athygli. Eins kann aukinn umferðarhraði, sem fylgt gæti lagningu bundins slitlags, að auka tíðni árekstra fugla við ökutæki en sú mun þó verða raunin hvor leiðin sem valin verður.

Að lokum ber að geta þess að talningar sem þessi, þ.e. sem fara fram að sumarlagi, er ætlað að mæla þéttleika fugla þegar sem flestar tegundir og einstaklingar nýta rannsóknarsvæðið en sýna alls ekki samsetningu fuglalífs á öðrum árstímum. Í því ljósi ber að taka fram að Brekknaheiði er vinsælt rjúpnaveiðisvæði (munnlegar heimildir; Ólafur Karl Nielsen og Sigurður J. Jónsson 2020) og því líklegt að þéttleiki rjúpna utan varptíma sé nokkur á svæðinu. Auknum þéttleika rjúpna kann að fylgja viðvera ránfugla sem ekki komu fram að sumarlagi en verða því útsettir fyrir árekstrarhættu og/eða fælingu á fæðuöflunarsvæðum.

Lokaorð

Samsetning fuglafánu á áhrifasvæðum veglínanna tveggja, er eins og við mátti búast, lík, en þó er þéttleiki marktækt hærrí á Veglínu C sem jafnframt er lengri. Báðar leiðir liggja um mis vel gróin mólendi með stórum votlendissvæðum inn á milli. Veglína C liggur að hluta aðeins lægra en Veglína D. Veglína D liggur um meira raskað land þar sem hún fylgir að mestu núverandi vegi og þar meðfram eru nú þegar skurðir. Ekki er viðbúið að vegalagning um Brekknaheiði hafi mikil áhrif á fuglalíf á svæðinu en þó má telja ljóst að áhrif syðri leiðarinnar, Veglínu D, yrðu minni. Einnig ber að hafa í huga að af þeim 15 varptegundum sem fundust á áhrifasvæðum veglína, teljast 10 til forgangstegunda, þ.a. 4 válistategundir auk rjúpu sem er á válista en telst ekki til forgangstegunda. Því er mikilvægt að halda raski og truflun af völdum framkvæmda í lágmarki, sér í lagi á varptíma.

Heimildir

Bibby, C.J., N.D. Burgess, D.A. Hill & S.H. Mustoe (2000). Bird census techniques. Academic Press, London & New York.

Böðvar Þórisson, Aldís E. Pálsdóttir Tómas G. Gunnarsson (2020) Áhrif vega á þéttleika fugla, skýrsla styrkt af rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. <https://www.vegagerdin.is/media/rannsoknir/1800-659-Ahrif-vega-a-thettleika-fugla.pdf>

Drewitt, A.L., Langston, R.H.W. (2008). Collision effects of wind-power generators and other obstacles on birds. Ann. N.Y. Acad. Sci. 1134, 233–266

- Elín Guðmundsóttir, Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir. (2020). Gróður á Brekknaheiði, Rannsóknir vegna fyrirhugaðra breytinga á vegstæði. Skýrsla unnin fyrir Vegagerðina. Neskaupstaður: Náttúrustofa Austurlands, NA-200198.
- Fahrig, L. & Rytwinski, T. (2009) Effects of roads on animal abundance: an empirical review and synthesis. *Ecology and Society*, 14, 21
- Fernández, G. og Lank, D. B. (2008). Effects of habitat loss on shorebirds during the non-breeding season: Current knowledge and suggestions for action. *Ornitol. Neotrop*, 19, 633-640.
- Forman, R. T. T., Reineking, B. og Hersperger, A. M. 2002. Road traffic and nearby grassland bird patterns in a suburbanizing landscape. *Environmental Management*, 29(6), 782-800
- Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir, & María Harðardóttir (ritstj.). (2016). *Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54*. Garðabær.
- Kocielek, A. V., Clevenger, A. P., St Clair, C. C., & Proppe, D. S. (2011). Effects of road networks on bird populations. *Conservation biology : the journal of the Society for Conservation Biology*, 25(2), 241–249. <https://doi.org/10.1111/j.1523-1739.2010.01635.x>
- Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson og Svenja N.V. Auhage (2016). Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. 295 s. Rafræn útgáfa leiðrétt í nóvember 2017.
- Kristinn J. Albertsson, Hörður Kristinsson, Ólafur K. Nielsen og Guðmundur Guðjónsson (2004). Norðausturvegur um Melrakkaslétu – Náttúrufræðiskönnun vegna vegagerðar II. hluti. Akureyri: Náttúrufræðistofnun Íslands
- Longcore, T., Rich, C., Mineau, P., MacDonald, B., Bert, D. G., Sullivan, L. M., Mutrie, E., Gauthreaux, S. A., Jr, Avery, M. L., Crawford, R. L., Manville, A. M., 2nd, Travis, E. R., & Drake, D. (2013). Avian mortality at communication towers in the United States and Canada: which species, how many, and where? *Biological Conservation*, 158, 410-419, ISSN 0006-3207, <https://doi.org/10.1016/j.biocon.2012.09.019>.
- Náttúrufræðistofnun Íslands (2018). Válisti fugla. Sótt í 6. október 2020 á: <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla>
- Náttúrufræðistofnun Íslands (2020). Forgangstegundir fugla. Sótt í september 2020 á: <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>
- Pearce-Higgins, J. W., Stephen, L., Langston, R. H., Bainbridge, I. P. og Bullman, R. (2009). The distribution of breeding birds around upland wind farms. *Journal of Applied ecology*, 46(6), 1323-1331.
- Rheindt, F.E. (2003) The impact of roads on birds: Does song frequency play a role in determining susceptibility to noise pollution?. *J Ornithol* 144, 295–306. <https://doi.org/10.1007/BF02465629>
- Summers, P. D., Cunnington, G. M. og Fahrig, L. 2011. Are the negative effects of roads on breeding birds caused by traffic noise? *Journal of Applied Ecology*, 48(6), 1527-1534.
- Thomas, L., S.T. Buckland, E.A. Rexstad, J. L. Laake, S. Strindberg, S. L. Hedley, J. R.B. Bishop, T. A. Marques, and K. P. Burnham (2010). Distance software: design and analysis of distance sampling surveys for estimating population size. *Journal of Applied Ecology* 47: 5-14. DOI: 10.1111/j.1365-2664.2009.01737.x
- Vegagerðin. (2019). NORÐAUSTURVEGUR (85) Um Brekknaheiði, Langanesvegur – Vatnadalur (27) Samantekt á valkostum C og D úr frumhönnun.
- Vegagerðin (2020) Umferð og slysatíðni. Sótt í 6. október 2020 á: www.umferd.vegagerd.is

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 • 740 Neskaupstaður • Sími 477-1774 • Fax 477-1923 • Netfang: na@na.is
Tjarnarbraut 39B • 700 Egilsstaðir • Sími: 471-2813 og 471-2774 • www.na.is

Viðauki 3 – Fornleifar

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA BREYTINGA Á
NORÐAUSTURVEGI YFIR BREKKNAHEIÐI Í
LANGANESBYGGÐ



GYLFI HELGASON (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: ELÍN ÓSK HREIÐARSDÓTTIR, GYLFI HELGASON OG KRISTBORG ÞÓRSDÓTTIR

REYKJAVÍK 2019
FS770-19321

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Ljósmynd á forsíðu er af íbúðarhúsinu Vegamótum (b. 1937) NP-112:065_1, horft er til austurs.

Ljósmynd: Elín Ósk Hreiðarsdóttir.

©2019

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BÁRUGÖTU 3

101 REYKJAVÍK

SÍMI: 551 1033

FAX: 551 1047

NETFANG: fsi@fornleif.is

www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður fornleifaskráningar fyrir Vegagerðina vegna breytinga á Norðausturvegi (85) yfir Brekknaheiði í Langanesbyggð. Skráðar voru minjar á jörðunum Syðra-Lóni og Sauðanesi í Langanesbyggð (áður Sauðaneshreppi), Norður-Þingeyjarsýslu, og á jörðinni Sóleyjarvöllum í Langanesbyggð (áður Skeggjastaðahreppi), Norður-Múlasýslu. Teknar voru út tvær veglínur sem koma til greina. Annars vegar var tekin út veglína C sem er tæplega 10 km löng og liggur að stærstum hluta nokkru norðan við Norðausturveg (85). Hins vegar var tekin út veglína D sem er um 8 km löng. Hún liggur nær Norðausturvegi en sveigir hér og hvar til norðurs frá veginum. Tekið var út 100 m breitt svæði beggja vegna við miðja veglínu, samtals 200 m breitt belti á hvorri veglínu.

Samtals var skráð 41 fornleif innan áhrifasvæðis veglínu C og 39 fornleifar innan áhrifasvæðis veglínu D. Af þessum minjum voru 24 innan beggja áhrifasvæða þar sem veglínurnar tvær skarast og voru því samtals skráðar 56 fornminjar á úttektaarsvæðunum tveimur. Minjar sem skráðar voru á Brekknaheiði voru einkum heystæði, leiðir og mógrafir. Þar sem úttektaarsvæðið nær að Þórshöfn voru minjar tengdar fyrstum árum byggðar skráðar, svo sem vatnsstöð og kálgarður. Allar minjar innan úttektaarsvæðis voru skilgreindar í stórhættu vegna vegaframkvæmda.

Efnisorð

Fornleifastofnun, fornleifaskráning, vegagerð, heystæði, Brekknaheiði, Langanesbyggð

Summary

This report provides the results of a detailed survey undertaken for the Icelandic Road and Coastal Administration (Vegagerðin) in advance of a proposed road construction at Norðausturvegur (85) where it runs across Brekknaheiði. Brekknaheiði is a wet moorland and the assessment area lies within the outfields of Sauðanes (Norður-Þingeyjarsýsla) and Sóleyjarvellir (Norður-Múlasýsla), but at Syðra-Lón (Norður-Þingeyjarsýsla) the area is located near an early 20th century fishing village *Þórshöfn*. Two proposed road courses were assessed. Road course C is c 10 km long and largely runs north of the present Norðausturvegur (85), whilst road course D is c 8 km long and follows the present road quite closely.

Altogether 56 archaeological units were identified: 17 sites were surveyed at road course C, 15 at road course D. In addition, 24 sites were identified within the assessment area of both proposed road courses. The commonest archaeological sites surveyed at Brekknaheiði were various hay stores and peat graves. Closer to the village of Þórshöfn a more variety of sites were identified, including an early 20th century house,

vegetable gardens and a mid-20th century aqueduct. All sites within the assessment area are considered to be at high risk from the proposed road construction.

Keywords

Institute of Archaeology, detailed survey, archaeology, road construction, Brekknaheiði, Langesbyggð, North-East Iceland

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR.....	7
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF.....	9
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU.....	11
4. FORNLEIFASKRÁ.....	13
5. STUTT SAMANTEKT UM SÖGU ÚTTEKTARSVÆÐIS.....	54
6. FORNLEIFAR INNAN ÚTTEKTARSVÆÐIS.....	57
<i>Veglína C</i>	60
<i>Veglína D</i>	62
<i>Lokaorð</i>	63
HEIMILDASKRÁ.....	64


Viðauki

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Vegagerðin fyrirhugar breytingar á Norðausturvegi (85) yfir Brekknaheiði, frá austurjaðri lóðar íbúðarhússins Vegamóta (b. 1937) í landi Syðra-Lóns við þéttbýlið á Þórshöfn í Norður-Þingeyjarsýslu og að Geysisrófu sem er rétt suðvestan við Melrakkaás, innan jarðarinnar Sóleyjarvalla í Norður-Múlasýslu. Af þeim sökum fór Vegagerðin þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að hún tæki að sér skráningu fornminja á áhrifasvæði fyrirhugaðra vegaf framkvæmda. Tvær veglínur koma til álita, annars vegar veglína C og hins vegar veglína D. Veglína C er um 10 km löng og liggur hún að stórum hluta norðan við Norðausturveg (85). Veglína D er tæplega 8 km löng og liggur mun nær Norðausturvegi (85) en á nokkrum stöðum sveigir hún lítillega til norðurs frá núverandi vegstæði. Á báðum veglínunum var tekið út 100 m breitt svæði til beggja átta út frá miðlínu, samtals 200 m breitt belti á hvorri veglínu. Þar sem veglínurnar enda til austurs og vesturs koma þær saman og skarast úttektarsvæðin þar (sjá mynd 1).



Mynd 1: Kort sem sýnir afmörkum veglína C og D. © Loftmyndir ehf

Úttektarsvæðin eru að mestu leyti á Brekknaheiði þar sem landslag er fremur einsleitt. Þar eru blautar og grösugar mýrar en inn á milli þeirra eru lágir ásar og grýttar hæðir. Vestast á svæðinu,

í nágrenni Þórshafnar, eru ræktuð tún og gróið deiglendi. Úttektarsvæðið nær yfir úthaga jarðanna. Talsverð byggð var á Brekknaheiði en býlin eru öll utan svæðis sem tekið var út 2019 og innan þess voru ekki heimildir fyrir umfangsmikilli byggð, svo sem minjar eftir sel. Við Þórshöfn voru einkum heimildir um nýminjar ýmiss konar.

Vettvangsvinna var unnin daganna 8.–9. október 2019. Veður var skaplegt en skyggni var slæmt vegna þoku og úrkomu. Guðrún Alda Gísladóttir hjá Fornleifastofnun vann heimildaskráningu fyrir Skeggjastaðahrepp í Norður-Múlasýslu árið 2002 og nýttist hún vel við vettvangsúttektina.¹ Ekki var til sambærileg heimildaskráning fyrir hinn forna Sauðaneshrepp en hún var unnin af Gylfa Helgasyni áður en farið var á vettvang fyrir þær jarðir sem fyrirhugaðar veglínur liggja um. Á vettvangi var gengið kerfisbundið um allt úttektarsvæðið í leit að minjum, bæði þeim sem þekktar voru úr heimildum sem og öðrum óþekktum minjum. Um vettvangsskráningu sáu Gylfi Helgason, Kristborg Þórsdóttir og Elín Ósk Hreiðarsdóttir, fornleifafræðingar, en skýrslugerð og kortavinna var í höndum Gylfa Helgasonar. Allar ljósmyndir eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa.

Uppbygging skýrslunnar er með svipuðum hætti og í deiliskráningarskýrslum Fornleifastofnunar. Í öðrum kafla skýrslunnar er að finna stutt yfirlit um löggjöf um minjavernd. Í þriðja kafla er fjallað um aðferðafræðina og í þeim fjórða er sjálf skráin yfir fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í fimmta kafla skýrslunnar er stutt samantekt um sögu svæðisins og í sjötta kafla er svo umfjöllun um fornleifar innan úttektarsvæðisins og helstu niðurstöður. Aftast í skýrslunni er að finna heimildaskrá, hnitaskrá yfir alla minjastaði og kort sem sýna afmörkun úttektarsvæðisins og þær fornleifar sem fundust innan þess.

¹ Guðrún Alda Gísladóttir 2002.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...].“ Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölpætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NP-113:001). Fornleifaskrár hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti um skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, auk þess er gefin stutt lýsing á búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir allar þær fornleifar sem fundust innan hvernjar jarðar.

Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og hins vegar voru allir minjastaðir uppmældir. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirleggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens: **SF-175009** Númer fornleifar á tiltekinni jörð: **Sveinshlaða** Sérheiti: **tóft** Tegund: **hlaða** Hlurverk: **hlaða** Hnartstaða í landshnitakerfi ISN93: **E: 528751 N: 352323**

Sýslutíkn: **SF-175009**

Sveinshlaða 009, horft til norðurs

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstaði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstaði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skafartunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar.

Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skafartunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlaðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfín virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Skýringarmynd. Dæmi um skráningu á minjastað.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektaarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

4 Fornleifaskrá

NM-003 Sóleyjarvellir

Sögulegar heimildir

1847: Sóleyjarvalla er hvergi getið í jarðabókum og er talin hjáleiga annaðhvort frá Gunnólfsvík eða Felli. JJ, 350.

1841: „kallað 2 hndr., hjáleiga frá Felli [...] og nýbýli, byggt upp 1826.“ SSM, 30, 33. Einnig sögð hjáleiga frá Felli árið 1861.

Jörðin hét upphaflega Urðarsel og talin hafa verið sel frá Felli.

Jörðin fór í eyði 1959 en nytjuð frá Felli. SJM I, 16.

Tvö eyðibýli í landinu, Vatnadalur og Halldórsstaðir. Eigandi Þórshafnarhreppur. SJM V, 20.

Landsnettir

Túnakort [í kringum 1920]: Tún 1,8 ha., garðar 88 m².

„Sóleyjarvellir eru vestur af Gunnólfsvíkurfjalli þar er láglendi lítið, aðallega mjó spilda upp með Geysirófu sem rennur niður Vatndal, sem er grunn votlend dæld. Nokkuð víðáttumikið flatlendi með flóum er á Brekknaheiðinni inn og suður undir Þernuvatn. Jörðin á lítið land að sjó en þar voru útróðrarskilyrði ágæt. Tún var allgott en ræktunarskilyrði takmörkuð. Engjar voru votlendar og heybandsvegur slæmur, en slægjulönd grasgefin. Útbeit er víðlend og kjarngóð, en landið snjóþungt.“ SJM I, 16.

NM-003:012 tóft heystæði

A 672016 N 635143

Tvær heytóftir (012 og 020) eru á lágum hólum ofarlega í Vatnadal. Litlar tjarnir eru austan og norðan við hólinn sem er fast suðvestan við Norðausturveg (85). Djúpur skurður hefur verið grafinn meðfram veginum frá norðurenda hólsins. Syðst á hólnum er stærri tóftin af þessum tveimur og sú sem hér er skráð. Virðist hún talsvert yngri en hin.



Heystæði 012, horft til norðurs

Gróður er heldur rýr uppi á háhólnum en þar vex þó mosi innan um stórgrýti. Jaðrar hólsins eru grasi vaxnir. Vel gróið er í kringum tóftina og er hún sjálf vaxin grasi, lyngi og mosa. Í Vatnadal eru blautar og grösugar mýrar innan um hólá.

Tóftin er sunnan við hæsta punkt hólsins og er í aflíðandi halla til suðurs. Hún er 7,5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekkert op er á tóftinni sem er hlaðin úr torfi og grjóti og er talsvert vegleg miðað við önnur heystæði á svæðinu (sjá 013, 016, 018, 020). Veggir tóftarinnar eru 0,5-0,8 m á hæð utanmáls og eru 0,8-1,5 m á breidd. Ekki er hægt að greina fjölda umfara í hleðslum. Vesturveggur tóftarinnar er þykkari og völdugri en aðrir veggir. Í honum virðist hafa verið minna hrun og rof en annarsstaðar í tóftinni. Allgreinilegur niðurgröftur eða ummerki um efnistöku er fáum metrum sunnan við tóftina í mýrlendi við jaðar hólsins. Niðurgröfturinn er 0,1-0,2 m djúpur á svæði sem er 4,5x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:013 tóft heystæði

A 671978 N 635115

Íllöng tóft er á litlum grýttum hólum í mýrlendi ofarlega í Vatnadal. Tóftin er um 40 m suðvestan við heystæði 012 og 70 m norðaustan við minjar á Hlöðuhóli 009.



Yfirlitsmynd af heystæðum 012, 013 og 020. ©Loftmyndir ehf

Tóftin er syðst á hólnum sem er vaxinn mosa og lyngi. Stöku rofblettur er í jöðrum hólsins. Grasgefið mýrlendi er hér í kring innan um grýtta hóla.

Tóftin líkist helst heytóft. Hún er 7 m löng og 3 m breið og snýr ANA-VSV. Óljóst op er á henni í norðausturhorni. Innsti hluti tóftarinnar í VSV- enda er lítillaga niðurgrafinn og virðist tóftin skiptast í tvö hólf. Mjög óljós veggur skilur á milli hólfa en hann nær ekki að SSA-langvegg og er þar op á milli hólfanna. Innra hólfíð er 1,5x1,5 m að innanmáli en fremra hólfíð er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Fast SSA við tóftina eru óljós ummerki um þriðja hólfíð sem er 2x1,2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Að því meðtöldu er tóftin 5 m breið um miðbikið. Þessi ummerki gætu einnig verið eftir hrun úr veggjum tóftarinnar eða jarðrask. Veggir tóftarinnar eru 0,4-0,6 m á hæð og eru grónir grasi og mosa. Hvergi sést í grjóthleðslur í veggjum. Í óljósa hólfinu SSA við tóftina eru meintir veggir aðeins 0,2 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:015 gata leið

A 671981 N 635389

Ógreinileg gata er ofarlega í Vatnadal, norðaustan við Halldórsstaðabrúnir, um 480 m norðvestan við þúst 017 og rúmum 120 m norðan við Norðausturveg (85). Engar heimildir geta um leið á þessu svæði og óljóst er hvaða hún kom og hvert hún lá. Vegarlóði liggur af Norðausturvegi upp á holtið sem gatan er á og eru tjarnir sem heitar Stampar suðaustan við áður nefnt holt.

Gatan liggur norðarlega á kletthrygg þar sem þykkur mosi vex. Víðsvegar stendur þó grjót upp úr



Gata 015, horft til VNV

mosanum. Vegslóði sem liggur að gamalli námu er rétt austan við götuna.

Aðeins sést ein gata sem er 0,3-0,5 m breið. Hægt er að rekja hana á 40 m löngum kafla þar sem hún liggur nálega norðvestur-suðaustur. Hún er ógróin, en sums staðar er botninn þó gróinn mosa. Gatan er það breið að ólíklegt er að hún sé kindagata, þótt það sé ekki útilokað. Gatan hverfur undir mýri til norðvesturs en hættir einfaldlega að sjást til suðausturs.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:016 tóft heystæði

A 672462 N 634337

Sigin og mosagróin tóft af heystæði er á þurru rima í mýrlendi í Vatnadal, 45 m vestan við Norðausturveg (85) og 535 m SSA við heystæði 018. Lækjargil Geysirófu er litlu vestan við tóftina og frá honum hækkar landið til vesturs. Tóftin er á nokkuð jafnlendu svæði.



Heystæði 016, horft til austurs

Á svæðinu er mýrlent, grasi gróið svæði en þurr holt og þýfdir, grýttir rimar inn á milli. Riminn sem tóftin er á er stórþýfður og mosavaxinn. Á honum er stórgrýti og jarðvegsrof sums staðar á milli þýfna.

Tóftin er 7x4 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðurenda tóftar er stór jarðlægur steinn og annar við suðausturhorn hennar. Op er á tóftinni í því horni en líklegt er



Yfirlitsmynd af heystæði 016. ©Loftmyndir ehf

að það hafi myndast vegna rofs. Tóftin virðist skiptast í tvö hólf en veggur sem skilur milli hólfanna er ekki mjög sannfærandi. Óljóst op eða rof er á milli hólfanna og eins er op eða rof á miðjum vesturvegg í nyrðra hólfinu. Syðra hólfid er 2x2 m að innanmáli og nyrðra hólfid 2,5x2 m að innanmáli, snýr norður-suður. Hvergi sést í grjóti í veggjum og virðist tóftin að mestu torfhláðin. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir.

Hættumat: stórhætta

NM-003:017 þúst heystæði
Gróin þúst er í miðjum Vatnadal, á austurbakka Geysirófu, rúmum 480 m suðaustan við leið 015 og um 100 m norðan við Norðausturveg (85). Þústin sker sig úr umhverfinu vegna grænku.

A 672332 N 635073

Á þessum slóðum er forarblaut mýri þar sem mikið er um litlar tjarnir og lænur. Þústin er rétt norðan við lítinn læk.



Heystæði 017, horft til norðvesturs

Þústin er 4,5 x 3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er algróin og rís 0,4 m hærra en umhverfið. Ytri brún hennar er skýr en ekki er hægt að

greina innanmál á henni. Helst kemur til greina að þústin sé leifar heystæðis en ekki er útilokað að um náttúrumynd sé að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:018 tóft heystæði

A 672297 N 634848

Lítill tóft af heystæði er á þurri, þýfðri og stórgrýttri hæð í miklu mýrlendi í Vatnadal. Tóftin er 115 m suðvestan við Norðausturveg (85) og 535 m NNV við heystæði 016. Allmikill skurður er um 60 m austan við tóftina.



Yfirlitsmynd af heystæði 018. ©Loftmyndir ehf

Á hæðinni sem tóftin er á vex gamburmosi og hreindýramosi en hér og hvar eru rofblettir. Allt í kringum hæðina sem tóftin er á er grasi gróið mýrlendi.

Tóftin er 6x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún virðist vera einföld, er sigrin og farin að ganga í þúfur. Op er á tóftinni í suðausturhorni en það gæti hafa myndast vegna rofs. Tóftin er vaxin mosa og lyngi og veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:019 varða landamerki

A 670660 N 636304

Austarlega í Brekknaheiði, nærri mörkum milli Norður-Múlasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, er varða á lágu holti. Varðan er undir hundapúfu og nánast orðin algróin er fast suðaustan við mógrafir

og mótóft NP-113:054 í landi Sauðaness og 130 m norðan við Norðausturveg (85). Auk vörðunnar er lítil hleðsla á holtinu en ekki er ljóst hvernig þessar minjar tengjast en þær eru skráðar hér undir



Varða 19_1, horft til vesturs

sama númeri.

Varðan er á lyngi vöxnum hól á holtinu sem virðist náttúrulegur. Holtið er grýtt en mosagróið. Lækur rennur meðfram því að norðvestanverðu og í kring er deiglendur, þýfður mói og fjær er mýrlent.

Minjarnar eru á svæði sem er um 18x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þær fá tölustafi til aðgreiningar í lýsingu sem hefst á vörðu 1 norðaustast á svæðinu. Vörðuhleðslan sjálf er orðin illgreinanleg vegna þess hversu vel gróin hún er. Hún virðist vera 1,5x1 m að grunnfleti og snýr norður-suður. Grjót sést í henni að austanverðu en ekki er hægt að greina fjölda umfara.



Hleðsla 19_2, horft til suðurs

Varðan er um 0,5 m á hæð en litlu hærri ef fuglaþúfan ofan á henni er talin með. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt. Þar sem hún er nærri sýslumerkjum verður að teljast líklegt hún sé landamerkjavarða.

15 m suðvestan við vörðuna hefur þremur flötum grjóthellum verið hlaðið ofan á flatan, stóran stein (hleðsla 2). Grjótið í hleðslunni er um 0,2 m á kant og hleðslan er 0,1-0,2 m á hæð en steinninn sem hún er á er 0,5 m á hæð. Fleira grjót hefur verið í þessari hleðslu því sjá má grjóthrun suðvestan við hana.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:020 tóft heystæði

A 672008 N 635174

Tvær heytóftir (012 og 020) eru á lágum hóli ofarlega í Vatnadal. Litlar tjarnir eru austan og norðan við hólinn sem er fast suðvestan við Norðausturveg (85). Djúpur skurður hefur verið grafinn meðfram veginum frá norðurenda hólsins. Norðvestast á hólnum er minni tóftin af þessum tveimur og sú sem hér er skráð. Virðist hún talsvert eldri en hin tóftin sem er 30 m sunnar.



Heystæði 020, horft til austurs

Tóftin er norðarlega í holtinu, þar sem það er fremur lágt. Í kring er stórgrýti og klappir og mosa og lyngi gróið inn á milli. Allt í kringum holtið er flatlent, grösugt mýrlendi.

Tóftin er 4,5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er einföld og ekkert op er á henni. Veggir hennar eru 0,1-0,3 m á hæð. Hún er vaxin lyngi og mosa og hvergi sést í grjót í hleðslum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NM-003:021 tóft heystæði

A 671374 N 636186

Ofarlega í vestanverðum Vatnadal eru tvær tóftir af heystæðum með stuttu millibili, sitt hvoru megin við graflæk (sjá einnig 014). Sú tóft sem hér er skráð er norðan við lækinn, suðvestarlega á

lágu holti. Tóftin er 30 m norðaustan við heystæði 014 og 165 m norðaustan við Norðausturveg (85). Holtið sem tóftin er á er stórþýft, mosagróid og nokkuð grýtt. Til suðurs er víðfeðm og grösug mýri.

Tóftin er einföld, 7,5x3,5 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki sést op á tóftinni sem er í aflíðandi halla til suðurs. Veggir tóftarinnar eru að líkindum torfhlaðnir og eru 0,2-0,3 m á hæð, lyngi og mosa vaxnir. Stór, jarðlægur steinn er við suðausturhorn tóftarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar



Yfirlitsmynd af heystæði 021. ©Loftmyndir ehf

NÐ-112 Syðra Lón

Sögulegar heimildir

1686: 16 hdr., 160 ál., Hólabiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 305.

1696: 20 hdr., Hólabiskupseign, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 305.

1712: „Jarðardýrleiki rómast að sjé xii hdr., en enginn veit það nú til vissu hjer nálægur, með því að jörðin tíundast ekki sjer í lagi, heldur geldur stólsins umboðsmaður af öllum dómkirkjum jörðum hjer innan sóknar xxx álnir til prestsins og xxx álnir til fátækra,“ Hólabiskupseign, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XII, 372.

1847: 12 hdr., bændeign, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 346.

Jörðin er einnig nefnd Guðmundarlón í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1912.

1296: Jarðarinnar er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs (DI II, 306, 310).

1367: Jarðarinnar er getið í máldaga Refstaðakirkju [NM-064:002] í Vopnafirði (DI III, 235), og 1397 (DI IV, 218), í máldaga Múlakirkju í Aðalreykjadal 1461 (DI V, 283-284). Hún kemur enn fremur fyrir í máldaga Hólabiskupsstóls 1525 (DI IX, 294), í máldaga Refstaðakirkju 1570 og síðar (DI XV, 677) og aftur í máldaga Múlakirkju 1563 (DI XI, 143).

1463, 2. september: „Jón Eyjólfsson selr Ólafi biskupi Rögnvaldssyni til fullrar eignar jörðina Guðmundarlóni á Langanesi með rekaparti í Dritvík, en Ólafr biskup láti kenna syni Jóns tólfvetra gömum til prests; kvittar og biskup Jón um rekaítök, en Jón galt fyrir sex málnytukúgildi.“ DI V, 390.

1464, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar bónda síns á jörðinni Guðmundarlóni til Hólakirkju í Hjaltadal.“ DI V, 421.

1494, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar á jörðinni Guðmundarlón til Hóladómkirkju.“ DI VII, 216.

„Jörðin var í Sauðaneshreppi, en árið 1946 var Þórshafnarhreppur skipt úr Sauðaneshrepp og er það landareign Syðra-Lóns og með því smásneið af Sauðaneslandi,“ segir í örnefnaskrá (Ö-Syðra-Lón, 1).

Þórshöfn (kaupún): „Kaupúnið Þórshöfn var byggt í landi Syðra-Lóns og var í Sauðaneshreppi þar til þorpið var gert að sérstökum hreppi 1946. Árið 1962 keypti Þórshafnarhreppur útmældan hluta úr landareign Syðra-Lóns,“ segir í Land og Fólk 1985, 201.

Eyðihjáleigur á jörðu **1712:** Hrossavellir (NÐ-111:028).

Aðrar eyðihjáleigur á jörðu: Guðlaugarhús (NÐ-111:008), og Fossvellir (NÐ-111:023).

Í kirknaskrá Orra Vésteinssonar segir að líkur bendi til þess að bænhús sé á jörðinni.

Landshættir

1920: Tún 3,2 ha að stærð, þar af 0,5 ha slétt.

1712: „Útigangur lítill í fjörunni og ljettur á landi, og þarf roskenu fje heystyrk að atla, og lömbum fôður hjer um til helmínga. Hestagánga í lakara lagi. Torfrista og stúnga næg. Rifhrís til eldiviðar bjargleg, en til heystyrkss litið sakir feyskju. Silúngsveiði í sjónum og sjóarlónum framan af sumri að nokkru gagni. Selveiði af látrasel og vöðusel hefur áður verið góð, en um lánga tíma engin af vöðuselnum. Hin hefur smám saman farið til rýrðar og er nú valla til hlunninda teljandi, Rekavon í betra lagi, hefur þó ekki heppnast í nokkur ár framar en til húsabyggingar. Túnið spillist af grjótsuppgang. Úthagarnir eru nóg víðlendir og grösugir, en búljettir mjög. Hætt er kvikfje fyrir


dýjum og lækjum, sem oft verður mein að. Vatnsvegur í lengra lagi. Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega gánga so mörg skip sem ábúendur fá við komið. Einn bátur gengur hjer nú,“ JÁM XII, 372-373.

NP-112:065 *Vegamót* hús býli

A 665582 N 637607

„Árið 1937 byggðu hjónin Sigurjón Sigurðsson útvegsbóndi og Þorgerður Sigurðardóttir lítinn torfbæ sunnan þorpsins skammt norðan Fossár. Húsið nefndu þau Vegamót. Hann er 7,5 x 4,4 metrar að stærð. Torfveggir eru upp að gluggum, timbur þar fyrir ofan og timbur og járnþak. Inngangur er á miðju húsi. Hús þetta er nú bakhús við yngra samnefnt hús frá 1949. Sigurjón drukknaði ásamt Marinó Ólafssyni 6. september 1940,“ segir í Langnesingasögu.

Yngra húsinu sem nú er horfið er einnig lýst í sömu bók: „Árið 1948 voru reist tvö einbýlishús og tvær byggingar til atvinnustarfssemi [...] Vegamót voru í eigu Sigurðar Sigurjónssonar sem var einhleypur þegar hann byggði húsið. Stuttu seinna kvæntist hann Birnu Ingólfsdóttur. Húsið var 10 x 7,5 m steinsteypuhús á einni hæð með risi. Það var byggt fyrir framan samnefnt hús frá 1937 sem foreldrar Sigurðar áttu.“



Yfirlitsmynd af minjum við Vegamót 065. ©Loftmyndir ehf

Vegamót er um 120 m austan við þjóðveg að Þórshöfn en um 140 m sunnan við núverandi veg upp á Brekknaheiði. Tún eru austan við veginn að Þórshöfn á þessum slóðum og er Vegamót ofarlega í slíku túni sem nú er fallið í órækt. Nokkurs ruglings hefur gætt um bærarheitið í gegnum tíðina og virðist bærarheiti Jaðars sem var um 280 m sunnar og sunnan við Fossá gjarnan hafa verið notað á hús Vegamóta, t.d. á flestum kortum og einnig í bók um eyðibýli á svæðinu sem út kom 2012. Þar er því haldið fram að húsið sé byggt 1910 en á sú lýsing við Jaðar en ekki Vegamót og

húsið í Vegamótum er byggt 1937 og telst því ekki til friðaðra húsa.

Í túni sem komið er í órækt og hallar aflíðandi til vesturs. Skurður liggur í gegnum túnið um 2 m norðan við og annar skurður þvert í gegnum túnið norður-suður rúmum 20 m ofan (austan) við húsið.

Í túni Vegamóta má greina mannaverk á nokkrum stöðum en er allt svæðið hér skráð undir einu og sama númerinu en hver staður fær undirnúmer til aðgreiningar. Svæðið er samtals 110 x 70 m



Vegamót 065_1 og 2, horft til NNV

stórt (austur-vestur) en flestar mannvirkin eru á 50 x 25 m bletti (austur-vestur) í kringum bæjarhúsin. Á svæðinu standa tvö hús (01-02) en á þeim báðum er þakið fallið. Þriðja húsið, 05, var steinhús sem líklega var byggt síðar en hin tvö og var brennt árið 2005 en þar eru líka hleðsluleifar kálgarðs 03 og óljós þúst 04. Vegarslóði hefur legið heim að bæ frá þjóðvegi (08). Um 85 m suðvestan við bæjartorfuna er óljós þúst 06 neðarlega í túninu og um 30 m SSA við hana eru óljós ummerki þar sem eitthvað hefur staðið áður.

Hús 1 sem enn hangir uppi á Vegamótum er einfalt timburhús með liggjandi borðklæðningu og mænispaki. Það hefur verið notað sem geymsla á seinni hluta búsetu á býlinu er upphaflega byggt sem íbúðarhús 1937. Þær leifar sem nú sjást um húsið eru 8,5 x 5 m að stærð og snýr það norður-suður. Húsið er ein hæð, án kjallara. Þakgrindin og veggir standa að talsverðu leyti þótt þakklæðningin sé að mestu farin og sömuleiðis gler úr gluggum og dyr. Ytra birði hússins er því opið og ástand þess eftir því. Af myndum í bók um Eyðibýli á svæðinu sem byggir á vettvangsskoðun 2012 má sjá að húsið hefur talsvert látið á sjá síðar en þá var t.d. bárujárnsklætt þak á því. Upp úr miðju þaki er skorsteinn. Timburklæðing er yfir þaki allra norðaustast en annars ekki og allt bárujárn er farið. Á þakleifunum má sjá að torf hefur verið notað til einangrunar og hanga sum staðar torfsneplar niður með þakgrindinni. Vindskeið eru á húsinu. Framhlið hússins snýr til vesturs, að sjó. Á henni eru dyr rétt austan við miðju og tveir gluggar beggja vegna við. Gluggi er á suðurgafli og einnig á norðurgafli. Norðan við húsið er svolítill torfkragi og minna áberandi torf sunnan við en samkvæmt Langnesingasögu voru lágir timburveggir á þessum slóðum. Húsið er fullt af rusli, þar er timbur, járnrusl, pípur, net, kaðlar og fleira. Enn má sjá að því hefur

verið skipt upp í tvö meginrými, norður- og suðurrými en í nyrðra rýminu allra austast hefur líka verið lítið afstúkað rými og úr því sjálfsagt innangengt í hús úr torfi að húsabaki (austan við, sjá 02). Húsið var fyrsta íbúðarhúsið á þessum stað en síðar var, eins og fyrr segir, byggt hús úr steypu á sama stað (sjá 05) og líklega hefur timburhúsið verið nýtt sem geymsla og eða smíðahús eftir að flutt var í yngra húsið. Veðramót er opið fyrir veðrum og vindum og er að hrúni komið.

Fast austan eða ofan við íbúðarhúsið sem enn hangir uppi er torfhús 02. Það er í grunninn úr torfi og grjóti með timburgrind sem er að falli komin. Húsið er fast ofan við timburhúsið og líklega hefur verið innangengt á milli. Húsið er um 9 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Timburgrind hússins hangir upp að hluta en þakið er alveg fallið inn í það og því ekki hægt að kanna það að innan. Veggir hafa verið torfhlaðnir og er vegghleðslan vönduð, klömbruhnaus. Torfveggir eru hlaðnir í um 1.5 m hæð. Dyr hafa líklega verið syðst á vesturgafli en hleðslur eru of hrundar til að hægt sé að fullyrða um það. Austan við torfhús 02 eru óræðar torfleifar, líklega hluti af kálgarði 03. Svæðið 10 x 7 m stórt norður-suður. Það er fagurgrænt og endar í eins skonar stalli eða torfvegg allra austast, allra skýrast norðaustast þar sem um torfhleðslu er að ræða 2 m á breidd og 0,2 m á hæð, grasi gróinn. Í norðvesturhorni er vex enn svolítill rabbabari. Sunnarlega á bæjarstæðinu er fagurgræn og ávöl hæð, 04, sem sker sig á afgerandi hátt úr umhverfinu og þar eru greinilega mannvistarlög undir sverði. Á svæðinu vex arfi og vel má vera að þar hafi myndast haugur sem mokað hafi verið úr skepnuhúsum á svæðinu en einnig er mögulegt að þarna hafi einfaldlega verið rutt saman efni. Hæðin liggur samsíða húsunum að sunnan og er samtals 28 x 13 m stór, austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð.

Vestan við íbúðarhúsið á Vegamótum er greinilegur stallur í brekkunni 05. Stallurinn er um 14 m í þvermál og 0,2-0,3 m á hæð, en af gamalli loftmynd að dæma hefur húsið staðið allra austast á honum og að hluta fyrir austan hann og má vera að stallurinn sé samsettur úr efni sem rutt hefur verið út eftir að jafnað var úr leifum hússins. Af loftmyndinni að dæma var húsið um 11 x 8 m að grunnfleti. Íbúðarhús hafði lengið staðið autt og var að falli komið 2005 og þá kveikt í því og það notað fyrir brunaliðsæfingu og rústirnar rifnar í kjölfarið. Að húsinu hefur legið vegslóði, meðfram skurði nyrst í túninu og má enn sjá móta fyrir honum 06. Frá þessu svæði og til vesturs niður túnið, samsíða skurði norðan við, liggur malarvegur, að þjóðveg 08.



Þúst 065_6, horft til vesturs

Ójöfnur eru víða í túninu og ekki hægt að útiloka að á einhverjum þessara staða gætu leynst mannvistarleifar undir sverði. Af þessum stöðum var bara skráð ein staðsetning, ógreinileg þúst 06 vestarlega í túninu. Þústin er 6,5 x 4 m stór og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á hæð. Greinilegt mannvirki hefur verið alveg við eða í skurði þeim sem liggur þvert yfir túnið um miðju þess. Af loftmyndinni frá 1958 að dæma var mannvirkið lítið (2-3 m í þvermál) og hugsanlega uppmjótt. Mögulegt er að þarna hafi verið vindrella eða e.k. varða. Nú er svæðið grænt og talsvert. Á þessum stað er nú talsvert af rusli. Allar þær minjar sem skráðar eru undir þessu númeri eru á mörkum þess að teljast til minja og friðaðra húsa samkvæmt skilningi laganna en ljóst er að ráðgert er að þær muni víkja í áætlaðri vegagerð enda liggja báðar veglínur þvert yfir


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Loftmynd LMI: LI239-LI2-9095, Langnesingasaga II, 70 og 77

NP-112:066 náma mógrafir

A 668700 N 637212

Ógreinilegar mógrafir eru í blautu sundi á milli tveggja lágra og mosavaxinna holta í Brekknaheiði, um 50 m norðaustan við Norðausturveg (85) og 150 m vestan við Gunnlaugsá. Sundið hlykkjast undan halla til NNV. Þar sem meintar grafir enda er mjó renna í framhaldi og stendur vatn í henni.



Yfirlitsmynd af mógröfum 066. ©Loftmyndir ehf

Svæðið sem mógrafirnar eru á einkennist af blautum og grösugum mýrum og þurrum holtum og hæðum sem eru mörg hver gróðursnauð.

Mógrafasvæðið er 150 m langt og 3-8 m á breidd, snýr NNV-SSA. Efst og syðst eru grafirnar

samansignar og lítið vatn í þeim. Eftir því sem neðar dregur og hallinn eykst eru grafirnar í stöllum og víða stendur djúpt vatn í þeim. Þar virðast þær allt að 1 m á dýpt. Grafirnar eru grónar þar sem ekki stendur vatn í þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:067 varða landamerki

A 668130 N 638463

Tvær litlar vörður eru á grýttu holti sem er rétt vestan við Gunnlaugsá, um 1 km norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Sú varða sem hér er skráð er um 30 m norðaustan við vörðu 069 og rúmum 300 m norðvestan við leið 070.

Varðan er sunnarlega á mosagrónu grjótholti. Víða stendur grjót upp úr mosanum. Umhverfis holtið er mýrlent og sums staðar forarblautt.



Varða 067_1, horft til austurs

Varða 1: Varðan er ferköntuð í botninn, 1,5 x 1 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,4 m á hæð og í henni sjást 5 umför af grágrýtishellum. Grjótið í henni verður minna eftir því sem ofar dregur. Hún er ekki gróin og er líklega ekki gömul. Óvíst er með hlutverk vörðunnar en hún er nærri merkjum milli þéttbýlisins Þórshafnar og Sauðanes NP-113 og hefur líklega verið hlaðin til þess að auðkenna landamerki á fyrri hluta 20. aldar. Sé það rétt er hún á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum en fær að njóta

vafans og er tekinn í fornleifaskrá.

Varða 2: Varðan er 2 x 2 m að stærð og er mikið hrunin til austurs. Varðan er 0,3 m á hæð. Í vörðunni er að mestu leyti flatt grágrýti en einnig stakt smágrýti. Aðeins er hægt að telja 2 umför vegna þess hve hrunin varðan er. Óvíst er með hlutverk hennar en hún er á merkjum þéttbýlisins Þórshafnar og Sauðanes NP-113 og gæti verið að hún auðkenni það. Varðan er líklega ekki gömul ef horft er til þess hve ógróin hún er. Hún er því á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum en fær að njóta vafans í deiliskráningu sem gerð var haustið 2019.



Varða 067_2, horft til norðurs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:068 þúst óþekkt

A 667518 N 637743

Nokkuð afgerandi þúst er í víðfeðmu mýrlendi norðvestan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Ekki er útilokað að einungis sé um stóra fuglaþúfu að ræða sem hlaðist hefur upp á Þústin er í flatlendri, grösugri mýri. Lág og þýfð holt eru til norðvesturs og suðausturs.



Yfirlitsmynd af þúst 068. ©Loftmyndir ehf

Þústin er nokkuð hringlaga en ekki alveg regluleg. Hún er 4x5 m að stærð, snýr norður-suður. Þústin er hæst um 1 m en efst á henni er fuglaþúfa. Skarð er í þústina miðja sem liggur yfir hana frá norðvestri til suðausturs. Líklega hefur það myndast við umferð sauðfjár. Þústin er vaxin lyngi, grasi og mosa og sker sig úr rauðleitum gróðri sem vex í mýrinni allt í kring.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:069 tóft

A 668143

N 637386

Lítill og einföld tóft er í blautri mýri um 6,8 km sunnan við núverandi bæjarstæði Sauðaness og rúmum 10 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði.

Tóftin er í flatlendri, blautri og grösugri mýri á milli lágra holta sem eru norðan og sunnan við hana. Til austurs og vesturs eru víðfeðmar mýrar.



Tóftin er einföld og er 3 x 3 m að stærð. Veggir eru torfhláðir og eru þeir 0,6-1 m á hæð, hæstir á norðausturhlið. Op er á tóftinni hér um bil fyrir miðri norðausturhlið. Tóftin er vaxin lynggróðri og mosa og er botn hennar á kafi í grasi. Tóftin er líklega ekki mjög forn og óvíst er með hlutverk hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Tóft 069, horft til norðurs

NP-112:070 gata leið

A 668427

N 638252

Nokkuð afgerandi gata liggur til norðurs meðfram vesturbakka Gunnlaugsár frá þýfðu holti sem tóft 064 er á. Gatan er um 1 km norðan við Norðausturveg (85) sem liggur yfir Brekknaheiði. Ekki er þekkt leið á þessum slóðum og ekki reyndist unnt að rekja hana á loftmynd. Ekki er því ljóst hvaðan og hvert þessi leið lá.

Leiðin liggur um heiðlendi þar sem skiptast á lág holt, þýft mólendi og blautar mýra




Yfirlitsmynd af leið 070. ©Loftmyndir ehf

Leiðinni var fylgt á um 170 m löngum kafla þar sem hún liggur norður-suður. Frá tóft 064 sést ein alldjúp gata en þegar kemur niður af holtinu sem tóftin er á verður gatan greinilegri og sést þar sem grasi gróin renna sem er 0,4-0,7 m á breidd innanmáls og 0,4-0,6 m djúp. Litlu norðan við holtið virðist leiðin greinast og liggur gata af henni til suðausturs sem stefnir að Gunnlaugsá. Leiðin hverfur í gróður og deiglendi til norðurs en til suðurs hverfur hún í jarðvegsrofi. Sem fyrr segir er ekki ljóst á hvaða leið þessi gata er en dýpt hennar og breidd gefur til kynna að hún hafi verið farin í þónokkurn tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Á loftmynd af Þórshöfn frá 1958 sést myndarlegt gerði og tóft um 230 m norðaustan við íbúðarhús Ásgarð (b. 1942) og rúmum 80 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Minjarnar eru um 70 m austan við mógrafir og tóftir 075. Minjarnar eru horfnar undir spennustöð Raríks og engin ummerki um þau sjást lengur á yfirborði vettvangi. Ekki er útilokað að enn sé hluti þessara minja óraskaður en það er ólíklegt.



Yfirlitsmynd af mógröfum 071 og minjum 075. ©Loftmyndir ehf

Minjarnar voru á mörkum mosagróins ás til austurs og mýrlendis til vesturs. Svæðið hallað lítillega til suðvesturs.

Á loftmyndinni sést gerði sem myndar hálfhring og má ætla að vesturhluti þess hafi verið sokkinn í mýri þegar myndin var tekin og/eða verið raskað af mógröfum og tóftum 075. Minjarnar voru á svæði sem er 80 x 60 m stórt svæðis sem snýr norður-suður samkvæmt loftmynd af svæðinu frá 1958. Hér neðar fá minjarnar sér númer til aðgreiningar.

Gerði 1: Gerðið sést aðeins sem hálfbogi og líklega afmarkað svæði um 90 m í þvermáli en sést aðeins sem afmarkað svæði sem er 80 x 60 m að stærð. Það er á grónu og þurru svæði til vesturs en hverfur undir mýri og mógrafarsvæði 075-1 til austurs. Líklega hefur gerðið náð lengra til austurs en ekki er hægt að segja hve langt það hafi náð. Gerðið hefur líklega afmarkað tún lítills býlis og því gegnt hlutverki túngarðs.

Tóft 2: Tóftin virðist hafa verið 10 x 5 m að stærð og sneri hér um bil norður-suður. Tóftin virðist einföld af loftmyndinni að dæma.

Hlutverk þessara minja er ekki þekkt. Í örnefnaskrá segir þó: „Nokkru neðan við Álfasunds [sjá 022] skammt frá ánni var gamalt býli, sem hét Fossvellir.“ Þar kemur einnig fram að hún hafi sokkið í mýrina. Ekki er þó hægt að segja af eða á um það án frekari rannsókna.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Loftmynd LMI: LI239-LI2-9095

NÞ-112:072 gata leið

A 666434 N 638344

Tvær grónar götur liggja yfir lítið holt í mýrlendi og stefna NNA-SSV. Göturnar eru 670 m norðan við Álfastein 022 og 600 m norðvestan við gamla sorphauga. Mögulega eru þessar götur á Hálsavegi NM-651:007 en hann lá á milli frambæja og Sauðaness og var farinn á leið til kirkju. Ekki var hægt að rekja göturnar á nógu löngum kafla til þess að geta fullyrt um að þær séu á Hálsavegi.



Yfirlitsmynd af götum 072. ©Loftmyndir ehf

Jarðvegsrof er á holtinu sem göturnar liggja yfir, beggja vegna við þær. Lyngi vaxinn, þýfður mói er hins vegar þar sem göturnar liggja yfir það. Allt í kringum holtið er grösug og blaut mýri og þar sjást engin ummerki um framhald leiðarinnar.

Götunum var fylgt þar sem þær liggja yfir holtið á 55 m löngum kafla. Á milli gatnanna er nokkuð afgerandi hryggur sem er 1,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Göturnar sjálfar eru grónar og eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Á uppdrætti Kortadeildar Bandaríkjahers (AMS) frá 1950 er merkt vatnsstöð og rör frá henni að þéttbýlinu í Þórshöfn. Minjarnar eru um 70 m suðaustan við þúst 077 og rúmum 110 m sunnan við Norðausturveg (85) sem liggur yfir Brekknaheiði. Minjarnar teljast ekki til fornleifa samkvæmt lögum en engu að síður teknar með í þessa fornleifaskrá sem mikilvæg heimild um vatnsöflun þéttbýlisins á Þórshöfn.



Mannvirki 073_1 og rör 073_2, horft til suðausturs

Vatnsstöðin er rétt sunnan við voldugan áveituskurð. Á þessum slóðum er deiglent svæði og er það á kafi í grasi. Til austurs er mosagróinn klettaás.

Vatnsstöðin og rörið eru á svæði sem er 90 x 70 m að stærð og snýr austur-vestur. Til aðgreiningar er minjum gefin sér númer í lýsingu hér neðar sem hefst að sunnan.

Vatnsstöð 1: Vatnsstöðin er hringlaga og er 7,5 m í þvermál. Hún er steinsteypt, rúmum 2 m á hæð og er hún smám saman að hverfa í gróður. Norðvestanvert á stöðinni er lítið op fyrir vatnsrör (sjá lýsingu 2) sem legið hefur til Þórshafnar.

Rör 2: Vatnsrör 2 sést um 20 m NNV við vatnsstöð 1. Rörið er greinilegast á um 60 m löngum kafla þar sem það liggur norðvestur-suðausturs. Rörið hverfur rétt sunnan við Norðausturveg (85) og sést ekki norðan við veginn. Rörið er 0,4 m á hæð og 0,4 m breidd. Líklega steinsteypt eða úr járnri en það er ekki hægt að sjá efni vegna þess að rörið er á kafi í grasi.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:074 varða óþekkt

A 666014

N 638058

Lítill varða er austan við suðurjaðar byggðarinnar á Þórshöfn, um 350 m norðaustan við spennistöð RARIK og rúmum 200 m NNA við kálgarð 079.

Varðan er á mosagrónu holti þar sem víða stendur grjót upp úr mosanum. Umhverfið er deiglent.

Varðan er 1 x 0,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er hlaðin ofan á jarðfastan stein sem er 1,2 m í þvermáli og 0,2 m á hæð. Varðan er 0,3 m á hæð og er hlaðin úr 5 steinum en aðeins sést neðsta umfarið af stæðilegu hleðslugrjóti. Hlutverk vörðunnar er ekki þekkt en hún er ekki við þekktar leiðir eða landamerki og ekki geta heimildir þess að þarna hafi verið eyktarmark. Hún virðist ung og gæti hafa verið hlaðin sem dægrastytting.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:075 náma mógrafir

A 665709


N 637809

Grónar mógrafir og tvö móstæði eru um 140 m ANA við íbúðarhúsið Ásgarð (b. 1942), rétt sunnan við þéttbýlið á Þórshöfn og rúmum 50 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði.

Norðvestan við svæðið er spennustöð RARIK. Svæðið er fremur deiglent en það hefur verið ræst fram og eru ræktuð tún vestan við það. Búið er að leggja veg yfir mógrafirnar.

Minjasvæðið er 100 x 80 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hér neðar fá minjastaðir númer til aðgreiningar og hefst minjalýsingin að vestan, á mógröfum 1.

Mógrafir 1: Mógrafirnar eru á svæði sem er 80 x 60 m að stærð og snýr austur-vestur. Innan þess má greina 5-6 grafir en þær eru mikið grónar og fallnar saman og þær hafa vafalaust verið mun fleiri áður fyrr. Grafirnar eru flestar 15 x 13 m að stærð og snúa austur-vestur. Þær eru 0,5 m djúpar og vex starargróður í botni þeirra. Hugsanlega hafa grafirnar náð lengra til vesturs, en ef svo er, eru þær þar vel grónar og sjást því ekki skýrt.



Yfirlitsmynd af minjum 071 og 075. ©Loftmyndir ehf



Móstæði 071_3. horft til suðvesturs

Móstæði 2: Torfhláðið, einfalt móstæði er um 20 m suðaustan við mógrafir 1. Það er 4 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir standa grónir og eru 0,9 m á hæð. Þeir eru 0,5 - 0,8 m á breidd. Ekki skýrt op er greinanlegt á tóftinni en rof er á vestur- og suðasturhlíð þess. Móstæðið er á kafi í grasi.

Móstæði 3: Annað torfhláðið, einfalt móstæði 03 er um 20 m suðaustan við móstæði 2. Það er á grasigrónni bungu, er 5 x 3 m að stærð og snýr norður-suður. Veggir eru 0,6 m á hæð og 0,5 m á breidd.

Ekkert op er greinanlegt á tóftinni en norðvesturveggur hennar er hrunin. Botn tóftarinnar er á kafi í grasi og smápýfður. Aldur þessara minja er ekki þekktur en þær sjást á gamalli loftmyndinn sem tekin var yfir Þórshöfn 1958. Líklega ungar minjar og að íbúðar í þorpínu hafi stungið upp mó í þessum grófum.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:076 þúst óþekkt

A 669654 N 637677

Afgerandi þúst er efst í túninu sem er sunnan við íbúðarhúsið Ásgarð sem byggt var 1942. Þústin er nærri norðurmörkum túnsins umhverfis Vegamót. Þústin er um 180 m austan við núverandi þjóðveg en um 70 m sunnan við veginn um Brekknaheiði.



Þúst 076, horft til SSA

Þústin er efst í túni sem enn er slegið og beitt. Túnið er í aflíðandi halla til vesturs. Talsverðar ójöfnur eru hér og þar í túninu og virðist sem lækur hafi runnið niður það áður en hann er þá löngu þurr og yfirléttaður og einhverjar lagnir virðast hafa verið lagðar þvert yfir túnið (og sjást sem óljósar rákir í það).

Þústin er 8-9 x 9-10 m stór og snýr norður-suður. Hún er nokkuð afgerandi og 0,2-0,3 m hærri en umhverfið og flöt í toppinn. Sunnan við hana er grunnur skurður en suðurbrún þústarinnar er óskýr. Vestan við hana gæti einnig hafa legið gamall skurður eða lagnaleið, a.m.k. línuleg dæld í gegnum túnið. Ekkert hús er á þessum stað þegar loftmynd er tekin árið 1958 og ekki er vitað hvaða i kann að hafa staðið þar áður eða hversu gamalt ummerkin kunna að vera. Þústin er 40-50 m norðan við báðar útgáfur af veglínunum um Brekknaheiði sem teknar voru út haustið 2019.

NP-112:077 þúst óþekkt

A 665779 N 637670

Áberandi þúst er rúmum 210 m ASA við íbúðarhúsið Ásgarð (b. 1942), rétt sunnan við þéttbýlið á Þórshöfn og um 80 m sunnan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði.. Afar líklegt er að í henni leynist mannvistarleifar.

Þústin er í sunnarlega í túni sem komið er í órækt.

Þústin er 25 x 15 m að stærð, rúmlega 2,5 m há og snýr austur-vestur. Hún er með aflíðandi og algrónar hlíðar, er ójöfn að ofan og kúpt. Þústin er mjög afgerandi í túninu. Á þessum stað hefur líklega verið náttúrulegur hóll sem síðan hefur verið byggt á. Túnið hefur verið sléttað og engar vísbendingar um mannvist sjást lengur á yfirborði. Líklega leynist þó talsverðar mannvistarleifar undir sverði.



Púst 077, horft til suðvesturs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:078 tóft heystæði

A 665838 N 637714

Sigin tóft er um 250 m austan við íbúðarhúsið Ásgarð (b. 1942) og um 30 m sunnan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Tóftin er í hvammi rétt austan við tún sem komið er órákt



Heystæði 078, horft til suðvesturs

Tóftin er á grasríku svæði sem komið er í órákt.

Tóftin er einföld, 6,5 x 4 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torfhlaðnir og útflattir, 0,1-


0,2 m á hæð. Þeir eru stæðilegastir á norðurhlið en veggir á öðrum hliðum eru mjög ógreinilegir. Veggir eru 0,2-0,4 m á breidd. Ekki er unnt að greina neitt op á tóftinni. Lögum og staðsetning tóftarinnar bendir helst til þess að hún hafi verið notuð sem heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-112:079 gerði kálgarður

A 665953 N 637871

Ungar minjar, tvískiptur kálgarður og lítil torfhláðin tóft, eru rúnum 190 m ANA við spennistöð RARIK og um 130 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði. Garðurinn og tóftin eru sennilega á mörkum þess að teljast til fornleifa samkvæmt lögum en eru tekin með í þessa fornleifaskrá sem heimild um matjurtarækt íbúa þéttbýlisins á Þórshöfn á fyrri hluta 20. aldar.



Yfirlitsmynd af kálgarði 079. ©Loftmyndir ehf

Garðurinn og tóftin eru sunnarlega í mosagrónum klettahrygg sem er umhverfis deiglendi ef frá er talið til suðurs, þar er ræktað tún.

Kálgarðurinn og tóftin eru innan svæðis sem er 30 x 20 m að stærð og snýr austur-vestur. Til aðgreiningar er minjum gefin sér númer hér neðar og hefst lýsingin austast, á kálgarði 1.

Kálgarður 1: Kálgarðurinn er tvískiptur. Hann er 22 x 10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir eru torfhláðir, 0,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð, veglegastir á vesturhlið. Ekkert op er á garðinum. Í austurhluta kálgarðsins er hól sem er 9 x 8 m að innanmáli og snýr eins og kálgarðurinn. Óljóst má greina 4 beð í norðurhluta hólsins en botn þess er annars mjög þýfður, einkum austanvert. Annað hól er í vesturhluta. Það er 10,5 x 9 m að innanmáli og snýr eins og

kálgarðurinn. Óljós útflattur veggur er á vesturhliðar hólfsins en hlaðnir veggir eru greinilegir á öðrum hliðum þess.

Tóft 2: Rétt vestan við kálgarð 1 er lítil torfhlaðin tóft sem líklega hefur verið hlaðin til þess að geyma uppskeru úr kálgarðinum. Hún er 4 x 3 m að stærð og snýr VNV-ASA. Veggir eru stæðilegastir á vesturhlið þar sem þeir eru 0,4 m á hæð en á öðrum hliðum 0,2-0.3 m á hæð. Ekkert op er á tóftinni en lítið rof er í norðausturhlið hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113 Sauðanes

Sögulegar heimildir

1686: Jarðardýrleiki óþekktur, beneficium, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 305.

1696: 20 hdr., beneficium, samkvæmt The Old Icelandic Land Registers, 305.

1712: Jarðardýrleiki óviss, beneficium, samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns XII, 373.

1847: 12 hdr., beneficium, samkvæmt Jarðatali Johnsen, 346.

Í Landnámu segir: „Ketill Þistill nam Þistilfjorð milli Hundsness ok Sauðaness. Hans son var Sigmundur, faðir Laugabrekku Einars.“ ÍF I, 286.

Í Reykdæla sögu Víga-Skútu segir: „Svá er sagt, at Skúta það Þórlaugar ok fékk hennar. Þá var Álfrildur onduð, er Skútu hafði fylgt áðr ok Kolli hafði átta [bændur?], á Sauðanesi.“ ÍF X, 228.

1220. Í Guðmundar sögu segir: „Reið Sigvatr þá í burt, en Arnórr nótt síðarr. En Guðmndr biskup fór [frá Þverá norðr yfir Reykjaheiði [ok alt á Sauðanesi, ok gjörði þar vígslur á sæludögum.“ Bsk. I, 514, sjá einnig Sturl. I, 277.

1318: Jarðarinnar er getið í Auðunarmáldaga fyrir Hólabiskupsdæmi (DI II, 425), í bréfi Péturs Nikulássonar, hólabiskups 1394 (DI III, 507) og í reikningi prestsetra í Hólabiskupsdæmi 1569 (DI XV, 346).

1339: „Afhending Sauðaneskirkju á Langanesi [[gjafabréf].“ DI II, 726.

1229, 20. desember: „Jón Vilhjálmsson biskup á Hólum veitir sínum kærlega vin Lopti bónda Guttormssyni staðinn á Sauðanesi um þrjú ár.“ DI IV, 397.

Hjáleigur 1712: Nes (NP-113:034).

Eyðibýli á jörðu: Staðasel (NP-113:015), Kot (NP-113:025), og Sauðaneskot (NP-113:027).

Kirkja er á jörðinni og er hennar fyrst getið máldaga 1270, DI II, 69. Enn fremur er heimagrafreitur á jörðinni.

Jarðaitak: „Fjaran frá Sauðaneslóni og að Söðulsteini heitir Hólsreki, vegna þess, að Hóll hafði reka þarna leigðan og sló dagsláttu í túninu fyrr, sem nefnd var Hólsteigur,“ segir í örnefnaskrá (Ö-Sauðanes, 8).

Jarðaitök 1712: „Rekátök staðarins eru þessi. Hann á þriðjúng hvalreka fyrir Hallgilstöðum (það kallar máldaginn Hallgeirstaði [NP-109]), milli tóftar út frá sands enda og Hafralónsáróss. Þriðjúng hvalreka fyrir Heiðar landi, frá Deildarskerjum til Graftjarnar. Hálfan reka hvals og við á Dritvík, til Hvalbeinsþúfu frá Dritvíkurá, fyrir Lækningsstaða landi [NP-125], og heldur staðurinn þeim átölulaust.

Skipsuppsátur og skálagjörð í Dritvík fyrir sama jarðar landi á staðurinn. Fuglbjörg á staðurinn milli Lönguhlíðargjár og Stórasigs. Þetta bjarg liggur fyrir Skoruvíkur landi [NP-127]. Eggver af svartfugli og skeglu er gagnvænt í þessu bjargi, en það verður nú ekki brúkað, því enginn fæst sigamaðurinn. Eggvershólma á staðurinn í Hólmavatni í Hlíðar landi [NP-122], að nokkru gagni að dúni og eggjum, það hefur nú öldungis brugðist þetta ár. Selför á staðurinn í Álands land undir Balafelli [NP-100], sem ekki hefur brúkast í manna minni. Silúngsveiði á staðurinn í einum læk í sama takmarki, sem Fiskilækur kallast, hefur ei brúkast nema í sumar, og fjkst þar í silúngur. Geldfjárrekstur á Fossdal hefur lengi brúkast átölulaust. Kirkjan á og lambseidi á 9 bæjum í þessari sókn (það eru lögbýlin í þingsókninni), og nýtur hann þess.“ JÁM XII 374.

Selstöður: Sauðanes á selstöður við Stífluá, Ásseli, Sellæk undir Hlíðhólfsfjalli og á Hafursstöðum undir Balafelli í Þistilfirði samkvæmt Sýslu- og sóknalýsingu Þingeyjarsýsla, 292. Enn fremur segir

Það að þessi sel liggja ónotuð.

Jarðaitök 1270: Jarðarinnar er getið í rekaskrá Skálholtsstaðar, þar segir: „J millum tottat vt fra Sanns enda og hafralons ar liggur einn siettungur til kirkiunnar a Saudanesi.“ DI II, 69; DI III, 2.

Landsbættir

1920: Saudanes: Tún 7,3 ha að stærð, þar af 5,5 ha slétt. Staðasel: 0,3 ha að stærð, þar af 0,2 slétt.


1712: „Útigangur í lakara lagi, og þarf roska fje heystyrk að atla, og lömbum mestan part fóður. Hestaganga í betra lagi, bregst sjaldan. Torfrista og stunga lök. Rifhrís mjög lítið til heystyrks. Silungsveiði í staðarvatninu, sjónum og sjáfarlónum út frá, hefur áður gagnvæn verið, en smám saman farið til rýrðar og nú valla teljandi til hlunninda. Eggver af æðifugli hefur verið í tveimur hólum sem liggja í lónum út frá staðnum. Það er nú gjörsamlega eyðilagt af örnum í öðrum hólmanum, en í hinum kann enn að fast hjer um.“

NP-113:054 náma mógrafir

A 670648

N 636311

Austarlega á Brekknaheiði eru ummerki um mótekju og við þau er aflöng tóft sem ætla má að hafi verið móstæði. Minjarnar eru í og við læk sem rennur meðfram norðvestanverðu holti sem er á mörkum Norður-Múlasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu. Á því er landamerkjavarða NM-003:019. Minjarnar eru 10 m norðvestan við vörðuna og um 70 m norðaustan við Norðausturveg (85).



Yfirlitsmynd af mógröfum NP-113:054 og landamerki NM-003:019. ©Loftmyndir ehf

Minjarnar eru í jaðri lágs hólts sem er grýtt en mosagróið. Í kringum holtið er deiglendur, þýfður mói og fjær er mýrlent og grösugt.

Alls ná minjar á þessum stað yfir svæði sem er 110x20 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Fá stakar minjar innan þess hlaupandi númer til aðgreiningar í lýsingu.

Ummerki um móskurð 02 má sjá á nokkrum stöðum í lækjarfarvegi á svæði sem er um 110x8 m að stærð. Þar sést hvar stungið hefur verið úr bökkum lækjarins. Mógrafirnar eru ekki samfelldar, fremur þurrar og grónar en þó er deiglent innan þeirra flestra. Upp á brúnir mógrafanna er hæst 0,6-0,8 m.

Einföld, torfhlaðin mótóft 01 er fast suðaustan við lækjargilið, í holtsjaðri. Hún er 7x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er op á tóftinni og eru veggir hennar mjóir og lágir, aðeins 0,2-0,4 m á hæð og innan við 1 m á breidd þar sem þeir eru breiðastir. Grjót sést í veggjum og einnig má finna fyrir grjót í botni tóftarinnar. Rof er í norðurhorni hennar. Í miðri tóft eru lágur þúfur og ekki útilokað að þar hafi verið veggur sem skipti tóftinni í tvo hluta.

Á mógrafasvæðinu er torfhleðsla 03 sem myndar brú yfir lækinn. Má ætla að sú hleðsla hafi verið í tengslum við mótekjuna. Hleðslan er norðaustarlega á mógrafasvæðinu, 17 m norðan við mótóft

01. Hleðslan er 7x2,5-3 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er ekki regluleg í lögun. Að vestanverðu er hleðsluhæðin 0,6-0,7 m en lægri að austanverðu.


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:056 náma mógrafir

A 670455 N 636229

Austarlega á Brekknaheiði eru ummerki um mótekju og mannvirki í tengslum við hana í lækjarfarvegi, um 50 m norðvestan við mógrafir 054 og er fast norðan við Norðausturveg (85).

Lækjarfarvegurinn er nokkuð djúpur og bakkar hans eru þurrir og þýfðir. Beggja vegna við lækinn er grösug og deiglend mýri sem hallar til norðausturs.



Yfirlitsmynd af mógröfum 056. ©Loftmyndir ehf

Minjarnar eru á svæði sem er 220x40 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur og er það eftir stefnu lækjarins. Innan þess eru, auk ummerkja um mótekju, þúst, hleðsla og ein stök mógröf á lækjarbakkanum. Allar minjarnar fá hlaupandi númer í lýsingu hér á eftir sem hefst á ummerkjum um mótekju í lækjarfarveginum (02).

Þau eru ekki mjög afgerandi en sjást víða í bökkum lækjarfarvegarins á öllu minjasvæðinu. Þessi ummerki verða greinilegri eftir því sem neðar dregur (lengra til norðausturs) og farvegurinn dýpkar. Um 1 m er upp á bakka úr farveginum þar sem búið er að stinga úr honum og hann er dýpstur. Í farveginum er einstaka hola eða gryfja þar sem vatn stendur en annars eru grafirnar þurrar enda hallar frá þeim að læknum í miðjum farveginum.

Suðvestarlega á svæðinu, um 30 m norðan við Norðausturveg (85), er óljós, þýfð þúst á litlum tanga sem gengur til suðausturs í farveginum. Hún er um 5x4 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Ekki

er útlokað að um náttúrumyndun sé að ræða og að móskurður meðfram tanganum að sunnan- og austanverðu hafi gert mörk hans skýrari og beinni. Meint þúst er afmörkuð af grunnri vatnsrás að norðanverðu en vesturmörk eru ójós. Hæð hennar er 0,3 m.

Ein stök mógröf eða niðurgroftur 03 er uppi á suðausturbakka lækjarins. Vatn stendur að litlu leyti í henni. Gröfin er 2x2 m að innanmáli og er 0,2-0,3 m á dýpt. Þýft er í kringum hana og á milli hennar og lækjarbakkans. Grunn lægð er í þýfi fast austan við gröfina sem kann að vera hluti af mógröfinni eða annars konar mannvirki. Lægðin er í þýfi og er 2x1 m að innanmáli, snýr austur-vestur. Mögulega er mannvirki út frá þessari gröf.

Hleðsla 04 er 5 m norðan við mógröf 03 og myndar eins og brú yfir lækinn eins og í mógröfum 054_02. Þessi hleðsla virðist vera 3,5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Þó eru skilin á milli hleðslunnar og lækjarbakkans ekki skýr. Frá hleðslu og niður í lækjarfarveg eru 1-1,5 m en ekki er hægt að greina hleðsluhæðina. Hún er varla meira en 0,2-0,3 m.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:057 tóft heystæði

A 670573

N 636950

Sigin og einföld tóft er rétt norðan við Hraunkotsurðir á Brekknaheiði, um 770 m norðan við Norðausturveg (85) og um 6,5 km sunnan við núverandi bæjarstæði Sauðaness.



Yfirlitsmynd af heystæði 057. ©Loftmyndir ehf

Tóftin er vestarlega á nær algrónum hól, á mörkum þurrlendis og grösugarar mýrar.

Tóftin er einföld, 4 x 3,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru torfhlaðnir, 0,1-0,3 m á hæð og eru þeir veglegastir á suðurhlið. Veggir eru greinilegir á öllum hliðum nema á norðurhlið, þar er veggurinn útflattur. Ekki er op á tóftinni. Út frá staðsetningu og gerð tóftarinnar má ætla að hún sé af heystæði.



Heystæði 057, horft til norðurs


Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:058 náma mógrafir

A 670178

N 636675

Nokkuð skýrar mógrafir eru á mörkum mýrlendis og holta 360 m norðaustan við Norðausturveg (85) yfir Breknaheiði og 80 m norðan við mógrafir 060.



Yfirlitsmynd af mógröfum 058 og 060. ©Loftmyndir ehf

Mógrafirnar eru suðaustan við tvö lág grjótholt sem eru mosavaxin. Þær eru á fremur flatlendu svæði í aflíðandi halla til norðausturs í lítt þýfðri og grösugri mýri en þýfðara er suðaustan og norðvestan við þær.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 60x20 m að stærð og snýr austur-vestur. Þær virðast grafnar í gömlum farvegi mýrarlænu og eru samansignar og grónar en vatn stendur í þeim á nokkrum stöðum. Þar virðast þær um 1 m á dýpt þar sem þær eru dýpstar en víðast eru þær þó 0,3-0,6 m djúpar.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NÞ-113:059 tóft heystæði

A 669509

N 636937

Grjóthlaðið heystæði er um 6,7 km sunnan við núverandi bæjarstæði Sauðaness og tæpum 340 m norðan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði.



Yfirlitsmynd af heystæði 059. ©Loftmyndir ehf

Heystæðið er ofarlega á Sauðaneshálsi. Til austurs er deiglendi en forarblaut mýri til suðurs. Í henni vex stór og klóffífa.

Tóftin er einföld, 3,5 x 3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er grjóthlaðin og sjást 2-3 umför af flötu grágrýti í hleðslum sem eru 0,4 m á hæð. Veggir eru 0,3-0,5 m á breidd. Botn tóftarinnar er þýfður og á kafi í grasi. Ekkert op er greinanlegt á tóftinni. Lögum tóftarinnar og staðsetning gefur til kynna að hún hafi verið notuð sem heystæði.



Heystæði 059, horft til norðausturs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:060 náma mógrafir

A 670183 N 636593

Óljósar og samansignar mógrafir eru í mýri norðvestan við grjótholt, um 290m norðaustan við Norðausturveg (85) yfir Brekknaheiði og 80 m sunnan við mógrafir 058.

Mógrafirnar eru í þýfðri og grösugri mýri í fremur flötu landi sem hallar lítillega til norðausturs.

Sjá má óljós ummerki um mótekju á svæði sem er 75x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Grafirnar eru grunnar efst (suðvestast) en dýpka eftir því sem neðar dregur (í norðausturenda). Vatn stendur í gröfum summsstaðar en víðast eru þær grónar og fremur þurrar. Innan svæðisins eru nokkuð skýr skil á milli þriggja minni mógrafa. Efst og suðvestast eru grafir 0,2-0,3 m á dýpt. Á miðsvæðinu eru þær allt að 1 m á dýpt og neðst og norðaustast eru þær 0,5-1 m á dýpt. Þar er ein gröf mjög djúp og stendur rúmlega 1 m djúpt vatn í henni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:061 varða landamerki

A 668583 N 638282

Stór og stæðileg varða er á fremur stóru en lágu og flötu holti í Brekknaheiði litlu austan við Gunnlaugsá. Varðan er 960 m sunnan við Staðarsel 015 og 580 m vestan við heystæði 063. Landslagið í námunda við vörðuna einkennist af lágum grjótholtum og blautum og grösugum mýrum.

Varðan er nokkuð fornleg, gróin neðst og grjót allt skófum vaxið. Í grunni vörðunnar er jarðlægt grjót sem hlaðið hefur verið ofan á. Hrúnið hefur úr vörðunni til vesturs og því erfitt að áætla stærð grunnflatar hennar. Hún hefur að líkindum verið um 1 m á kant en nær nú yfir svæði sem er um 2 m í þvermál. Í henni er kantað grjót og nokkrar flatar grjóthellur. Varðan er um 1 m á hæð en þegar hún stóð hefur hún verið talsvert hærri. Þar sem varðan er nærri Gunnlaugsá sem skipti löndum milli Sauðaness og Syðra- Lóns er líklegt að hún hafi gegnt hlutverki landamerkjavörðu. Ekki er þó hægt að útiloka að hún hafi (líka?) verið samgöngubót og vísað veginn á leið 112:070 sem er á vesturbakka Gunnlaugsár en leiðin greinist vestan við vörðuna og stefnir gata af leiðinni í átt að vörðunni.



Varða 061, horft til norðvesturs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:062 varða óþekkt

A 669861 N 637630

Lítill hleðsla eða vörðubrot er á jarðlægum steini á Sauðaneshálsi í Brekknaheiði inn á milli mýrarflóa. Stórt bjarg er 3 m suðvestan við vörðuna sem er rúmum 1 km norðan við mógrafir 058 og 710 m suðaustan við þúst 064.

Varðan er austast á grýttum og lágum hálsinum og er fremur rýr gróður á honum. Mýrlent og grösugt er austan og vestan við hálsinn.



Varða 062, horft til norðurs

Jarðlægi steinninn sem hleðslan er á er 1x0,6 m að stærð og snýr SSV-NNA. Ofan á honum eru fjórir steinar og einn steinn ofan á þeim, allir skófum vaxnir. Í þessu vörðubroti sjást því tvö umför í hleðslu sem er 0,4 m í þvermál og 0,6 m á hæð. Hlutverk þessarar meintu vörðu er ekki ljóst. Hún hefur ekki sést vel úr fjarska því hún stendur lágt á fremur jafnlendu svæði. Ekki er að sjá að hún hafi verið mikið stærri því lítið sem ekkert laust grjót er hér í kring sem gæti hafa hrunið úr henni.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:063 tóft heystæði

A 669154 N 638193

Einföld heystæðistöft er í vesturjaðri Sauðanesháls, austan við grösuga mýri. Tóftin er 230 m vestan við þúst 064 og 1,2 km suðaustan við Staðarsel 015.



Yfirlitsmynd af heystæði 063. ©Loftmyndir ehf

Sauðanesháls er víða ógróinn og grýttur. Gróinn hvammur gengur til austurs inn í jaðar hálsins sunnan við tóftina en talsvert jarðvegsrof er að öðru leyti í kringum hana. Lækur sem rennur niður af hálsinum til vesturs, ofan í hvamminn, grefur sig niður og ber með sér grjót og mold. Allhá og



Heystæði 063, horft til vesturs

brött brún er frá mýri upp á hálsinn.

Tóftin er 7x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Ekkert op er á tóftinni. Veggir hennar eru 0,3-0,4 m á hæð. Þeir eru grónir og signir og hvergi sést í grjóti í þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-113:064 þúst óþekkt

A 669371 N 638150

Ferköntuð allhá þúst er sunnarlega á Staðarhálsi, um 220 m austan við tóft 063 og 1,4 km suðaustan við Staðarsel 015.



Þúst 064, horft til vesturs

Hálsinn er fremur lágur og jafnlendur. Á honum eru gróin þýfð svæði en inn á milli er jarðvegsrof. Í kringum þústina er þýfður mói þar sem gróður einkennist af mosa og lyngi en inn á milli þúfna er víða jarðvegsrof.

Þústin er nokkuð ferhyrnd og er 3,5x3 m að stærð, snýr austur-vestur. Lítilsháttar rof er í kringum þústina sem kann að bjaga lögun hennar. Þústinn er

0,4-0,5 m á hæð og er að mestu vaxin krækiberjalyngi. Hún sker sig úr umhverfinu vegna gróðurs og þess að hún er hærri en þúfurnar í kring. Ekki er útlokað að um náttúrumyndun sé að ræða. Ef þústin er manngerð er ekki ljóst hvers konar mannvirki hefur verið á þessum stað. Hún er nokkuð langt frá slægjum og hentugum svæðum til mótekju og því hæpið að hún hafi gegnt hlutverki hey-
eða mótóftar.



Þúst 064, horft til suðurs

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

NP-651 Fornleifar á fleiri en einni jörð

NP-651:003 heimild um leið

A 670730 N 636813

Leið lá frá Sauðnesi NP-113 að Felli í Finnafirði og er henni lýst í Sýslu- og sóknalýsingum: "Frá Sauðnesi að Felli á Ströndum liggur vegur fyrir vestan Vatnadal, er kallast Sauðanessháls, nokkuð skárri en sá næstnefndi [líklega 005], en eins að austanverðu og viðlíka langur. [...] Allir þessi vegir [002, 005-008] mega heita óvarðir, illir yfirferðar og mjög illt að bæta þá, enda er litlu ómaki til þess varið." Á Uppdrætti Íslands frá 1933 er þessi leið sýnd þar sem hún liggur á milli Staðarsels NP-113:005 og Sóleyjarvalla NM-003. Samkvæmt uppdrættinum er leiðin rúmlega 9 km á milli þessara tveggja staða.

Leiðin var skráð í landi Sauðaness NP-113 árið 2019 í tengslum við fornleifakönnun vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda á Norðausturvegi (85). Gengið var um svæðið innan áhrifasvæðis vegaframkvæmdanna en það er forblautt og votlendisgróður þar ríkjandi. Engin ummerki um leiðina fundust á vettvangi né við yfirferð loftmynda og sennilega hafa ummerki um hana sokkið með tíð og tíma í mýrina eftir að hætt var að fara leiðina.

Þar sem leiðin lá í landi Sauðaness þræddi hún gegnum mosagróna ása og forblautar mýrar.

Engin ummerki um leiðina sáust þar sem hennar var leitað á vettvangi

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SSP, 296; Uppdráttur Íslands 1:1000.000 1933, blað 91 Þistilfjörður

NP-651:007 *Hálsavegur* heimild um leið

1840: "Geta vil eg þess að vegur er lagður, sem frambæjarmenn fara stundum til kirkju að Sauðnesi [NP-113] frá Ytribrekkum [NP-111], fyrir ofan Syðralón [NP-112] um Lónshálsa og er kallaður Hálsavegur. Er hann nokkuð styttri en sá farinn er kring með sjó. Er hann farandi í þurrkum, en ófær í rigningum. Allir þessi vegir [002-003, 005, 006, 008] mega heita óvarðir, illir yfirferðar og mjög illt að bæta þá, enda er litlu ómaki til þess varið," segir í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýslu.

Skrásetjari gekk um það svæði þar sem leiðin er merkt samkvæmt uppdrættinum. Engin ummerki um leið fundust innan svæðisins, hvorki á vettvangi né loftmynd. Á þessum slóðum er mýrlendi og líklega hafa ummerki um leiðina máðst út með tíð og tíma í slíkum jarðvegi.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: SSP, 296

NP-651:009 heimild um leið

A 672515 N 635080

Á uppdrætti Íslands frá 1933 er sýnd óviss leið frá Hóli til suðurs á veg yfir Brekknaheiði sem liggur að Gunnólfsvík NM-001. Á uppdrættinum er leiðin um 8,5 km á milli þessara tveggja staða. Leiðin var skráð í landi Sóleyjarvalla NM-003, sunnarlega í Vatnadal, vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda árið 2019.

Skrásetjari gekk um það svæði þar sem leiðin er merkt samkvæmt uppdrættinum. Engin ummerki um leið fundust innan svæðisins, hvorki á vettvangi né loftmynd. Á þessu svæði er forarblaut mýri og sennilega máðst út með tíð og tíma í slíkum jarðvegi. Hún var þó merkt sem óviss leið á uppdrættinum og mögulega hafa aldrei mikil ummerki verið eftir leiðina.

Þar sem leiðin lá í landi Sóleyjarvalla skiptast á grösugar mýrar og mosagrónir ásar.

Engin ummerki um leið sáust á því svæði sem kannað var.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Uppdráttur Íslands 1:1000.000 1933, blað 91 Þistilfjörður

5 Stutt samantekt um sögu úttektarsvæðis

Svæðið sem tekið var út haustið 2019 nær yfir Brekknaheiði og er í útjaðri Syðra-Lóns og Sauðaness í Norður-Píngeyjarsýslu og Sóleyjarvalla í Norður-Múlasýslu. Af þessum þremur jörðum er Sauðanes landmest og með hæstan dýrleika og er hún landnámsjörð, kirkjustaður og *beneficium* en hinar tvær byggjast líklega seinna og eru rýrari að landgæðum, sér í lagi Sóleyjarvellir sem lengst af var hjáleiga frá annað hvort Felli eða Gunnólfsvík í Norður-Múlasýslu. Hér neðar verður stiklað á stóru í sögu þessara þriggja jarða.

Sauðaness er fyrst getið í Landnámu og samkvæmt henni nam Ketill Pistill land á „milli Hundsness ok Sauðaness.“² Í Landnámu er verið að vísa í landsvæðið Sauðaness og þar er ekki sagt hvar Ketill bjó. Af lestri fornrita að dæma hefur Sauðanes byggt snemma og landgæði þar hafi verið næg. Jarðarinnar er einstaka sinnum getið í fornbréfum og Sturlungu en þær heimildir hverfast að mestu um kirkjuna sem var á jörðinni og er fyrst getið um 1270.³ Samkvæmt máldögum átti kirkjan meðal annars hálf Sauðanes og reka á jörðinni, eggítak í Hólmavatni sem og býlið Eldjárnsstaði og reka þar.⁴ Hún átti miklar jarðeignir og undir hana lágu jarðirnar Lón, Eldjárnsstaðir, hálf Brimnes, ásamt hjáleigunum Nes, Litla-Sauðanes, Hóll, Ássel, Stíflusel, Grund og Hraunkot.⁵ Hún var líklega orðin *beneficium* á 14. öld.⁶ Núverandi Sauðaneskirkja var byggð 1889 og er friðuð vegna aldurs.⁷

Samkvæmt gömlu jarðamati telst Sauðanes vera meðaljörð og oftast er hún metin á 20 hdr., t.d. í jarðamati frá 1695.⁸ Jarðardýrleiki er hins vegar óviss 1712.⁹ Jarðamat Sauðaness lækkar talsvert þegar hlutar af jörðinni eru lagðir til með hjáleigum á 18. og 19. öld. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712 er greint frá þremur hjáleigum, Nesi, Litla Sauðanesi

² ÍF I, bls. 286.

³ BG, 403; Í Sturlungu (Guðmundarsögu) segir þá frá atburðum sem gerðust 1220: „Reið Sigvatr þá í burt, en Arnórr nótt síðarr. En Guðmundr biskup fór [frá Þverá norðr yfir Reykjaheiði [ok alt á Sauðanesi, ok gjörði þar vígslur á sæludögum.“ Sturl. I, 277.

⁴ DI II, bls. 425.

⁵ Kirkjur Íslands XXII, bls. 176.

⁶ DI III, bls. 155–156.

⁷ Kirkjur Íslands XXII, bls. 186.

⁸ BL, bls. 305.

⁹ JÁM XII, bls. 373.

(Sauðaneskoti) og Ásseli.¹⁰ Þegar Jarðatal Johnsens er gert 1847 er hjáleigurnar Litla Sauðanes og Ássel orðnar að lögbýlum en Nes er ekki nefnt og hefur það býli sennilega verið komið í eyði þegar Jarðatalið var gert. Við hefur þó bæst hjáleigan Hraunkot. Í Jarðatali Johnsen er jörðin síðan aðeins metin á 12 hdr.¹¹ sem er talsvert undir meðallagi. Enn er búið á Sauðanesi og þar stundaður fjárbúskapur. Gamla prestssetrið á Sauðanesi er komið í vörslu Þjóðminjasafns Íslands og í því er rekið safn.

Syðra-Lón er ekki nefnt í heimildum fyrr en í rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs 1296, þótt líklega hafi jörðin byggst eitthvað fyrr.¹² Í fyrstu voru Syðra-Lón og Ytra-Lón ein jörð, en þeim hefur snemma verið skipt í tvær aðskildar jarðir. Syðra-Lón heitir Guðmundarlón í gömlum heimildum.¹³ Jarðarinnar er alloft getið í fornbréfum, einkum í máldögum Refstaðakirkju í Norður-Múlasýslu og Múlakirkju í Aðalreykjadal.¹⁴ Tilgáta er um að bænhús hafi verið á jörðinni þótt engar ritaðar heimildir eða örnefni geti þess beint en vitað var um fjögur bænhús á Langanesi og er staðsetning þriggja þeirra ókunn.¹⁵

Jarðamat Syðra-Lóns hefur verið nokkuð sveiflukennt í gegnum tíðina og telst hún aldrei vera meira en sámileg meðaljörð. Hæst er jörðin metin á 20 hdr. í jarðamati frá 1692 en lægst fer matið í 12 hdr. í Jarðatali Johnsen frá 1847.¹⁶ Þekktar eru þrjár hjáleigur sem tilheyrðu jörðinni. Hrossavellir eru tilgreindir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1712, en hún sögð „fornt eyðiból.“ Guðlaugarhúsa og Fossvalla er getið sem eyðihjáleiga í Sýslu- og Sóknalýsingum frá 1840¹⁷ og líklega hefur byggð í hjáleigunum hafist eftir að Jarðabókin frá 1712 var gerð. Þar hefur verið búið í skamman tíma og þær lagst í eyði fyrir 1840.

Innan Syðra-Lóns byggðist upp verslunarstaðurinn Þórshöfn. Hafnarinnar þar er fyrst getið í leyfisbréfum erlendra kaupmanna frá 16. öld, en staðurinn verður ekki löggildur verslunarstaður fyrr en seint á 19. öld.¹⁸ Á fyrri hluta 20. aldar reis þar útgerðarþorp sem í dag er þéttbýlasta þorpið í Langanesbyggð. Syðra-Lón er enn í byggð en ekki er lengur búskapur á jörðinni.

¹⁰ JÁM XII, bls. 373.

¹¹ JJ, bls. 346.

¹² DI II, bls. 306, 310.

¹³ Langnesingasaga I, bls. 40.

¹⁴ Eg DI IV, bls. 218; DI IX, bls. 327.

¹⁵ PP III, bls. 317; Orri Vésteinsson Kirknaskrá, óbirt gögn.

¹⁶ JJ, bls. 346.

¹⁷ SSP, bls. 287

¹⁸ Langnesingasaga I, bls. 303–304.

Sóleyjarvellir er ung jörð og eru heimildir fáorðaðar um hana. Hún byggist ekki fyrr en á fyrri hluta 19. aldar og er þá talin hjáleiga annað hvort frá Felli eða Gunnólfsvík í Norður-Múlasýslu. Upphaflega hét jörðin Urðarsel og var sel frá Felli. Jörðin fór síðan í eyði 1959.¹⁹

Brekknaheiði er í útjaðri þessara þriggja ofangreindu jarða og eru gamlar leiðir um heiðina nánast einu minjarnar sem heimildir geta um á úttektarsvæðinu. Grösugar mýrar einkenna landslagið á Brekknaheiði og það kemur því ekki á óvart að flestar skráðar minjar haustið 2019 innan úttektarsvæðis vegna fyrirhugaðrar vegagerðar eru heystæði, leiðir og mógrafir ef frá er talið svæðið sem er næst Þórshöfn í landi Syðra-Lóns lands. Þéttbýliskjarninn í Þórshöfn tók að myndast á fyrstu áratugum 20. aldar og tengjast minjar þar einkum byggðinni í þorpinu á fyrri hluta síðustu aldar.

¹⁹ SJM V, bls. 20.

6 Fornleifar innan úttektarsvæðis

Samtals voru skráðar 56 fornminjar á þremur lögbýlum innan áhrifasvæða veglínanna tveggja sem tekin voru út vegna fyrirhugaðra breytinga á Norðausturvegi (85). Fjórar minjar voru rétt utan svæðis en 15 m friðhelgað svæði í kringum þær lendir innan eða rétt við úttektarsvæðið og er því fjallað um þær í þessari skýrslu. Meiri hluti þeirra minja sem skráðar voru reyndust vera heystæði, leiðir og mógrafir enda er Brekknaheiði sannkallað jaðarsvæði með tilliti til byggðar á svæðinu, landið rís nokkuð hátt og þar er einkum að finna grösugar mýrar og lága grjótása- eða holt. Í töflu 1 hafa skráðar minjar innan úttektarsvæðisins verið flokkaðar eftir hlutverki. Hafa ber þó í huga að undir hverju númeri getur verið fleiri en ein minjaining eins og sést í töflum 2–4.

Tafla 1. Minjaflokkar innan svæðis

Heystæði	Óþekkt	Leið	Mógrafir	Landamerki	Býli	Kálgarður
NM-003:012	NP-112:068	NM-003:015	NP-112:066	NM-003:019	NP-112:065	NP-112:079
NM-003:013	NP-112:069	NP-112:070	NP-112:075	NP-112:067	NP-112:071	
NM-003:016	NP-112:073	NP-112:072	NP-113:054	NP-113:061		
NM-003:017	NP-112:074	NP-651:003	NP-113:056			
NM-003:018	NP-112:076	NP-651:007	NP-113:058			
NM-003:020	NP-112:077	NP-651:009	NP-113:060			
NM-003:021	NP-113:062					
NP-112:078	NP-113:064					
NP-113:057						
NP-113:063						
10	8	6	6	3	2	1

Innan úttektarsvæðisins voru að auki skráðar nokkrar minjar sem ekki hafa náð 100 ára aldri og teljast því ekki til fornminja samkvæmt skilgreiningu laganna. Þessar minjar eiga það sammerkt að vera í landi Syðra-Lóns og tengjast þær byggðinni á Þórshöfn frá fyrstu áratugum 20. aldar (sjá fornleifanúmer NP-112:065, 067, 073). Mikilvægt þótti að skrá þessar minjar þar sem fyrirséð er að þær munu lenda í stórhættu eða hverfa ef til framkvæmda kemur. Sömuleiðis eru minjar skráðar þó að óvissa sé um aldur þeirra eða yfirborðsummerki eru lítil. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar fá minjarnar að njóta vafans og eru teknar á fornleifaskrá.

Umfjöllun um minjarnar er skipt upp í tvo hluta og er fjallað sérstaklega um hvora veglínu fyrir sig og áhrifasvæði hennar. Lýsing á minjum hefst í austri, í landi Sóleyjarvalla og til vesturs. Í töflum 2–4 er listi yfir þær fornleifar sem skráðar voru og er þeim skipt upp eftir því hvort þær lenda innan áhrifasvæðis veglínu C, veglínu D eða veglínu C og D. Til einföldunar er umfjöllun um minjar sem eru innan áhrifasvæðis beggja veglína að finna í kaflanum um veglínu C. Það kemur hins vegar skýrt fram í töflu 4 hvaða minjar eru innan áhrifasvæða beggja veglína. Í viðauka II fylgja kort af svæðunum.

Tafla 2. Veglína C

Samtala	Fjöldi eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Fjarl. frá miðlínu (m)
NM-003:015	1		Gata	Leið	101
NM-003:016	1		Tóft	Heystæði	54
NM-003:021	1		Tóft	Heystæði	110
NP-112:067	2		Varða	Landamerki	28
NP-112:070	1		Gata	Leið	65
NP-112:072	1		Gata	Leið	55
NP-112:074	1		Varða	Óþekkt	55
NP-112:075	3		Náma	Mógrafir	88
NP-113:057	1		Tóft	Heystæði	59
NP-113:061	1		Varða	Landamerki	86
NP-113:062	1		Varða	Óþekkt	63
NP-113:063	1		Tóft	Heystæði	35
NP-113:064	1		Þúst	Óþekkt	8
NP-651:003	1		Heimild	Leið	Óþekkt
17					

Tafla 3. Veglína D

Samtala	Fjöldi eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Fjarl. frá miðlínu (m)
NM-003:019	2		Varða	Landamerki	100
NÞ-112:066	1		Náma	Mógrafir	0
NÞ-112:068	1		Þúst	Óþekkt	96
NÞ-112:069	1		Tóft		9
NÞ-113:054	3		Náma	Mógrafir	99
NÞ-113:056	4		Náma	Mógrafir	5
NÞ-113:058	1		Náma	Mógrafir	68
NÞ-113:059	1		Tóft	Heystæði	34
NÞ-113:060	1		Náma	Mógrafir	0
15					

Tafla 4. Veglína C og D

Samtala	Fjöldi eininga	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Fjarl. frá miðlínu (m)
NM-003:012	1		Tóft	Heystæði	59
NM-003:013	1		Tóft	Heystæði	104
NM-003:017	1		Þúst	Heystæði	84
NM-003:018	1		Tóft	Heystæði	114
NM-003:020	1		Tóft	Heystæði	37
NÞ-112:065	8	Vegamót	Hús	Býli	10
NÞ-112:071	2		Heimild	Býli	85
NÞ-112:073	2		Mannvirki		0
NÞ-112:076	1		Þúst	Óþekkt	50
NÞ-112:077	1		Þúst	Óþekkt	11
NÞ-112:078	1		Tóft	Heystæði	18
NÞ-112:079	2		Gerði	Kálgarður	46
NÞ-651:007	1	Hálsagötur	Heimild	Leið	Óþekkt
NÞ-651:009	1		Heimild	Leið	Óþekkt
24					

Veglína C

Veglína C er um 10 km á lengd. Hún fylgir Norðausturvegi (85) nokkuð á vestasta og austasta hluta en miðhluti hennar liggur að mestu leyti norðan við núverandi veg. Innan áhrifasvæðis veglínuna C fannst 41 fornleif en af þeim voru 24 fornleifar sem einnig eru innan áhrifasvæðis veglínuna D en 17 minjar koma aðeins við sögu út úttekt á veglínuna c (sjá töflu 2 og 4).

Í landi Sóleyjarvalla í Norður-Múlasýslu fundust einkum heystæði, alls sex talsins. Heystæðin eru gjarnan á mörkum grösugrar mýrar og þurrlandis. Tóftir heystæða (NM-003:013, 016, 018) eru tvöfaldar en aðrar (NM-003:012, 020, 021) eru einfaldar. Heystæðistöft 021 er skammt utan við áhrifasvæði veglínunnar en 15 m friðhelgað svæði hennar lendir innan þess og því er hún tekin með í þessa skýrslu. Einnig var skráð gróin þúst (NM-003:017) á austurbakka Geysisrófu. Líklega er hún leifar heystæðis en þó er ekki loku fyrir það skotið að hún sé náttúrumyndun.

Í landi Sóleyjarvalla voru skráðar tvær leiðir. Rétt vestan við Stampa fannst ógreinileg gata (NM-003:015). Engar heimildir geta um leið á þessum slóðum og er óljóst hvert gatan lá. Hún er of breið til þess að vera kindarstígur þótt ekki sé það útilokað. Á Uppdrátt Íslands er merkt leið (NP-651:009) sem liggur milli Hóls (NP-116) í Norður-Þingeyjarsýslu og Gunnólfsvíkur (NM-001) í Norður-Múlasýslu. Leiðin liggur sunnarlega í Vatnadal og yfir áhrifasvæði veglínunnar. Engin ummerki um leiðina fundust á vettvangi en hún er merkt sem óviss gata á uppdrættinum og hafa líklega aldrei verið mikil ummerki sýnileg um leiðina.

Í Sauðaneslandi fundust tvær vörður. Annars vegar varða (NP-113:061) sem er rétt austan við Gunnlaugsá og hefur sennilegast gegnt hlutverki landamerkjavörðu. Í annan stað fannst skófum vaxið vörðubrot (NP-113:062), hlaðið úr 4 steinum ofan á jarðlægan stein, austarlega á grýttum og lágum hálsi. Hlutverk þessara meintu vörðu er ekki þekkt.

Enn fremur var leið (NP-651:003) skráð innan Sauðaneslands. Hún er merkt inn á Uppdrátt Íslands frá 1933 og lá frá Staðarseli (NP-113:005) og að Sóleyjarvöllum (NM-003). Leiðinni er einnig lýst í Sýslu- og sóknalýsingum Þingeyjarsýsla frá 1840. Þar sem leiðin var í landi Sauðaness lá hún um mýrlendi en engin ummerki um hana sást á vettvangi. Sennilega hafa götur á leiðinni horfið að miklu leyti eftir að hún fer úr notkun.

Tvær tóftir, mögulega heystæði, og ein þúst var skráð í landi Sauðaness. Torfhlaðin tóft (NP-113:057) er rétt norðan við Hraunkotsurðir. Hún er á mörkum þurrlandis og grösugrar mýrar og má ætla að hún sé leifar af heystæði út frá lögun og staðsetningu. Enn fremur var tóft (NP-113:063) skráð á vesturjaðri Sauðanessháls. Hún er mikið sigen og var líklega einnig notuð sem heystæði.

Ferköntuð þúst (NP-113:064) er sunnarlega á Staðarhálsi. Ekki er útilokað að hún sé náttúrumyndun. Ekki er vitað um hlutverk þústarinnar og erfitt að segja til um það án frekari rannsókna.

Flestar fornminjar innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar veglínu C voru skráðar í landi Syðra-Lóns, við þéttbýlið á Þórshöfn. Fyrst ber að nefna minjar (NP-112:071) við spennustöð RARIK sem sjást á loftmynd af Þórshöfn frá 1958. Engin ummerki um minjarnar sjást lengur á yfirborði en á myndinni sést greinileg stök tóft (NP-112:071_2) og gerði (NP-112:071_1). Minjarnar minna helst á lítið býli eða stekkatún, en erfitt er segja til um hlutverk þeirra án frekari rannsókna.

Ummerki um grónar götur (NP-112:072) fundust í landi Syðra-Lóns þar sem þær liggja yfir lítið holt í mýrlendi. Götunum var fylgt á 55 m löngum kafla og eru þær mest 0,3 m á breidd og 0,3 m á dýpt. Ekki er útilokað að þær tilheyri Hálsavegi (NP-651:007) sem lá þvert yfir úttektarsvæðin. Nákvæm lega þess vegar er hins vegar ekki þekkt og ekki fundust götur sem hægt var að tengja við leiðina með fullri vissu. Heimild um Hálsaveg (NP-651:007) er skráð. Hálsagötur lágu frá Ytri-Brekum og til Sauðaneskirkju og er götunum lýst sem illum yfirferðar í Sýslu- og sóknalýsingum frá 1840.²⁰ Engin ummerki um Hálsagötur fundust innan úttektarsvæðis 2019. Enn fremur var leið (NP-112:070) skráð meðfram vesturbakka Gunnlaugsár.

Tóft af heystæði (NP-112:078) var skráð rétt sunnan við Norðausturveg (85), í grónum hvammi. Tóftin er mjög sigin og ógreinileg. Að auki voru tvær afgerandi þústir skráðar í landi Syðra-Lóns. Þúst (NP-112:077) er rétt sunnan við núverandi Norðausturveg (85). Hún mjög stór, 25 x 15 m að stærð (austur-vestur) og er um 2,5 m há. Þar hefur sennilegast verið náttúrulegur hóll sem síðan hefur verið byggt á, hóllinn sléttaður og engin ummerki eru greinileg lengur á yfirborði þótt mannvist sé sennilega einhver undir sverði. Sömu leiðis var þúst (NP-112:076) skráð. Hún er rétt suðaustan við íbúðarhúsið Ásgarð (b. 1942). Ekkert er vitað um hlutverk þústanna.

Meirihluti þeirra minja innan jarðarinnar Syðra-Lóns sem skráðar voru vestast á úttektarsvæðinu eru líklega ungar og voru notaðar af íbúum þéttbýlisins á Þórshöfn á fyrri hluta 20. aldar. Torfhlaðinn kálgarður (NP-112:079_1) og áföst tóft (NP-112:079_2) við garðinn eru ANA við spennistöð RARIK. Tóftin var sennilega geymsla fyrir það sem ræktað var í kálgarðinum. Minjarnar eru mikilvæg heimild um matjurtarækt íbúa á Þórshöfn á fyrstu áratugum 20. aldar. Á

²⁰ SSP, bls. 296.

svipuðum slóðum voru enn fremur skráðar mógrafir (NP-112: 075_1) og tvær torfhlaðnar mótóftir (NP-112:075_2–3). Mógrafirnar eru grasigrónar og samansignar. Grafirnar sjást á fyrrgreindri loftmynd frá 1958 og voru þá á stærra svæði. Einnig voru skráðar þrjár ungar vörður. Vörður (NP-112:067_1_2) eru sunnarlega á mosagrónu grjótholti. Þær eru rétt við merkin milli þéttbýlisins Þórshafnar og Sauðaness og hafa mögulega verið hlaðnar til þess að auðkenna landamerki Þórshafnarhrepps á fyrri hluta 20. aldar. Varða (NP-112:074) er rétt austan við suðurjaðar byggðarinnar á Þórshöfn og var hugsanlega hlaðin til dægrastyttingar. Einnig var skráð ung vatnsstöð (NP-112:073_1) og vatnsrör (NP-112:073_2) sem liggur til Þórshafnar. Þær eru merktar inn á uppdrátt Kortadeildar Bandaríkjahers (AMS) frá 1950. Minjarnar eru skráðar sem heimild um vatnsöflun Þórshafnabúa á 20. öld.

Að lokum var íbúðarhúsið Vegamót (NP-112:065_1) skráð og minjar sem því tengjast (NP-112:065_2–8). Húsið Vegamót var byggt 1937 og telst því ekki til friðaðra húsa eða fornminja. Minjarnar sem tengjast húsinu hafa ekki heldur náð nógu háum aldri til að geta talist til fornminja. Ljóst er hins vegar að þær munu víkja vegna vegaframkvæmda og var það ekki síst af þeim sökum sem mikilvægt þótti að skrá þessar minjar með eins nákvæmum hætti og kostur var á. Í sumum heimildum um Vegamót gætir ruglings varðandi nafn hússins. Svo virðist sem bæjarheiti Jaðars, sem var sunnan við Fossá, hafi gjarnan verið notað á húsið Vegamót, t.a.m. í bók um eyðibýli á svæðinu sem út kom 2012.²¹ Hús Vegamóta er einfalt timburhús og er að hruni komið. Á síðastliðnum árum hefur það verið notað sem geymsla.

Veglína D

Veglína D er rúmlega 8 km á lengd. Veglínan fylgir Norðausturvegi (85) á löngum köflum en sveigir frá honum á nokkrum stöðum. Innan áhrifasvæðis fyrirhugaðrar veglínu eru 39 fornleifar en þar af eru 24 fornleifa sem einnig eru innan áhrifasvæðis vegalínu C (sjá töflu 3 og 4) og þegar hefur verið fjallað um. Hér verður því fjallað um þær 15 minjar aðeins eru innan áhrifasvæðis veglínu D.

Varða (NM-003:019_1) og lítil grjóthleðsla (NM-003:019_2) voru skráðar á lágu holti í landi Sóleyjarvalla. Varðan er undir hundapúfu og nærri mörkum milli Norður-Múlasýslu og

²¹ *Eyðibýli á Íslandi* II, bls. 27.

Norður-Þingeyjarsýslu og hefur líklega verið hlaðin sem landamerki. Hleðslan er 15 m suðvestan við vörðuna, ekki er ljóst hvaða hlutverki hún hefur gegnt.

Í landi Sauðaness voru það einkum mógrafir sem fundust á vettvangi. Mógrafir (NP-113:054_1–3) og (NP-113:056_1–4) eru á bökkum lækja skammt vestan við merki milli Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu. Ummerki um mósukurð í mógröfum (NP-113: 054_2–3 og 056_2–3) sjást á bökkum og í farvegum lækjanna og eru grafirnar flestar þurrar og grónar. Við grafirnar eru síðan mannvirki (NP-113:054_1 og 056_1 og _4) sem líklega eru móstæði. Einnig voru skráðar mógrafir (NP-113:058, 060). Þær eru dýpri en fyrrgreindar mógrafir og sums staðar stendur vatn í þeim. Í landi Sauðness var einnig var skráð grjóthlaðið og einfalt heystæði (NP-113:059) ofarlega á Sauðaneshálsi.

Í landi Syðra-Lóns fundust mógrafir (NP-112:060) sem eru utan áhrifasvæðis vegaf framkvæmda en 15 m friðhelgað svæði í kringum minjarnar eru innan þess. Mógrafirnar eru vestan við Gunnlaugsá og eru í blautu sundi á milli tveggja mosagróinna holta. Á þeim stöðum þar sem ekki stendur vatn í þeim eru þær grónar. Einnig voru ógreinilega mógrafir (NP-112:066) skráðar.

Enn fremur var skráð ung tóft (NP-112:069) í landi Syðra-Lóns. Hún er lítil, einföld og torfhláðin og er rétt norðan við Norðausturveg (85). Hvorki er hlutverk hennar né aldur þekktur.

Að lokum var skráð nokkuð greinileg þúst (NP-112:068), í víðfeðmu mýrlendi rétt austan við læk. Þústin er nálæga hringlaga og ekki er loku fyrir það skotið að um stóra fuglaþúfu sé að ræða sem hlaðist hefur upp á stóra þúfu í mýrinni.

Lokaorð

Þær minjar sem skráðar voru innan áhrifasvæða fyrirhugaðra veglína eru allar skilgreindar í stórhættu. Hafa ber í huga að áhrifasvæðin eru talsvert breið og er því rými innan þeirra til að hnika legu vegarins til þess að forðast rask á minjum ef þörf krefur. Það er því líklegt að hægt verði að komast hjá því að raska stórum hluta þeirra minja sem skráðar voru. Þar sem ekki verður hjá því komist að raska minjum við framkvæmdir mun Minjastofnun Íslands skera úr um hvort minjarnar megi víkja og þá með hvaða skilyrðum. Einnig má benda á að þótt engin ummerki séu um minjar á yfirborði þá leynast fornleifar oft undir sverði og því er ekki loku fyrir það skotið að áður óþekktar minjar komi í ljós við vegaf framkvæmdir. Í slíkum tilfellum skal lögum samkvæmt stöðva framkvæmdir og tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands.

Heimildaskrá


- BG:** Jón Þorkelsson og Páll Eggert Ólason. 1919–1942. *Bréfabók Guðbrands byskups Þorlákssonar*. Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- BL:** Björn Lárusson. 1967. *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur, Gleerup.
- Bsk:** *Biskupa sögur gefnar út af hinu íslenska bókmenntafélagi*. I–II. bindi. 1858–1878. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn* I–XV. bindi. 1857–1972. Kaupmannahöfn/Reykjavík, Hið íslenska bókmenntafélag.
- Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Norður-Þingeyjarsýslu, Suður-Þingeyjarsýslu, og Eyjafjarðarsýslu sumarið 2012*. 2012. II. bindi. Unnið af Axel Kaaber, Bergþóru Góu Kvaran, Birki Ingibjartssyni, Hildi Guðmundsdóttur, Olgu Árnadóttur, Sólveigu Guðmundsdóttur Beck, Steinunni Eik Eigilsdóttur og Þuríði Elísu Harðardóttur. Reykjavík, Eyðibýli – áhugamannafélag.
- Guðrún Alda Gísladóttir. 2002. *Menningarminjar í Skeggjastaðahreppi: Svæðisskráning*. FS175-02061. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.
- JÁM:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín XI: Þingeyjarsýsla*. 1943. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].
- JJ:** Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Kaupmannahöfn, [Án útgefanda].
- Kirkjur Íslands XXII:** *Friðaðar kirkjur í Þingeyjarprófastsdæmi II: Garðskirkja, Grenjastaðakirkja, Húsavíkurkirkja, Neskirkja, Sauðaneskirkja, Skinnastaðakirkja, Svalbarðskirkja, Þverárkirkja*. 2013. Margrét Hallgrímsdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Agnes M. Sigurðardóttir og Þorsteinn Gunnarsson (ritnefnd). Reykjavík, Þjóðminjasafn Íslands, Húsfriðunarnefnd, Biskupsstofa, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Minjasafnið á Akureyri, Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi.
- Kortadeild Bandaríkjahers (AMS), Þórshöfn*.
- Langnesingasaga I–II:** Friðrik G. Olgeirsson. 2000. I–II. bindi. *Langnesingasaga*. Reykjavík, Þórshafnarhreppur.
- Loftmynd LMI:** LI239-LI2-9095. 1958. Loftmynd af Þórshöfn.
- Lög um menningarminjar 80/2012*.
- Orri Vésteinsson. á.á. *Kirknaskrá*. Óbirt gögn. Varðveitt á Fornleifastofnun Íslands ses.
- PP:** Sveinn Nielsson. 1869. *Presta tal og prófata á Íslandi*. 2. útgáfa. Kaupmannahöfn, Hið íslenska bókmenntafélag.
- SJM V:** *Sveitir og jarðir í Múlaþingi: Sveitahreppar í Múlasýslum frá Langanesi að Lónsheiði*. 1995. V. bindi. Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon, Þorsteinn Bergsson (ritnefnd). Egilsstaðir, Búnaðarsamband Austurlands.
- SSÞ:** *Þingeyjarsýslur: Sýslu- og sóknalýsingar 1839–1844*. 1994. Ritnefnd: Björn Hróarsson, Heimir Pálsson og Sigurveig Erlingsdóttir. Reykjavík, Sögufélag.
- Sturl:** *Sturlunga saga*. I.–II. bindi. 1946. Jón Jóhannesson, Magnús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík, Sturlungaútgáfan.
- Upplýsingar Íslands 1:1000.000 1933, blað 91 Þistilfjörður*

Hnitaskrá ISN93


Samtala	Austur	Norður
NM-003:012	672016	635143
NM-003:013	671978	635115
NM-003:015	671981	635389
NM-003:016	672462	634337
NM-003:017	672332	635073
NM-003:018	672297	634848
NM-003:019_1	670660	636304
NM-003:019_2	670645	636298
NM-003:020	672008	635174
NM-003:021	671374	636186
NÐ-112:065_1	665584	637611
NÐ-112:065_2	665586	637611
NÐ-112:065_3	665602	637608
NÐ-112:065_4	665589	637595
NÐ-112:065_5	665567	637605
NÐ-112:065_6	665500	637545
NÐ-112:065_7	665601	637563
NÐ-112:065_8	665508	637610
NÐ-112:066	668700	637212
NÐ-112:067_1	668130	638463
NÐ-112:067_2	668112	638449
NÐ-112:068	667518	637743
NÐ-112:069	668143	637386
NÐ-112:070	668427	638252
NÐ-112:071_1	665808	637825
NÐ-112:071_2	665781	637817
NÐ-112:072	666434	638344
NÐ-112:073_1	665843	637635
NÐ-112:073_2	665790	637706
NÐ-112:074	666014	638058
NÐ-112:075_1	665709	637809
NÐ-112:075_2	665748	637797
NÐ-112:075_3	665753	637774
NÐ-112:076	665654	637677
NÐ-112:077	665779	637670
NÐ-112:078	665838	637714
NÐ-112:079_1	665953	637871
NÐ-112:079_2	665942	637877
NÐ-113:054_1	670648	636311
NÐ-113:054_2	670637	636319
NÐ-113:054_3	670652	636334

Samtala	Austur	Norður
NÐ-113:056_1	670455	636229
NÐ-113:056_2	670515	636265
NÐ-113:056_3	670527	636264
NÐ-113:056_4	670525	636271
NÐ-113:057	670573	636950
NÐ-113:058	670178	636675
NÐ-113:059	669509	636937
NÐ-113:060	670183	636593
NÐ-113:061	668583	638282
NÐ-113:062	669861	637630
NÐ-113:063	669154	638193
NÐ-113:064	669371	638150
NÐ-651:003	670730	636813
NÐ-651:007		
NÐ-651:009	672515	635080


Minjakort



Minjar í landi Sauðaness, NP-113



Minjar í landi Syðra-Lóns, NP-112, kort 1 af 2




© Loftmyndir ehf

Skýring

- Skráðar fornleifar
- ▨ Mörk veglínu C
- ▨ Mörk veglínu D



Minjar í landi Syðra-Lóns, NP-112, kort 2 af 2



Norðausturvegur yfir Brekknaheiði á Langanesi

Fornleifaúttekt innan efnistökusvæða



SÓLVEIG GUÐMUNSDÓTTIR BECK

REYKJAVÍK 2023
FS905-22441

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Tóft NM-001:093 af hugsanlegum stekki eða beitarbúsi í landi Gunnólfsvíkur á Langanesi, Norður-Múlasýslu. Horft til suðvesturs. Ljósmynd: Sólveig G. Beck.

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆDRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

Samantekt	4
Summary	4
1. Inngangur	5
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf.....	7
3. Aðferðir við fornleifaskráningu.....	8
4. Fornleifaskrá	10
4.1. NM-001 Gunnólfsvík	10
4.2. NP-112 Syðra-Lón/Guðmundarlón.....	12
5. Samantekt um fornleifar innan efnistökusvæða	16
6. Heimildaskrá	20
7. Hnitaskrá ISN93.....	21

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður fornleifaúttektar sem gerð var fyrir hönd Vegagerðarinnar í tengslum við endurbætur á Norðausturvegi 85 á Langanesi. Vegurinn liggur yfir Brekknaheiði, frá Þórshöfn í vestri yfir í Gunnólfsvík í austri. Tekin voru út níu lítil efnistökusvæði meðfram veginum, eitt rétt suðaustan við Þórshöfn (náma 8), sjö á heiðinni sjálfri (námur 3-4, 6-7 og 9) og þrjú niðri í Gunnólfsvík (námur 1, 2 og 5). Um skráningu á vettvangi sá Sólveig G. Beck í nóvember 2022. Alls voru skráðar fjórar fornleifar í tengslum við tvö efnistökusvæði. Við námu 1 í Gunnólfsvík var skráð tóft NM-001:093 og við námu 3 á Brekknaheiði voru skráðar tvær tóftir NP-112:080-081 og ein varða NP-112:082. Allar fornleifarnar eru skilgreindar í stórhattu vegna fyrirhugaðrar efnistöku.

Efnisorð: fornleifaskráning, Brekknaheiði, Þórshöfn, Norðausturvegur, vegagerð, efnistökusvæði

Summary

This report covers the findings and conclusions of a detailed field survey of nine potential mining sites to be sourced for road construction materials when rebuilding Norðausturvegur road no. 85 on Langanes, Northeast Iceland. The mining sites are located along the old road that leads from Þórshöfn in the west, over Brekknaheiði to Gunnólfsvík in the east. Mining site 8 is just southeast of Þórshöfn, seven sites are on the heath (no. 3-4, 6-7 and 9) and three down in Gunnólfsvík (no. 1, 2 and 5). The survey was carried out in November 2022 by archaeologist Sólveig G. Beck. Four archaeological sites were recorded in connection to mining areas no. 1 (one ruin NM-001:093) and no. 3 (two ruins and a cairn, NP-112:080-082). All archaeological sites are considered to be in great danger due to mining plans within the assessed areas.

Keywords: detailed archaeological survey, Brekknaheiði, Þórshöfn, Norðausturvegur, road construction, mining

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir fornleifaúttekt innan fyrirhugaðra efnistökusvæða (námur 1-9) í tengslum við áætlanir Vegagerðarinnar um endurbætur á Norðausturvegi 85 sem liggur yfir Langanes, frá Þórshöfn í vestri yfir í Gunnólfsvík í austri (mynd 1). Tillögur að nýju vegstæði Norðausturvegar hafa áður verið settar fram af Vegagerðinni og voru áhrifasvæði þeirra tekin út árið 2019 af Elínu Ósk Hreiðarsdóttur, Gylfa Helgasyni og Kristborgu Þórsdóttur hjá Fornleifastofnun Íslands ses.¹ Efnistökusvæðin sem tekin voru út að þessu sinni eru frekar lítil (~0,1-4,2 ha) og eru þau öll staðsett meðfram Norðausturvegi, eitt rétt suðaustan við Þórshöfn (8), sjö á heiðinni sjálfri (3-4, 6-7 og 9) og þrjú niðri í Gunnólfsvík (1, 2 og 5). Vettvangsvinna var unnin í nóvember 2022 af Sólveigu G. Beck, fornleifafræðingi hjá Fornleifastofnun Íslands ses, fyrir hönd Vegagerðarinnar. Sá hún einnig um kortagerð og ritun skýrslu.

Uppbygging skráningarskýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með uppmælingum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan úttektarsvæðanna níu. Í kjölfarið fylgir kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni er svo heimildaskrá og hnitaskrá.

¹ Gylfi Helgason (ritstj.), 2019. FS770-19321.



Mynd 1: Námusvæðin níu sem voru til úttektar meðfram Norðausturvegi á Langanesi. Staðsetning úttektarsvæða er merkt sem grænn punktur á Íslandskorti. Alls voru skráðar fjórar fornleifar á námusvæðum 1 og 3 og eru þær merktar með rauðum punkti. © Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slíppir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir grefrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: NM-001:093). Fornleifaskráin hér að neðan samanstendur af lista yfir allar þær fornleifar og sögulega markverða minjastaði (t.d. herminjar úr seinni heimstyrjöld) sem skráðir voru á vettvangi. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernar greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra frávikum eða minna.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags eða annarra fyrirhugaðra framkvæmdasvæða séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skemmdum í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðskrár Johnsens: **SF:175:009**

Númer fornleifar á tiltekinni jörð: **Sveinshlaða**

Sérheiti: **tóft**

Tegund: **hlaða**

Íllatverkið

Plattstæða í landsmáskrár ISN93: **E: 528751 N: 352323**

Sýsluráki

Sveinshlaða 009, horfi til norðurs

Í ljósmynd af minjastað og uppstilling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihið í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er staðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skalfártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skalfártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað höll eða annað mannvirki og er það torlhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Höllin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en höllin norðvestan við hana. Nokkur hölmýndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Hætta sem stæðjar að fornleif

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Mynd 2: Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

4. Fornleifaskrá

4.1. NM-001 Gunnólfsvík

Sögulegar heimildir

Árið 1847 er jarðardýrleiki 6 hdr. - JJ, 350. Landnám Gunnólfs kroppu, sem er nyrsta landnám í Austfirðingafjórðungi hinum forna: „Gunnólfr kroppa hét maðr, son Þóris hauknefs hersis; hann nam Gunnólfsvík ok Gunnólfsfell ok Langanes allt fyrir utan Helkunduheiði ok bjó í Fagravík [svø].“ - ÍF I, 288. „Vafalítið hefur Gunnólfur tekið land í Gunnólfsvík, sem við hann er kennd. Numinn mun þá hafa verið Finnafjörður, þess vegna hefur Gunnólfur reist bæ sinn austan undir Gunnólfsvíkurfjalli utarlega, þar sem betur naut landrýmis landnámsins. Útskagalandnám má þetta kallast, en næg er þó gagnsemin þar af sjó og landi.“ - HS: Austurland II, 26.

Gunnólfsvíkur er getið í rekaskrá Skálholtsstaðar frá því um 1270: „fyrir Gunnólfsvíkj fiordvngur j hval.“ - DI II, 71 og 74. Ítök Refsstaðakirkju í Vopnafirði skv. máldaga frá árinu 1367: „hval firir Gvnnólfs víjk med slykvm maldaga.“ - DI II, 236. Gunnólfsvík var í eyði þegar Bjarni Pálsson fór um svæðið 1757 skv. Ferðabók Eggerts og Bjarna. - FEB II, 92. Í Gunnólfsvík var tvíbýli og stundum fleirbýli. Þar var löggild verslunarhöfn 1930 en lagðist niður um 1940. Jörðin fór í eyði 1961. - SJM I, 10, 14. Gunnólfsvík II fór í eyði 1952. - SJM V, 20.

Túnakort [í kringum 1920]: Tún 5,9 ha., garðar 342 m². Gunnólfsvík er nyrzta jörð í Skeggjastaðhreppi. „Útvörður Austurlands í norðri, Gunnólfsvíkurfjall ... rís austan við Gunnólfsvíkina upp frá Finnafirði og Bakkaflóa. Suðausturströndin út með fjallinu er sæbrött, neðan til skorin urðargiljum en grasi vaxnir jaðrar á milli ... Gunnólfsvíkin er suðvestan við fjallið ... upp frá sjónum er allvíður skeifulaga dalur með grashjöllum ... Þar standa bæirnir um 1 km upp frá sjó með brekkuhöll og hjalla að baki, en framundan er mýrlendi og móar ofan undir lága sjávarbakka ... upp frá bæ liggur Bjarnardalur i sveig út og norður fyrir Gunnólfsvíkurfjall ... vestan dalsins er hálsatunga ... Landrými er mikið og góðir gripahagar á sumrin, útbeit einnig kjarngóð, þegar ekki eru snjóþyngsli til baga, sem oft vill verða, því landið er skjólsælt fyrir norðanátt og leggur þá skefli. Engjar voru víðlendar og grasgefnar ... en nokkuð votlendar. Túnið var grasgefið, en deiglent og illþýft að hluta ... Fjárgeymsla erfið ... Jörðin hentar þó til búskapar, einkum sauðfjárræktar.“ - SJM I, 14. Hlunnindi: Trjáreki og útræði.


Skráðar minjar

NM-001:093 tóft óþekkt

A: 673625 N: 631771

Greinileg tóft er um 880 m suðvestan við bæjarstæði Gunnólfsvíkur NM-001:001, um 425 m suðaustan við bæjarstæði Sóleyjarvalla NM-003:001, um 200 m austan við Norðausturveg nr. 85, og um 50 m ofan og norðvestan við Bjarnalæk. Tóftin er í jaðri malarholts sem er sundurskorið vegna efnistöku. Blaut, flatlend mýri er fast sunnan og neðan við tóftina sem er í aflíðandi halla til suðurs niður að Bjarnalæk.

Tóftin er tvískipt, um 13 m á lengd, um 8,5 m á breidd og snýr norður-suður. Veggir eru signir og grónir grasi, mosa og lyngi. Þeir eru um 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð að utanverðu, en aðeins 0,2-0,5 m á hæð að innanverðu. Hólfín eru svipuð að stærð þó syðra hólfið sé aðeins minna. Nyrðra hólfið er um 4,5x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA og syðra og neðra hólfið er 3x2,5 m að innanmáli og snýr eins. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en líklega hefur það verið að sunnanverðu. Hlutverk tóftar er óþekkt en af útliti og fjarlægð frá bæ að dæma gæti hafa verið stekkur eða beitarhús. Norðurendi tóftarinnar gæti hafa orðið fyrir skemmdum vegna malarnáms eða malarefni hefur verið ýtt út yfir enda hennar.



0 2.5 5 7.5 10 m

Mynd 3: Tóft 001:093 í landi Gunnólfsvíkur í suðurjaðri námu 1. Horft til suðvesturs. Op inn í nyrðra hólfið á teikningu sýnir hvar umferð búfénadar hefur rofið dæld í vegginn og göturnar sjást vel á ljósmynd.

4.2. NÐ-112 Syðra-Lón/Guðmundarlón

Sögulegar heimildir

Í lok 17. aldar er jörðin eign Hólabiskups og jarðardýrleiki árið 1686 er 16 hdr., 160 ál., og árið 1696: 20 hdr. - BL 1967, 305. Í *Jarðabóke Árna og Páls* árið 1712 er jörðin ennþá Hólabiskupseign og þar segir: „Guðmundar lón, kallast almennilega Syðra lón. Jarðardýrleiki rómast að sjé xii hdr., en enginn veit það nú til vissu hjer nálægur, með því jörðin tíundast ekki sjer í lagi, heldur geldur stólsins umboðsmaður af öllum dómkirkjunnar jörðum hjer innan sóknar xxx álnir til prestsins og xxx álnir til fátækra.“ - JÁM XI, 372. Samkvæmt *Jarðatali Johnsen* árið 1847 er hún orðin bændaeign og jarðardýrleiki 12 hrd. - JJ, 346. Í kirknaskrá Orra Vésteinnssonar segir að líkur bendi til þess að bænhús hafi verið á jörðinni. Í landi Syðra-Lóns var í byrjun 18. aldar eyðihjáleigan Hrossavellir (NÐ-111:028) - JÁM XI, 373. Aðrar þekktar eyðihjáleigur á jörðinni eru Guðlaugarhús (NÐ-111:008) og Fossvellir (NÐ-111:023). Í örnefnaskrá segir svo: „Jörðin var í Sauðaneshreppi , en árið 1946 var Þórshafnarhreppur skipt úr Sauðaneshrepp og er það landareign Syðra-Lóns og með því smásneið af Sauðaneslandi,“ - Ö-Syðra-Lón, 1. Í *Land og fólk* segir um Þórshöfn: „Kauptúnið Þórshöfn var byggt í landi Syðra-Lóns og var í Sauðaneshreppi þar til þorpið var gert að sérstökum hreppi 1946. Árið 1962 keypti Þórshafnarhreppur útmældan hluta úr landareign Syðra-Lóns,“ - *Land og Fólk* 1985, 201.

Í hinu *Íslenska fornbréfasafni* (DI) finnast margar færslur um Syðra-Lón í máldögum, rekaskráum og öðrum skjölum:

1296: Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs - DI II, 306, 310.

1367: Máldagi Refstaðakirkju [NM-064:002] í Vopnafirði - DI III, 235, og 1397 - DI IV, 218.

1461: Máldagi Múlakirkju í Aðalreykjadal - DI V, 283-284.

1463, 2. september: „Jón Eyjólfsson selr Ólafi biskupi Rögnvaldssyni til fullrar eignar jörðina Guðmundarlóni á Langanesi með rekaparti í Dritvík, en Ólafr biskup láti kenna syni Jóns tólfvetra gömum til prests; kvittar og biskup Jón um rekaítök, en Jón galt fyrir sex málnytukúgildi.“ - DI V, 390.

1464, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar bónda síns á jörðinni Guðmundarlóni til Hólakirkju í Hjaltadal.“ - DI V, 421.

1494, 29. júní: „Þóra Guðmundsdóttir samþykkir sölu Jóns Eyjólfssonar á jörðinni Guðmundarlón til Hóladómkirkju.“ - DI VII, 216.

1525: Máldagi Hólabiskupsstóls - DI IX, 294.

1563: Máldagi Múlakirkju - DI XI, 143.

1570 og síðar: Máldagi Refstaðakirkju - DI XV, 677.

Jarðaitök Guðmundarlóns/Syðra Lóns eru einnig nefnd í *Íslenskum fornbréfum* í rekaskrá og máldögum:

1296: Rekaskrá Hólastaðar og Möðruvallaklausturs: „Guðmundarlóns reki. Half flutningh fyrir öllu lóns landi. Fra vordu aa hafua bockum ok til staurs [steins] í holmi í gudmundar lóni. fiordungr ef Rekr. en þaðan fra til steins ov lóns osi toltungr ef Rekr.“ - DI II, 306.

